



„Í fréttum er þetta helst“



Horft um öxl

Yfirskrift ráðstefnunnar var Fjölmólar og kynbátatjóðar og um meðal sér að segja um hlutir og síðir og fjölmólar í ritstjórnarlegu sjálfstæði. Ritstjórnarlegu sjálfstæði er í fleiri málum og í fleiri málum bæði á hendur og gegn og tryggja að inngangur og tryggja að inngangur um minni hluta þess væri gætt hátt um höfði og öðrum samfélagsmálum. Annar minni á fjölmólar gegndu aðhaldshierki gagnvagnstjórnvöldum fyrir hönd innflytjenda eins og annarra samfélagsþjóða þótt raddir þeirra væru



Síðumúli tekinn í gegn

-Tjeningarfrelsi er ekki frekar en önnur frelsisréttindin og ég segir dómstóllinn í þessum sama dóm að fyrir-mæli um að sjóðurinn upplýsi hver sé heimildarmaður að frásögn stríði gegn 10. grein Mannréttindasáttvæla. Eyrðu nema önnur veigaleg sjónarmið eigi við. Slíkar takmarkanir kalli þó á mjög gaumgæfilega athugun.

Í Goodwin málinu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gert gegn sáttmálans. Málavextir voru þeir að William Goodwin,

- **Móðurmáls-sjóðurinn**
- **Borð Valtýs**
- **Á vettvangi háskólanna**



EFNI BLAÐSINS



Umræðan

- 4** Birgir Guðmundsson og Björn Vignir Sigurpálsson: Ritstjórnarlegt sjálfstæði og viðmið BÍ
- 9** Heiðís Lilja Magnúsdóttir: Rétturinn til að gleymast
- 13** Friðrik Þór Guðmundsson: Siðlegir en sveigjanlegir
- 17** Ari Brynjólfsson, Erna Kristjánsdóttir og Gunnar Már Hauksson: Sjónræn framsetning efnis á netinu
- 18** Birgir Guðmundsson: Sveiflur í þróun miskabóta vegna meiðyrðamála

Félagið

- 22** Björn Vignir Sigurpálsson: Af Móðurmálssjóði og stafsetningar-glundroða
- 28** Ragnar Karlsson: Fjölmíðlar á einni mannsævi
- 34** Atli Steinarsson: Af borðum Valtýs og Einars
- 36** Endurbætur í Síðumúlanum

Rannsóknir

- 38** Af vettvangi háskólanna

Útgefandi: Blaðamannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).

Prófarkalestur: Bragi V. Bergmann (bragi@fremri.is)

Útlitshönnun: Ásprent

Prentun: Ásprent

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155

Bréfsími 553-9177

Netfang **bi@press.is**

Heimasíða BÍ **www.press.is**

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.00-16.00.

Starfsmenn BÍ eru Hjálmar Jónsson, formaður, og Jóna

Th. Viðarsdóttir, skrifstofustjóri.



Forsíðumyndin

er af Margréti Indriáadóttur, fyrrum fréttastjóra Hljóðvarps en málþing henni til heiðurs var haldið í Útvarpshúsinu við Efstaleiti á dögnum. Myndina tók Atli Rúnar Halldórsson, fyrrum fréttamaður og samstarfsmaður Margrétar.

„Blaðamennska er þjónusta við land og þjóð“

Í minningarkveðju 12. júní árið 1979 frá Morgunblaðinu til Árna Óla, eins af fyrstu almennu blaðamönnum landsins og þeim sem hvað lengst starfaði sem slíkur, segir að hann hafi talið að „blaðamennska væri þjónusta við land og þjóð.“ Í dag hefðu sjálfsgagt flestir orðað þessa hugsun sem svo að trúnaður blaðamanna væri við almenning og almannahag en ekki sérhagsmuni, hvorki eigenda né annarra. „Blöðin eiga að vera andlegir leiðtogar, en ekki trúðar, eins og svo oft vill brenna við – ekki sízt nú um stundir. Þau eru nokkurs konar háskóli daglegs lífs,“ var haft eftir Árna Óla í Morgunblaðskveðjunni.

Af þessum orðum má ráða að á Íslandi hafi lengi verið blaðamenn sem töldu starf sitt mikilvægt landi og þjóð, sem starf í þjónustu almennings. Sú þjónusta hins vegar hafi ekki einvörðungu falist í því að skemmta og vera fólki dægradvöl, heldur ekki síður – og raunar öllu heldur – að vera uppsetta vandaðra upplýsinga og grundvöllur marktækrar umræðu hversdagsins, „eins konar háskóli daglegs lífs.“

Í þeim öru breytingum og hraðfara þróun sem orðið hafa í fjölmiðlun á umliðnum árum er mikilvægt að staldra aðeins við og íhuga stöðu blaðamennskunnar, hvort kjarni hennar eða hlutverk hefur breyst á einhvern hátt eða hvort samfella er í þeim grunnigildum sem einkenna blaðamennsku. Í slíkri skoðun skiptir miklu máli að þekkja fortíðina, sögu stéttarinnar og þau gildi sem blaðamenn fyrri áratuga höfðu í hávegum, ekki síður en að þekkja til samtímans og þeirra strauma og stefna sem einkenna fjölmiðlun á stafrænum tímum. Samfélagsaðstæður í dag eru gjörólíkar því sem þær voru þegar Árne Óla hóf störf á Morgunblaðinu í árdaga þess. Tækni, verkfæri, samskiptaleiðir og væntingar lesenda voru allt aðrar fyrir hundrað árum en þær eru í dag. Enginn blaðamaður getur í dag starfað af einhverju viti án þess að kunna skil á grundvallaratriðum þeirrar tækni sem almennt er notuð, en þótt fjölmiðlataekni sé önnur nú en áður, þá er mikilvæg samfella í blaðamennskunni. Blaðamennskan er þjónusta við land og þjóð, þjónusta við almenning. Það er þetta mikilvæga þjónustuhlutverk sem hefur ekki breyst. Kannski má einnig segja að áhyggjur af gæðum þjónustunnar sé einnig viðvarandi, en athugasemd Árna Óla um trúðshlutverkið kallast á við það sem í dag er jafnan skilgreint sem skemmtanavæðing fjölmiðlanna.

Í þessu hefti af Blaðamanninum er teft saman efni úr hringiðum samtímans og sögulegum rötum blaðamannastéttarinnar á Íslandi. Blaðamenn hafa í gegnum áratugina verið hreyfiafl og iðulega látið til sín taka. Eitt fyrsta dæmi um slíkt er einmitt blaðamannastafsetningin, sem miðaði að því að samræma rithátt á íslensku og útrýma þeim „stafsetningarglundroða“ sem tíðkaðist. Það er mikilvægt að samtök blaðamanna haldi arfleið sinni og sögu til haga, samhliða því að ræða þau mál sem brenna á stéttinni í samtímanum. Slík samtímamál eru mörg og tengjast meðal annars dómaframskýrðum í tjáningarfrelsisráðum, ritstjórnarlegu sjálfstæði og réttinum til að gleymast í samfélagi hinna alltumlykjandi gangnabanka. Þekking og umræða um fortíð og nútíð er einmitt lykillinn að því að blaðamenn geti sem best þjónað landi og þjóð, þjónað almenningi.

Birgir Guðmundsson

STJÓRN BLAÐAMANNNAFÉLAGS ÍSLANDS

Aðalstjórn:

Hjálmar Jónsson, form.
Óli Kristján Ármannsson, Fréttablaðið, varaform.
Egill Ólafsson, Morgunblaðið, gjaldkeri
Sólrun Lilja Ragnarsdóttir, DV, ritari
Rakel Ósk Sigurðardóttir
Helga Arnardóttir, RÚV
Höskuldur Kári Schram, Stöð 2

Varamenn:

Ingveldur Geirsdóttir, Morgunblaðið
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, Birtingur
Trausti Hafliðason, Viðskiptablaðið

Samningaráð:

Hjálmar Jónsson, formaður BÍ
Óli Kristján Ármannsson, varaform.
Guðni Einarsson, Morgunblaðið
Rakel Ósk Sigurðardóttir
Höskuldur Kári Schram, Stöð 2
Kolbeinn Þorsteinsson, DV

Varamenn:

Lilly Valgerður Pétursdóttir, Stöð 2
Fríða Björnsdóttir
Erla Hlynsdóttir, Fréttatíminn

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Björn Vignir Sigurpálsson, formaður
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir
Kári Jónasson
Arna Schram
Svanborg Sigmarsdóttir

Menningar- og orlofshúsasjóður:

Fríða Björnsdóttir, formaður
Lúðvík Geirsson
Hilmar Karlsson

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

Stjórn Styrktarsjóðs:

Arndís Þorgeirsdóttir
Hjálmar Jónsson
Lilly Valgerður Pétursdóttir

Varamenn:

Baldur Guðmundsson
Guðni Einarsson
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Siðanefnd BÍ:

Björn Vignir Sigurpálsson, form.
Hjörtur Gíslason blaðamaður, varaform.
Fríðrik Þór Guðmundsson,
blaðamaður og stundakennari við HÍ
Ásgeir Þór Árnason hrl., fulltrúi útgefanda
Róbert H. Haraldsson, fulltrúi Siðfræðistofnunar HÍ

Varamenn:

Jóhannes Tómasson, fyrrv. blaðamaður
Valgerður Jóhannsdóttir, fyrrv. fréttamaður
Sigríður Árnadóttir, fyrrum fréttastjóri

Ritstjórnarlegt sjálfstæði og viðmið BÍ



Tveir meginþættir

Alþingi hefur undirstrikað mikilvægi ritstjórnarlegs sjálfstæðis með sérstakri grein í fjölmiðlalögum þar sem reynt er að tefla fram atriðum til að tryggja að það sé virt. Svipaðar hugmyndir er að finna í ýmsum ályktunum og samþykktum frá Evrópuráðinu og víðar. En umræðan er og á að vera viðvarandi enda viðbúið að jafnvægi tapist sofni menn á verðinum. Í september stóðu Blaðamannafélagið og Fjölmiðlanefnd fyrir málþingi um ritstjórnarlegt sjálfstæði þar sem farið var yfir stöðu mála í ljósi umræðunnar sem skapast hafði. Segja má að í umræðunum hafi tvennt komið í ljós varðandi eðli og mikilvægi hugmyndarinnar um ritstjórnarlegt sjálfstæði sem ástæða er til að halda sérstaklega til haga á þessum vettvangi.

Það fyrra var mikilvægi ritstjóra og afstöðu þeirra varðandi sjálfstæði ritstjórna. Eðli málsins samkvæmt hefur kastljósið einmitt beinst að hlutverki ritstjórans þar sem sviptingarnar á 365 og DV hafa beinst að ritstjóraskiptum á þessum miðlum og stöðu ritstjóranna gagnvart eigendum og jafnvel að ritstjóra sem eiganda.

Seinna atriðið sem þarna kom inn í umræðuna var hlutur ritstjórnanna sjálfra, blaðamannanna sem skrifa/útbúa fréttir og annað ritstjórnarefni. Ritstjórnir lúta vissulega yfirstjórn ritstjóra (eða annarra yfirmanna) en þær eru hins vegar lífrænar skipulagsheildir, gagnrýnið þekkingarsamfélag sem ólíklegt er að sætti sig við stjórnun með tilskipunum.

Umræðan á málþinginu endurspeglar kjarna málsins varðandi ritstjórnarlegt sjálfstæði á Íslandi og rímar vel við hvernig Blaðamannafélagið hefur nálgast hlutverk sitt í þessum efnunum. Því er heppilegt tilefni nú að fara yfir það sem félagið hefur gert og skýra tilurð leiðbeinandi reglna sem félagið hefur birt og þeirra sjónarmiða sem þar liggja að baki.

Aðdragandi reglna

Ástæður fyrir því að BÍ fór út í að setja saman leiðbeinandi plagg um ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðla voru tvenns konar. Annars vegar sú að það er beinlínis ætlast til þess í 24. grein fjölmiðlalaganna að þessar reglur skuli mótaðar í samráði við starfsmenn og fagfélög þeirra eða samtök og hins vegar að þegar leið að gildistöku fjölmiðlalaganna fóru að berast til skrifstofu Blaðamannafélagsins fyrirspurnir frá ýmsum hinna smærri fjölmiðla, ekki síst staðar-

Umræðan um ritstjórnarlegt sjálfstæði íslenskra fjölmiðla hefur orðið nokkur á þessu hausti í kjölfar umtalsverðra sviptinga í ritstjóra- og ritstjórnarfyrirkomulagi á tveimur stórum og mikilvægum fjölmiðlum, 365 og DV.

Umræðan hefur edlilega beinst að hugmyndinni um frjálsa blaðamennsku, hlutverki blaðamanna og því hvort peningaöfl í samfélaginu geti stjórnað fréttamati og umræðu mikilvægra fjölmiðla og þar með vegið að rótum upplýsingakerfis lýðræðisins. Að talsverðu leyti snýst vandinn um tefla saman tveimur þáttum sem ekki fara alltaf saman. Annars vegar að halda uppi gildum frjálsrar og faglegrar blaðamennsku sem ekki er endilega rekstrarlega hagkvæm og hins vegar að fjölmiðlakerfið byggist á markaðsmiðlun þar sem fjölmiðlafyrirtækin þurfa að taka mið af rekstrarforsendum og arðs til þeirra sem í þeim fjárfesta. Eigendur fjölmiðlafyrirtækja eiga eins og aðrir fyrirtækja-eigendur edlilegan rétt, samkvæmt landslögum og þeirri hugmyndafræði sem þjóðfélagið byggir á, til að stýra og hafa áhrif á starfsemi í fyrirtækjum sínum. Hins vegar búa þeir við þá sérstöðu að trúnaður hluta starfsmanna þeirra er ekki og á ekki að vera fyrst og fremst við fyrirtækið eða eigendurna, heldur við fólk úti í bæ, almenning. Þessi sérstaða fjölmiðlafyrirtækja er sífelld uppspretta árekstra, krefst mikillar jafnvægislistar og tekur jafnan á sig fjölbreyttar myndir á hinum ýmsu tímum og ólíkum fjölmiðlum. Dæmi haustsins frá DV og 365 voru áberandi og umtöluð en gera má ráð fyrir að jafnvægislistin um ritstjórnarlegt sjálfstæði sé iðkuð á öllum fréttamiðlum í einhverjum mæli flesta daga þó svo að slíkt nái sjaldnast inn í opinbera umræðu.



Frá málþingi BÍ og Fjölmiðlanefndar í september. Frá hægri: Fundarstjóri var Arna Schram en í pallborði sátu Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, Þórður Snær Júlíusson, Sævar Freyr Práinsson, Hallgrímur Thorsteinsson og Elfa Ýr Gylfadóttir.

blöðunum á landsbyggðinni, um það hvernig þau ættu að bregðast við ákvæðunum um ritstjórnarlegt sjálfstæði miðlanna og hvort Blaðamannafélagið ætti ekki eða gæti látið útbúa einhvers konar viðmið í þessa veru sem þessir minni miðlar gætu byggt sínar reglur á.

Í 24. grein fjölmiðlalaganna er auðvitað dregið fram með nokkuð skýrum hætti eftir hverju er verið að leita, þ.e. að fjallað skuli um:

- starfsskilyrði viðkomandi efnisstjóra, blaða- og fréttamanna ritmiðla og hljóð- og myndmiðla við að framfylgja ritstjórnar- eða dagskrárstefnu fjölmiðlaveitunnar,
- starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði viðkomandi efnisstjóra, blaða- og fréttamanna gagnvart eigendum fjölmiðlaveitunnar,
- og skilyrði áminningar og uppsagnar viðkomandi efnisstjóra og blaða- og fréttamanna.

Hins vegar er ætlast til að meira kjöt verði sett á beinin. Í það verkefni fóru þeir Sigurður Már Jónsson, þáverandi varaformaður BÍ og Birgir Guðmundsson, hvor í sínu lagi til að byrja með, en köstuðu síðan drögum á milli sín í tölvupósti. Niðurstaðan var satt að segja ótrúlega samhljóða, og margt að því sem þar kom fram er að finna í því plaggi sem að lokum endaði á heimasíðu félagsins sem eins konar skapalón eða forskrift fyrir þá miðla sem vilja nýta sér það. Plaggið er að sjálfsgöðu jafnframt yfirlýsing af hálfu félagsins um hvaða og hvers konar atriði það telur mikilvægt að setja inn í reglur af þessu tagi.

Ýmis grunnildir

Björn Vignir Sigurpálsson var jafnframt beðinn um að koma að þessu verki vegna þess að ekki löngu áður hafði hann að gefnu tilefni, þ.e. vegna hugsanlegrar endurskoðunar á siðareglum blaðamanna, lagst í þá vinnu að fara yfir starfs-

og siðareglur allra norrænu blaðamannafélaganna auk reglna bresku Press Complaints Commission í því augnamiði að kanna hvort þar væri að finna eitthvað sem vantaði inn í siðareglur BÍ.

Auðvitað var í þessum reglum öllum sitthvað að finna varðandi ritstjórnarlegt sjálfstæði með einum eða öðrum hætti sem undirliggjandi grunnildi faglegrar blaðamennsku. Samt er ekkert sérlega mikið að finna af beinni skilgreiningu á því hvað ritstjórnarlegt sjálfstæði táknar. Til að mynda er umfjöllunin um ritstjórnarlegt sjálfstæði á wikipediu, alfræðiorðabókinni á Netinu, bara stubbur og hljóðar svo:

Editorial independence is the freedom of editors to make decisions without interference from the owners of a publication. Editorial independence is tested, for instance, if a newspaper runs articles that may be unpopular with its advertising clientele.

Í lauslegri þýðingu – „Ritstjórnarlegt sjálfstæði er frelsi ritstjóra til að taka ákvarðanir án afskipta eigenda útgáfufyrirtækis. Á ritstjórnarlegt sjálfstæði reynir þegar til dæmis dagblað birtir grein sem getur verið í óþökk auglýsanda í viðskiptamannahópi blaðsins.“

Svo sem allt rétt en heldur snubbótt.

Það er síðan umhugsunarvert að sú lýsing á ritstjórnarlegu sjálfstæði sem oft er vitnað til er sótt í eitt virtasta sérfræðirit heims á sviði læknávisinda en ekki blaðamennsku eða fjölmiðlafræði:

“Problems arise when editors publish material that offends powerful individuals or groups, but that’s exactly why editorial independence is needed. Journals should be on the side of the powerless not the powerful, the governed not the governors. If readers once hear that important, relevant, and well argued articles are being suppressed or that articles are published simply to fulfill hidden political

agendas, then the credibility of the publication collapses – and everybody loses.”

(British Medical Journal, 2004)

Eða eitthvað á þessa leið í íslenski þýðingu:

„Vandræðin upphafast þegar ritstjórar birta efni sem kemur við kaunin á valdamiklum einstaklingum eða hópum, en það er einmitt ástæðan fyrir því að þörf er á ritstjórnarlegu sjálfstæði. Blöð eiga að taka sér stöðu meðal hinna valdalausna, ekki hinna valdmiklu, með þeim sem er stjórnad, ekki þeim sem stjórna. Hafi lesendur þó ekki sé nema einu sinni spurnir af því að mikilvægar og vel rökstuddar greinar, sem skipta máli, hafi verið stöðvaðar eða greinar séu birtar einfaldlega til uppfylla dulinn pólitískan boðskap, þá hrynur trúverðugleiki útgáfunnar – **og allir tapa.**“

Þetta munu kanadíska blaðamannasamtökin m.a. hafa gert að eins konar mottói sínu.

Norskir ritstjórar

Á áður nefndri yfirreið um regluverk blaðamannasamtaka nágrannalöndanna varð meðal m.a. fyrir samkomulag milli

sambands norskra ritstjóra og norskra fjölmiðlaveitna um réttindi og skyldur ritstjóra. Þetta er um margt merkilegt plagg og er óhætt að segja að það hafði nokkur áhrif á endanlega útgáfu viðmiðunarreglnanna um ritstjórnarlegt sjálfstæði eins og þær birtast á heimasíðu Blaðamannafélagsins. Þessi samningur er upphaflega frá árinu 1953 en endurskoðaður 1973 og aftur 2004. Enginn samningur af þessu tagi er til staðar hér á landi, enda engin samtök ritstjóra til og heldur ólíklegt að svo verði í náninni framtíð.

Eins og sjá má á í rammanum hér að neðan er tekið á ýmsum grundvallargildum blaðamenskunnar í yfirlýsingu og hlutverki ritstjóra í að framfylgja þeim, – gildum á borð við að það að styðja skoðanafrelsi, hlutlæg og frjáls skipti upplýsinga og skoðana, og tryggja aðgreiningu upplýsinga og staðreynda annars vegar og skoðana og álits blaðsins hins vegar.

Í þriðju málsgreininni er áréttað að gert sé ráð fyrir að ritstjóri sé í grundvallaratriðum fylgjandi skoðunum og tilgangi útgáfunnar. En þar fyrir utan eigi ritstjórinn að hafa frjálsar hendur í að leiða ritstjórnina og vinnuna sem þar fer fram og hafa fullt frelsi til að móta skoðanir blaðsins, jafnvel þótt

RIGHTS AND DUTIES OF THE EDITOR

This declaration is a joint document agreed upon by The Association of Norwegian Editors and The Norwegian Media Business Association:

An editor shall always keep in mind the ideal purpose of the media. The editor shall promote the freedom of opinion and in accordance with the best of his/her abilities strive for what he/she feels serves society.

Through his/her medium the editor shall promote an impartial and free exchange of information and opinion. The editor shall nurture a type of journalism that makes it clear to the reader what is reporting and submission of information and facts, and what is the opinions and judgements of the newspaper.

An editor is expected to share the fundamental views and aims of his/her publication. But within this framework the editor is entitled to a free and independent leadership of the editorial department and editorial work and full freedom to shape the opinions of the paper even if they in single matters are not shared by the publisher or the board. If the editor finds himself/herself in irreconcilable conflict with the fundamental views of the medium, the editor is obliged to resign. The editor must never allow himself/herself to be influenced to advocate opinions that are not in accordance with the editor's own conviction.

The editor carries the judicial responsibility for the paper, and has the full and personal responsibility for the contents of the newspaper. The editor directs and is responsible for the activity of the members of the editorial department and is the link between them and the publisher/board. The editor may delegate authority in accordance with his/her credentials.

Réttindi og skyldur ritstjóra

Eftirfarandi er sameiginleg yfirlýsing Samtaka norskra ritstjóra og Samtaka fjölmiðlafyrirtækja í Noregi.

Ritstjóri skal ætíð hafa í huga háleitan tilgagn fjölmiðla. Ritstjórinn á að vinna að tjáningarfrelsi og eftir bestu getu berjast fyrir því sem hann/hún telur að þjóni sem best samfélaginu.

Í gegnum fjölmiðil sinn stuðlar ritstjórinn að óhlutdrægum skoðanaskiptum og flæði upplýsinga. Ritstjórinn gætir þess að blaðamennskan komi því greinilega á framfæri við lesandur hvenær um er að ræða frásögn af staðreyndum eða mikilvægum upplýsingum og hvað eru skoðanir og ályktanir blaðsins sjálfs.

Þess er vænst af ritstjóra að hann deili sömu lífs- skoðun og grundvallarsjónarmiðum og útgáfan. En innan þess ramma er ritstjórinn frjáls og sjálfstæður í því hvernig hann stýrir ritstjórn sinni og ritstjórnarvinnu og hefur óbundnar hendur um útfærslu á stefnu miðilsins og skoðanir, jafnvel þótt þær skoðanir og stefna í einstökum málum séu ekki þær sömu og útgefandans eða stjórnar fyrirtækisins. Telji ritstjóri að hann sé mjög ósammála í grundvallaratriðum stefnu útgáfunnar, á ritstjórinn að segja starfi sínu lausu. Ritstjóri má aldrei láta til leiðast að tala fyrir skoðunum eða sjónarmiðum sem eru ekki í samræmi við sannfæringu hans.

Ritstjórinn ber réttarfarslega ábyrgð á blaði sínu, og er að öllu leyti persónulega ábyrgur fyrir innihaldi þess. Ritstjórinn stýrir og er ábyrgur fyrir störfum ritstjórnar og er tengiliður milli hennar og útgefenda eða stjórnar. Ritstjóri getur deildt völdum sínum og ábyrgð til millistjórnenda í samræmi við það umboð sem hann hefur.

Ritstjórnarlegt sjálfstæði

Ritstjórnarlegt sjálfstæði er einn af hornsteinum faglegrar blaðamennsku. Í lögum um fjölmiðla nr. 38 frá 20. apríl 2011, grein 24, segir að fjölmiðlaveitur skuli setja sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði í samráði við fagfélög starfsmanna. Blaðamannafélag Íslands leggur áherslu á að eftirfarandi verði hluti af slíkum reglum:

1. Eigendur og sérhagsmunir

Ritstjórnarlegt sjálfstæði felst í frelsi ritstjóra til að taka ákvarðanir án afskipta frá eigendum eða stjórnendum fjölmiðlaveitna, enda eru ritstjórar ráðnir til að framfylgja grundvallarsjónarmiðum og markmiðum eigenda og stjórnenda viðkomandi fjölmiðlaveitu. Allar reglur um samskipti forsvarsmanna fjölmiðlaveitna og ritstjóra ættu að vera tiltækar starfsmönnum

Það er stefna fjölmiðlaveitu að í umboði ritstjóra hafi starfsmenn á ritstjórn sem heild fullt ritstjórnarlegt sjálfstæði. Í því felst að þeir þurfa ekki að taka tillit til skoðana eða hagsmuna eigenda eða viðskiptamanna miðilsins, ef síðareglur BÍ, samviska þeirra og sannfæring segir þeim að ekki sé rétt að gera slíkt. Blaða- og fréttamanni verður ekki gert að vinna verkefni sem stangast á við sannfæringu hans eða samvisku eða teljast niðurlægjandi. Blaða- og fréttamaður tekur ekki við verkefnum frá öðrum en yfirmönnum á ritstjórn.

Blaða- og fréttamenn eiga rétt á að vera upplýstir um það, verði umræða um skrif þeirra meðal eigenda eða stjórnenda fjölmiðlaveitu. Eigendum og stjórnarmönnum fjölmiðlaveitu er óheimilt að hafa afskipti af einstökum fréttaskrifum eða ræða þau beint við viðkomandi blaðamenn, heldur skulu mál af því tagi ávallt tekin upp við ritstjóra fjölmiðlaveitunnar.

2. Ritstjórnarstefna

Ritstjórnarlegt sjálfstæði tekur mið af og takmarkast af ritstjórnarstefnu blaðsins, og séu verkefni þau sem blaða- og fréttamanni er falið að vinna sannanlega innan ramma skilgreindrar og yfirlýstrar ritstjórnarstefnu, ber honum að sinna þeim og ekki vinna gegn þeim. Ritstjóri og yfirmenn á ritstjórn eru ábyrgir fyrir túlkun og framkvæmd ritstjórnarstefnu og þeirra túlkun á stefnunni og forgangsröðun verkefna, er það sem gildir í daglegu starfi.

3. Starfsskilyrði ritstjórnar

Blaða- og fréttamönnum ber að fá aðstöðu og tíma til að setja sig inn í mál og að þeir séu ekki sendir á vettvang án þess að hafa verið upplýstir um aðstæður og gefinn kostur á að setja sig inn í mál fyrirfram. Þeir skulu alla jafna fá tækifæri til að vinna mál á þann hátt sem þeir telja réttast og nota þau efnistösk sem þeir telja best án sérstakrar leiðsagnar yfirmanna, nema þess sé óskað. Hins vegar ræður fréttamat yfirmanna og túlkun á því hvemig og hvað er endanlega birt.

Blaða- og fréttamenn fjölmiðlaveitu hafa fullan tilögurétt þegar kemur að því að velja sér efni og úrvinnslu þess. Sé frétt eða nálgun blaða- og fréttamanns í tilteknu máli breytt í veigamiklum atriðum á viðkomandi blaða- og fréttamaður rétt á skýringu yfirmanns á breytingum.

4. Skilyrði uppsagnar

Ekki er hægt að segja upp starfsmanni án skriflegrar skýringar. Gildir það undatekningarlaust hver svo sem ástæða uppsagnar er og eru slíkar skýringar ekki einkamál blaðamanns og útgefanda nema blaðamaður óski þess sérstaklega.

þær séu í einhverjum atriðum ekki í anda skoðana útgefanda eða stjórnar. Telji ritstjóri sig kominn í óásættanlega andstöðu við grundvallarstefnu miðilsins, ber honum að segja af sér. Og ritstjóri má aldrei láta það henda sig að tala fyrir sjónarmiðum sem ganga þvert á sannfæringu hans.

Loks er tiltekið að ritstjóri sé samkvæmt lögum ábyrgðarmaður blaðsins, og beri fulla og persónulega ábyrgð á efni blaðsins, Hann stýrir og er ábyrgur fyrir vinnu starfsmanna ritstjórnar og er milliliður milli þeirra og útgefanda og/eða stjórnar. Og ritstjóri getur dreift völdum svo sem þurfa þykir.

Viðmiðunarreglur BÍ

Segja má að andi þessa norska samkomulags svífi yfir vötnum í þeim leiðbeinandi reglum sem eru á heimasíðu Blaðamannafélagsins í þeim hluta sem snýr að ritstjórum. Áherslan á vald ritstjóra sést strax í fyrstu grein um eigendur og sérhagsmuni: „Ritstjórnarlegt sjálfstæði felst í **frelsi ritstjóra** til að taka ákvarðanir án afskipta frá eigendum eða stjórnendum fjölmiðlaveitna enda eru ritstjórar ráðnir til að framfylgja grundvallarsjónarmiðum og mark-

miðum eigenda og stjórnenda viðkomandi fjölmiðlaveitu.“ Því næst í næstu málsgrein: „Það er stefna fjölmiðlaveitu að **í umboði ritstjóra** hafi starfsmenn á ritstjórn sem heild fullt ritstjórnarlegt sjálfstæði.“ Þá kemur í síðustu málsgrein fyrsta liðar: „Eigendum og stjórnarmönnum fjölmiðlaveitna er óheimilt að hafa afskipti af einstökum fréttaskrifum eða ræða þau beint við viðkomandi blaðamenn heldur skulu mál af því tagi ávallt tekin upp við **ritstjóra** fjölmiðlaveitunnar.“ Loks segir í annari grein um ritstjórnarstefnu: „**Ritstjóri** og yfirmenn á ritstjórn eru ábyrgir fyrir túlkun og framkvæmd ritstjórnarstefnu og þeirra túlkun á stefnunni og forgangsröðun verkefna, er það sem gildir í daglegu starfi.“

Í sem skemmstu máli getum við sagt að í viðmiðunarreglum BÍ sé ritstjórum færð mikil völd en ekki að ósekju. Þeir eru ráðnir af eigendum eða stjórnendum fjölmiðlaveitu á grundvelli einshvers konar hugsjónalegs eða hugmyndafræðilegs samnefnara. Ritstjórinn mótar síðan framkvæmdina eða útfærsluna á ritstjórnarstefnunni í þeim anda og verður um leið hliðvörður hins ritstjórnarlega sjálfstæðis, milliliðurinn eða stuðpúðinn milli eigenda eða stjórnenda

og þessa ríkis í ríkinu sem ritstjórnin er innan fjölmiðlaveitnanna. Ritstjórnin er því í lykilhutverki í varðstöðunni um ritstjórnarlegt sjálfstæði.

Mikivæg atriði

Umræða haustsins um ritstjórnarlegt sjálfstæði og raunar fyrri umræða um ritstjórnarlegt sjálfstæði meðal fjölmiðlafólks beindi athygli þess að stöðu stéttarinnar og jafnvel því hvort í einhverjum tilfellum sé staða hennar orðin svo veik að hún yti beinlínis undir sjálfsritsköðun. Þetta er hinn meginþátturinn í spurningunni um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Ákvæði 24. greinar Fjölmiðlalaga um ritstjórnarlegt sjálfstæði voru sett með stuðningi Blaðamannafélagsins þó félaginu hafi vissulega verið ljóst að útfærsla þess kynni að vera vandasöm, að erfitt gæti reynst að fylgja því eftir og tryggja að ekki verði farið í kringum þau ákvæði sem í reglunum eru sett.

Frá sjónarhóli Blaðamannafélagsins var það einkum tvennt í þessum reglum sem skipti máli.

Annars vegar það sem segir í 1. málsgrein 24. greinar að reglurnar skuli „mótaðar í samráði við viðkomandi starfsmenn og fagfélög þeirra eða samtök.“ Með þessu ákvæði sé tryggt að Blaðamannafélagið eigi aðkomu að málinu og að starfsmenn á tilteknum ritstjórnnum þurfi ekki að standa sjálfir frammi fyrir yfirmönnum sínum og eigendum við að sjóða slíkar reglur saman.

Hitt atriðið sem skipti miklu máli út frá sjónarhóli Blaðamannafélagsins eru ákvæði um starfsskilyrði blaða- og fréttamanna við að framfylgja ritstjórnar- eða dagskrárstefnu viðkomandi fjölmiðils, þá starfshætti sem eiga að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði gagnvart eigendum og síðast en ekki síst skilyrði áminningar og uppsagnar blaðamanna og yfirmanna á ritstjórnnum.

Spyrja má hvers vegna Blaðamannafélagið hafi lagt áherslu á þessi atriði á sínum tíma. Svarið er í raun einfalt. Í fyrsta lagi er auðveldara fyrir félagið sem slíkt að vera í forsvari við gerð þessara samninga en einstaka félagsmenn. Í öðru lagi er það lykilatriði að hafa uppsagnar- og áminningarferli í opnum og fastmótuðum farvegi þannig að geðþótti eða sérhagsmunir geti síður ráðið ferðinni í slíkum málum.

Sjónarmiðið sem hér liggur að baki er að gera eigendum og stjórnendum erfiðara fyrir um að reka fólk án mál-efnalegra skýringa og þannig koma í veg fyrir „refsiaðgerðir“ ef blaðamaður fylgdi frekar eigin sannfæringu um sannleikann en því sem hentar hagsmunum útgefenda hverju sinni. Vissulega er aldrei að fullu hægt að tryggja að ritstjórnarlegt frelsi einstaka blaðamanna sé virt, en það er heldur ekki endilega eina markmiðið, heldur frekar að reisa ákveðnar girðingar og gera erfiðara að áminna eða segja upp starfsfólki og tryggja að ef til slíkra úrræða er gripið liggja fyrir skýringar sem hægt sé að gera opinberar. Þessi hluti viðmiðunarreglnanna er mjög mikilvægur til að tryggja að ritstjórnin sem sérstakt þekkingarsamfélag – sem hér á undan var kölluð „ríki í ríkinu“ – hafi einhverja formlega og

skráða staðfestingu á sérstöðu sinni. Slíkt styrkir stöðu ritstjórnarinnar sem hóps fagfólks, ekki bara gagnvart eigendum og utanaðkomandi hagsmunum, heldur líka gagnvart yfirmönnum og endanlega ritstjóra – sem ekki eru eingöngu yfirmenn heldur jafnframt kollegar í tilteknu fagi.

Fagråd BÍ

Eftirlit og þátttaka í setningu regnla um ritstjórnarlegt sjálfstæði á hinum ýmsu fjölmiðlum er þannig samkvæmt Fjölmiðlalögum sameiginlegt verkefni starfsmanna og Blaðamannafélagsins og þó svo að frumskyldan hljóti að liggja hjá starfsmönnum tiltekins fjölmiðils að fylgjast með þessum málum, þá má segja að félagið hljóti að hafa þarna hönd í bagga. Þar með bætist við verkefnalistann sem forusta félagsins og starfsmenn þess þurfa að sinna, því að huga verður að þessum atriðum með reglulegum hætti. Reglurnar á að endurskoða á árlega og sú spurning kom því upp hvort Blaðamannafélagið þyrfti því ekki að formfesta eftirfylgnina með þessum málum á einhvern hátt.

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands í apríl 2013 samþykkti ályktun um að fela stjórn félagsins að myndað yrði sérstakt fagråd undir forustu varaformanns félagsins. Meginhlutverk þessa fagráðs á að vera að taka á móti nýjum faglegum verkefnum sem félaginu ber að taka að sér, m.a. í tengslum við breytt lagaumhverfi og nýja stöðu fjölmiðla og blaðamanna í landinu. Fram kom að meðal verkefna þessa nýja fagráðs er að hafa eftirlit með og taka við ábendingum sem snerta reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Eftir því sem næst verður komist hafa engar ábendingar eða athugasemdir verið gerðar um ritstjórnarlegt sjálfstæði og í raun eru áhöld um hversu mikið samráð er í raun haft við starfsmenn og Blaðamannafélagið um gerð þeirra regnla sem lögin kveða á um. Félagið hefur gefið út þær leiðbeinandi reglur sem hér hefur verið fjallað um og víða hafa þær verið fyrirmynd að reglum einstakra miðla – sérstaklega á smærri miðlum. Í slíkum tilfellum má segja að lagaákvæðum um „samráð við fagfélag“ hafi verið fylgt. Það er hins vegar áleitnari spurning hvort og að hve miklu leyti starfsmenn hafa litið til hins nýlega fagráðs BÍ þegar þessar reglur eru endurskoðaðar eða þegar þær voru settar. Eins og áður segir er það sameiginleg ábyrgð Blaðamannafélagsins og félagsmanna sjálfrá að fylgja þessum málum eftir. Hugsanlegt er að BÍ setji aukinn mannskap og krafta í að ganga lengra en þegar hefur verið gert með því að setja upp þá umgjörð og þau viðmið sem til eru. Slíkt kann þó bæði að vera óþarflega tíma- og fjárfrekt. Önnur leið væri að kynna úrræðin betur fyrir félagsmönnum og starfandi blaðamönnum og fá þá til að vera virkari í að kalla eftir liðsinni fagráðsins og láta vita ef vandamál eru til staðar. Að mati þeirra sem þetta skrifa væri það mun farsælli leið og árangursríkari. En hvort heldur sem er, virðist brýnt að þessi umræða sé viðvarandi en gjósi ekki upp á eins til tveggja ára fresti en hverfi nánast alveg þess á milli.

Rétturinn til að gleymast

og áhrif hans á tjáningarfrelsi fjölmiðla

Á vordögum féll grundvallardómur Evrópudómstólsins í svokölluðu Google-máli, þar sem fjallað var um réttinn til að gleymast. Google tapaði málinu og hefur niðurstaða dómsins verið umdeild. Hér fjallar Heiðís Lilja Magnúsdóttir, lögfræðingur hjá fjölmiðlanefnd, um hugmyndafræðina á bak við réttinn til að gleymast og áhrif hans á tjáningarfrelsi fjölmiðla.

Gleymaska; að atburðir fortíðar falli í gleymsku, er hið sjálfgefna ástand. Okkur er auðvelt og eðlislægt að gleyma. Fyrir tilstilli fjölmiðla, bókmennta, myndlistar, ljósmynda og kvikmynda hefur okkur reyndar tekist að festa í minni tiltekin atriði úr lífi okkar og sögu mannkyns. En við munum ekki allt. Til dæmis munum við væntanlega ekki hvað við fengum í hádegismat mánudaginn 21. maí 2007 eða hverju við flettum upp á netinu fimm árum síðar.

En jafnvel þótt við munum ekki allt, þá muna aðrir fyrir okkur: Google, Amazon, Facebook og fleiri. Jafnvel þótt Facebook-reikningnum sé eytt eru myndir og upplýsingar geymdar áfram. Jafnvel þótt flugið til Barcelona sé ekki bókað eru upplýsingar um netleitina vistaðar og oft líður ekki á löngu þar til auglýsingar um flug og gistingu í Barcelona taka að birtast á tölvuskjánum, eins og fyrir einskæra tilviljun.

Nútímatækni gerir fyrirtækjum kleift að varðveita upplýsingar um löngu liðna atburði í tölvuskýjum, í músarsmellsfjarlægð. Persónuupplýsingar



Hús Mannréttindadómstólsins í Strassborg.

eru orðnar eftirsóttur og verðmætur gjaldmiðill á rafrænum markaði og viðskipti með þær skipta milljörðum.¹ Á sama tíma hafa vaknað spurningar um forræði netnotenda yfir eigin persónuupplýsingum.

Rétturinn til að gleymast er ættaður úr persónuverndarlöggjöf Evrópusambandsins og felur í sér rétt einstaklinga til að láta fjarlægja eigin persónuupplýsingar, þar á meðal af netinu, þegar þær hafa þjónað tilgangi sínum og þegar fólk krefst þess í málefnalegum og skýrt yfirlýstum tilgangi. Rétturinn tengist þeirri hugmyndafræði að eilíft líf upplýsinga sem geymdar eru á netinu stríði gegn eðlislægri tilhneigingu manna til að gleyma.

Þetta snýst um að tryggja að fólk sé stýrt forritunum í snjallsímanum þínum viti

ekki meira um líf þitt en fjölskylda þín. Þetta snýst um að afborganir af tryggingunum þínum hækki ekki í hvert skipti sem þú slærð inn sjúkdómsheiti í leitarvél. Þetta snýst um að myndir af þér á tóningsárum verði ekki aðgengilegar á netinu að eilífu.

-Viviane Reding, þáverandi aðstoðarframkvæmdastjóri Evrópusambandsins, um drög framkvæmdastjórnar ESB að almennri reglugerð um vernd persónuupplýsinga og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, frá 25. janúar 2012.²

Eðli netsins er slíkt að auðvelt er að valda óbætanlegum skaða á augabragði. Það sem eitt sinn er komið á netið getur verið erfitt eða jafnvel ómögulegt að fjarlægja – og þessu vill framkvæmdastjórn Evrópusambandsins breyta. Um þessar mundir stendur yfir endurskoðun á persónuverndartilskipun 95/46/EB sem ís-

¹ Sam Schechner, „Online Privacy Could Spark U.S.-EU Trade Rift“ (The Wall Street Journal) <<http://online.wsj.com/news/articles/SB10001424052702304361604579291041878017398>> skoðað 10. mars 2014.

² Viviane Reding, „A data protection compact for Europe“ (European Union, 28. janúar 2014) <http://europa.eu/rapid/press-release_SPEECH-14-62_en.htm> skoðað 16. apríl 2014.

lensku persónuverndarlögin eru byggð á. Lögð hafa verið drög að nýrri reglugerð um persónuvernd, sem Evrópuþingið samþykkti í mars sl. Tilgangurinn er meðal annars að stemma stigu við brotum á friðhelgi einkalífs og færa einstaklingum ríkari ráðstöfunarrétt yfir eigin persónuupplýsingum.

Í reglugerðardrögunum er skýrara ákvæði um réttinn til að gleymast, en í núgildandi lögum. Með því að löggesta og skýra réttinn til að gleymast er leitast við að koma í veg fyrir að atvik fortíðar fái óeðlilega mikið vægi í nútíðinni. Að efni sem birst hefur um börn á netinu hafi til dæmis ekki slæm áhrif á fullorðinsár þeirra. Þannig á að draga úr líkum þess að afgangur og mistök í fortíð fylgi fólki um aldur og ævi eins og stafrænt brennimerki. Hugmyndafræðin er jafnframt sú að undirstrika að persónuupplýsingar séu eign einstaklingsins en ekki fyrir-tækjanna sem safna þeim.

Google-málið

Þann 13. maí sl. komst Evrópudómstóllinn að þeirri niðurstöðu í svokölluðu *Google-máli*³ að almennur réttur til að gleymast væri fyrir hendi í núgildandi lögum og tæki til leitarvéla á netinu. Málið snerist um Spánverjann Mario Costeja González, sem vildi láta eyða af netinu tilkynningu um fjárnám sem gert hafði verið hjá honum fyrir mörgum árum. Tilkynningin birtist á prenti í blaðinu *La Vanguardia* 1998 en eftir að blaðasafn þess var skannað yfir á stafrænt form og birt á netinu varð hún aftur aðgengileg í gegnum leitarvélar. Blaðið varð ekki við beiðni González um að fjarlægja tilkynninguna og fór hann þá fram á það við Google árið 2009 að hlekkir á hana yrðu fjarlægðir úr leitarniðurstöðum tengdum nafni hans. Persónuverndarstofa Spánar úrskurðaði að Google bæri að verða við ósk González en málinu var áfrýjað og í kjölfarið leitaði Hæstiréttur Spánar forúrskurðar

Evrópudómstólsins. Niðurstaðan var sú að Google teldist ábyrgðaraðili í skilningi laganna og bæri að eyða hlekkjum á leitarniðurstöðurnar. Dómurinn kom mörgum á óvart, enda hafði Lögsögumaður Evrópudómstólsins komist að þveröfugri niðurstöðu ári áður.

Skilyrði þess að hlekkir á persónuupplýsingar verði fjarlægðir samkvæmt Evrópudómstólum eru að upplýsingarnar séu viðkvæmar, ófullnægjandi, óviðeigandi eða ekki lengur viðeigandi, eða óhóflegar í ljósi þess tilgangs sem vinnsla þeirra var upphaflega ætlaður og í ljósi þess tíma sem liðið hefur. Þá er einnig skilyrði að um persónuupplýsingar sé að ræða, þ.e. upplýsingar um einstaklinga, og því geta lögaðilar, t.d. fyrirtæki eða sveitarfélög, ekki borið réttinn fyrir sig.

Fréttamenska undanþegin gildissviðinu

Mikilvægt er að taka fram að fréttamenska er undanþegin gildissviði persónuverndarlaga og þar með réttinum til að gleymast. Því er ekki hægt að fara fram á að fréttamiðlar eyði upplýsingum úr gagnagrunni sínum á þeim grundvelli. Hið sama gildir um bókmenntalega og listræna starfsemi, sagnfræðirannsóknir og fleiri svið.

Þetta er grundvallarmunurinn á réttinum til að gleymast og franskættuðum frænda hans, *droit à l'oubli*, eða réttinum til ómínnis, sem beinist aðallega að fjölmiðlum. Réttur til ómínnis gengur út á að glæpamenn geti óskað eftir eins konar rafrænni syndaaflausn eftir að hafa afplánað dóm sinn, þ.e. farið fram á að nöfn þeirra verði afmáð úr fjölmiðlaumfjöllun um glæpinn. Samsvarandi réttur er fyrir hendi í þýskum lögum og var m.a. beitt í dómsmáli hálfbræðranna Werlé og Lauber árið 2009. Bræðurnir vildu láta afmá nöfn sín úr umfjöllun netmiðla um morð þeirra á þekktum leikara 1993. Málið vannst á fyrsta dómstigi en tapaðist fyrir þýska stjórnлага-

dómstólum sem sagði fjarlægingu nafnanna brjóta gegn stjórnarskrárvörðu tjáningarfrelsi fjölmiðla og að Werlé og Lauber yrðu að þola brot á friðhelgi einkalífs upp að ákveðnu marki.⁴

Þótt fréttamiðlum beri ekki að afmá efni á grundvelli réttarins til að gleymast þýðir niðurstaða Evrópudómstólsins að réttur almennings til upplýsinga skerðist til muna. Í framkvæmd þýðir þetta að þótt frétt fjölmiðilsins fái að standa óbreytt verður hlekkurinn sem vísar á hana í netleitinni falinn. Þetta getur t.d. átt við um sannar en úreltar upplýsingar, sem fjölmiðli var upphaflega heimilt að birta.

Þess má geta að tími hefur almennt ekki áhrif á undanþágu fréttamiðla frá gildissviði laganna. Þannig gæti fjölmiðill, sem birtir persónuupplýsingar í fullum rétti, vísað í undanþágu vegna fréttamennsku tíu árum eftir birtingu og enn verið undanskilinn reglum tilskipunarinnar og hinnar væntanlegu reglugerðar.

Tjáningarfrelsið og hagsmunir almennings

Gagnrýnt hefur verið að með Google-dómi Evrópudómstólsins séu tjáningarfrelsisbrot og sögufalsanir heimilaðar, þar sem leitarvélum verði gert að fjarlægja hlekkir á sannar, sögulegar staðreyndir. Þessu megi líkja við ritskoðun og rafrænar bókabrennur, í anda bókabrenna nasista 1933.⁵

Í þessari umræðu vegast á grundvallarmannréttindin friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsi. Stjórnarskrárvorinn réttur til friðhelgi einkalífs sætir takmörkunum vegna tjáningarfrelsis sem varið er í 73. gr. stjórnarskrár og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Oft getur verið erfitt að finna hið fullkomna jafnvægi á milli friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsis. Persónuupplýsingar eru til dæmis misviðkvæmar og vekja mismikinn áhuga almennings. Ljósmynd af gangandi vegfarendum á Ingólfstorgi gengur augljóslega ekki

³ Mál C-131/12, Google Spain SL og Google Inc. gegn spænsku Persónuverndarstofunni og Mario Costeja González.

⁴ BGH 01.02.2011 - VI ZR 345/09 (Kölner Stadtanzeiger, ksta.de); 01.02.2011 - VI ZR 346/09 (Frankfurter Allgemeine Zeitung faz.net); 01.02.2011 - VI ZR 114/09 (Süddeutsche Zeitung sz-online.de); 10.04.2010 - VI ZR 245/08 & 246/06 (morgenweb.de); 15.12.2009 - VI ZR 227/08 & 228/08 (Deutschlandradio); nóvember 2009 - VI ZR 217/08 (rainbow.at).

⁵ Peter Fleischer, „Book Burning, updated for the Digital Age“ <<http://peterfleischer.blogspot.com/2012/11/book-burning-updated-for-digital-age.html>> skoðað 15. apríl 2014.



Heiðdís Lilja Magnúsdóttir, lögfræðingur hjá fjölmiðlanefnd.

eins nærri friðhelgi einkalífs og kynlífsmyndband. Á sama máta hefur almenningur mismikinn áhuga á ólíkum tegundum persónuupplýsinga: myndband af alþingismanni að þiggja mútur væri til dæmis líklegra til að vekja meiri áhuga almennings en ljósmyndir frá Skagfirðingakvöldi á skemmtistaðnum Spot.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur við skýringar á markalínunni milli friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsis lagt mikið upp úr því hvort sú tjáning sem um ræðir feli í sér framlag til samfélagsumræðu sem varði hagsmuni almennings.

Sömu sjónarmið koma fram í Google-dómi Evrópudómstólsins sem telur að við mat á því hvort afmá eigi upplýsingar af netinu verði að líta til þess hvort þær varði hagsmuni almennings. Slíkt hagsmunamat fari eftir edli persónuupplýsinganna,

hversu viðkvæmar þær séu og hversu mikill áhugi almennings sé á því að fá þær. Sá áhugi fari síðan fyrst og fremst eftir því hlutverki sem hinn skráði gegnir á opinberum vettvangi. Verður þessi niðurstaða Evrópudómstólsins ekki skilin öðruvísi en svo að svokallaðar opinberar persónur þurfi frekar að sæta því að persónuupplýsingar um þær séu aðgengilegar á netinu, í óþökk þeirra sjálfra.

Þar vísar dómstóllinn til þess að opinberar persónur; frægt fólk, stjórnálmenn, kóngafólk, auðmenn, tónlistarmenn og aðrir sem eru áberandi í þjóðlífinu hafa þurft að sæta því að um einkamál þeirra sé að einhverju leyti fjallað á nærgöngullí hátt í fjölmiðlum en gengur og gerist um almenna borgara.⁶ Um þetta má vísa til fjölmargra dóma, þ. á m. síðari Karólínudóms Mannréttindadómstóls Evrópu⁷, og máls blaðamannsins

Bjarkar Eiðsdóttur gegn Íslandi, þar sem Mannréttindadómstóllinn sagði að með því að hefja rekstur nektardansstaðar hefði þáverandi eigandi Goldfinger gengið inn á opinberan vettvang þar sem hann mátti búast við óvæginni gagnrýni. Þar væru þolmörk fyrir því hvað talist geti ásættanleg gagnrýni víðari en í tilvikum almennra borgara eða venjulegra starfsmanna.⁸

Ritskoðað internet?

Google brást fljótt við dómi Evrópudómstólsins í vor og setti upp eyðublöð á heimasíðu sinni, þar sem Evrópubúar geta óskað eftir því að hlekkir á tiltekna persónuupplýsingar verði afmáðir af netinu. Hafni Google þeirri beiðni getur fólk kært niðurstöðuna til innlendrar eftirlitsstofnunar á sviði persónuverndar sem hefur heimild til að sekta fyrirtækið. Þess má geta að ef ný reglugerð Evrópusam-

⁶ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (Háskólaútgáfan 1997) 119-120.

⁷ *Von Hannover gegn Þýskalandi* App no. 40660/08 og 60641/08 (ECtHR, 7. febrúar 2012)

⁸ *Björk Eiðsdóttir g. Íslandi* App no. 46443/09, 68. mgr. (ECtHR, 10. júlí 2012).

bandsins tekur gildi verða sektar-greiðslur hækkaðar verulega, allt að 100 millj. evra eða 5% af árlegri veltu fyrirtækja.

Google er ekki dómstóll, opinber eftirlitsstofnun eða úrskurðarnefnd, heldur einkafyrirtæki. Með dómi Evrópudómstólsins var þessu einka-fyrirtæki því fært mikið vald í hendur. Fulltrúar Google eru komnir í þá stöðu að þurfa að ákveða hvaða upplýsingar eigi að vera aðgengilegar á netinu og hverjar ekki. Stöðu sem þeir sjálfir kæra sig ekkert um. Þetta fyrirkomulag gerir miklar kröfur til þeirra sem óvíst er hvort þeir geta staðið undir, enda fer matið eftir aðstæðum hverju sinni og dómafordæmi eru lítil sem engin.

Varhugavert er að fulltrúar einka-fyrirtækja fari með svo mikil völd í samfélaginu, þar sem slíkt fyrirkomulag getur leitt til ritskoðunar og óeðlilegrar íhlotunar í tjáningarfrelsi. Sú lausn að gera Google og aðrar net-leitarvélur ábyrgar fyrir því að eyða efni af netinu hefur meðal annars þá hættu í för með sér að fyrirtækin eyði fleiri upplýsingum en nauðsynlegt er, til að forðast sektargreiðslur, en það hlýtur að teljast andstætt viðteknum gildum í lýðræðislegu samfélagi.

Til að bregðast við þessari óvæntu stöðu ferðast ráðgjafanefnd Google nú um Evrópu og fundar með sérfræðingum úr háskólasamfélaginu, fjölmiðlum, eftirlitsstofnunum og fleirum. Tilgangurinn er að kalla eftir umræðu um það hvernig best sé að túlka réttinn til að gleymast og beita honum, í ljósi niðurstöðu Evrópudómstólsins í vor. Fundir nefndarinnar eru sendir út á vefsvæði Google og eru aðgengilegir á slóðinni www.google.com/advisorycouncil. Þetta ferðalag var talið nauðsynlegt, meðal annars í ljósi þess að leiðbeiningar Evrópudómstólsins í Google-dómnum eru takmarkaðar. Dómurinn tekur til

dæmis ekki á sjónarmiðum um lög-sögu eða landamæri, sem verður að teljast óheppilegt, með hliðsjón af eðli netsins. Í framkvæmd hefur Google túlkað dóminn þannig að fyrirtækinu beri eingöngu að eyða hlekkjum á evrópskum útgáfum Google, eins og google.es og google.is en ekki af bandarísku útgáfunni, google.com. Þannig sætir rétturinn strax miklum takmörkunum.

Krökur á móti bragði

Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Google, frá 16. október sl. hafa fyrirtækinu borist tæplega 150 þúsund beiðnir þar sem óskað er eftir að rúmlega 505 þúsund hlekkir verði fjarlægðir úr leitarniðurstöðum. Flestar beiðnirnar koma frá Frakklandi, Þýskalandi og Bretlandi. Alls hafa 93 tenglar á leitarniðurstöðum um fólk sem tengist Íslandi verið fjarlægðir. Fyrirtækinu hafa borist 282 beiðnir frá fólk sem tengist Íslandi og 124 beiðnir frá fólk, búsettu á Íslandi. Í rúmlega 33% tilvika hefur Google orðið við þessum beiðnum.⁹

Google hefur raunar gengið mjög langt í að eyða gögnum frá því að dómurinn féll og tilgátur eru uppi um að það sé með vilja gert, til að ala enn frekar á andstöðu við dóm Evrópudómstólsins og hina nýju reglugerð ESB, sem Ráðherraráðið hefur enn ekki samþykkt. Þá hefur Google haft þann háttinn á að tilkynna fjölmiðlum hvaða hlekkir á efni þeirra hafa verið fjarlægðir, út frá sjónarmiðum um gagnsæi en hugsanlega einnig í þeirri von að fjölmiðlar fjalli um málið.

Andmælaréttur fjölmiðla, réttur til að andmæla eyðingu hlekkja, er takmarkaður en þó eru dæmi um að Google hafi endurbirt hlekkir eftir andmæli frá fjölmiðlum, sbr. hlekk á frétt The Guardian sem var endurbirtur í sumar.¹⁰

Í einhverjum tilfellum hafa fjölmiðlar gripið boltann og brugðist við slíkum

tilkynningum með því að skrifa nýjar fréttir í mótmælaskyni. Þar er iðulega fjallað um þá staðreynd að hlekkir á tiltekið efni hafi verið fjarlægðir – og með fréttinni er birtur nýr hlekkur á efnið sem átti að „gleymast“. Sem dæmi fékk breska blaðið The Worcester News nýverið tilkynningu frá Google um að hlekkur á jákvæða myndlistargagnrýni í blaðinu hefði verið fjarlægður að beiðni listamannsins Dan Roach. Myndin sem birtist með gagnrýninni var sögð af byrjendaverki, sem listamanninum þætti ekki nógu vel heppnað og vildi hann því fá hlekkinn á greinina fjarlægðan. Listamaðurinn nagar sig líklega í handarbökin núna því The Worcester News var ekki lengi að skrifa nýja frétt um málið.¹¹ Inni í þeirri frétt var að sjálfsögðu hlekkur á gömlu fréttina og myndin af listaverkinu birt á ný. Byrjendaverkið „gleymist“ því væntanlega ekki í bráð.

Ekki liggur beinlínis í augum uppi að hugmyndin um réttinn til að gleymast sé framkvæmanleg, með hliðsjón af þeim óráviðáttum sem netið hefur að geyma. Með lögfestingu og skýringu hans má þó segja að Evrópusambandið syni ákveðna viðleitni í þá átt að færa almenningi forræði yfir eigin persónuupplýsingum og hvernig með þær er farið á netinu.

Eins og að framan hefur verið rakið felur rétturinn til að gleymast í sér tæknilegar, lagalegar og pólitískar áskoranir sem varða hagsmuni og grundvallarréttindi almennings. Rétturinn er þó ekki fullkomlega skýr og mörgum spurningum er enn ósvarað. Hvort netnotendur geti í raun afneitað fortíð sinni í faðmi regluverks Evrópusambandsins er því ennþá of snemma að fullyrða.

Grein þessi er að hluta byggð á meist-araritgerð höfundar í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík 2014.

⁹ „Transparency Report, European privacy requests for search removals“ (Google, 16. október 2014) <<http://www.google.com/transparencyreport/removals/europeprivacy/?hl=en>> skoðað 17. október 2014.

¹⁰ Lizzy Dearden, „Google reverses decision to remove news article links after censorship claims over ‘right to be forgotten’“ (The Independent, 4. júlí 2014) <<http://www.independent.co.uk/life-style/gadgets-and-tech/news/google-reverses-decision-to-remove-news-article-links-after-censorship-claims-over-right-to-be-forgotten-9583318.html>> skoðað 22. október 2014

¹¹ David Cosgrove, „Dan Roach in EU right-to-be-forgotten plea to Google over old picture“ (Worcester News, 10. september 2014) <http://www.worcesternews.co.uk/news/11465274.Dan_s_plea_to_Google_about_the_art_he_d_rather_you_forgot/> skoðað 17. október 2014

Íslenskir blaðamenn:

Siðlegir en sveigjanlegir



Eftir
Friðrik Þór
Guðmundsson

Siðareglumál íslenskra blaðamanna hafa verið í deigluinni á undanförunum árum, eða frá því að Endurskoðunarnefnd hin fyrri skilaði af sér tillögum að nýjum siðareglum árið 2009 og þar til á aðalfundi Blaðamannafélags Íslands (BÍ) árið 2011, þar sem tekist var á um tvenns konar tillögur að breyttum siðareglum; tillögur frá Endurskoðunarnefnd hinni síðari og tillögur frá 31 blaðamanni. Á þeim aðalfundi tókst ekki að afgreiða málið en ágreiningnum vísað til sáttanefndar, sem að því ég best veit hefur aldrei komið saman – og endurskoðun siðareglanna því að óbreyttu fyrir bí. Rétt er að taka fram að ofangreindur ágreiningur nær ekki til þess hvort siðareglur eigi almennt að gilda fyrir stéttina eða hvort siðanefnd eigi að vera starfandi – þessi tvö atriði virðast óumdeild. Eins er rétt að hafa í huga að ofangreindur ágreiningur er ekki séríslenskt fyrirbæri að því leyti að alþjóðlegur samanburður á siðareglum blaða- og fréttamanna leiðir einmitt í ljós að mikil áhersla er víðast hvar á „áþreifanleg“ atriði eins og áreiðanleika upplýsinga, að afflytja ekki sann-

leikann, á hlutlægni, upplýsingarétt almennings, á vinnulag við öflun upplýsinga, á trúnað við heimildarmenn og að virða beri friðhelgi einkalífsins. En mjög misjafnleg langt er hins vegar gengið í því að setja fram ákvæði sem telja má „huglæg“ – svo sem um hlutverk fjölmiðla í samfélaginu.

Inn í þessa stöðu er kærkomið að rýna í niðurstöður hinnar alþjóðlegu rannsóknar *Worlds of journalism* (WOJ), en Ísland tók þátt í þessari rannsókn í fyrsta skiptið árið 2012. Frumniðurstöður liggja fyrir um svör íslensku blaðamanna, en enn vantar heildarniðurstöður til að geta borið hin íslensku svör saman við samtímasvör frá öðrum löndum. Eldri svör erlendis liggja hins vegar fyrir sem gefa möguleika á vissum samanburði. Alls 350 blaða- og fréttamenn voru í úrtakinu, en 182 (52%) svöruðu í heild. Af þeim sem tóku þátt í könnuninni voru karlar 65% en konur 35%. Karlarnir voru að meðaltali 42 ára, með 14 ára starfsreynslu og 16% þeirra með MA-gráðu, þar af 13% sérstaklega á sviði blaðamennsku eða fjölmiðlafræði. Konurnar voru að meðaltali 36 ára, með 8 ára starfsreynslu og 31% þeirra með MA-gráðu, þar af 33% sérstaklega á sviði blaðamennsku eða fjölmiðlafræði.

Í spurningakönnun voru meðal annars lagðar fram 15 fullyrðingar um siðferðileg álitamál og óskað svara um hvort blaða- og fréttamenn séu sammála, ósammála eða taki ekki afstöðu. Þrjár fyrstu fullyrðingarnar lúta að siðferði almennt en hinar lúta að ýmsum óhefðbundnum vinnubrögðum.

Gildi siðferðilegra grundvallarreglna

Þessar þrjár fullyrðingar eru: (1) „Siðferði í blaða- og fréttamennsku er aðstæðubundið“, (2) „Siðferði í blaða- og fréttamennsku er persónubundið“ og (3) „Það er í lagi að sniðganga siðareglur ef mjög sérstakar aðstæður krefjast þess“.

Íslensku blaða- og fréttamennirnir svöruðu öllum þessum fullyrðingum á keimlíkan hátt. Tæplega 62% svara kváðust ósammála fyrstu fullyrðingunni, tæplega 25% kváðust sammála, en 14% svöruðu „hvorki/né“. Ef eingöngu er horft til þeirra sem tóku ákveðna afstöðu er skiptingin 71% á móti 29%. Öruggur meirihluti var því fyrir því að aðstæður eigi ekki að hafa áhrif á ákvarðanatöku í siðferðilegum álitamálum. Fullyrðing 2 er náskyld hinni fyrstu og felur í sér hvort blaða- og fréttamenn geti sjálfir og persónulega lagt mat á hvar siðferðileg mörk liggja í starfi þeirra og framsetningu upplýsinga. Um 61% svara kváðust ósammála fullyrðingunni, en tæplega 25% voru henni sammála og 15% svöruðu hvorki/né. Ef eingöngu er horft til þeirra sem tóku ákveðna afstöðu er skiptingin, eins og að ofan, 71% á móti 29%. Sterkur meirihluti var því fyrir því að persónulegt mat blaða- og fréttamanna eigi ekki að hafa áhrif á ákvarðanatöku í siðferðilegum álitamálum, en að fjórðungur sé á annarri skoðun getur fráleitt talist lágt hlutfall. Svörin við fullyrðingu 3 voru mjög í anda fyrri svara. Fjórðungur svara kváðust sammála, en rúmlega 56% ósammála (19% hvorki/

né). Ef eingöngu er horft til þeirra sem tóku ákvæðna afstöðu er skiptingin mjög í anda fyrri svara, 70% á móti 30%.

Þessa útkomu má bera saman við niðurstöður WOJ (Hanititch, 2011). Blaða- og fréttamenn eftirfarandi ríkja skila svipuðu eða lægra hlutfalli stuðnings við fullyrðingu 1: Tyrkland (17%), Þýskaland (26%), Brasília (27%) og Bandaríkin (29%). Hins vegar er hlutfallið mun hærra í flestum öðrum ríkjum WOJ-rannsóknarinnar, allt frá um það bil 40-45% í Austurríki, Egyptalandi, Rúmeníu og Sviss upp í yfir 71% í Kína og 69% í Rússlandi. Minnst fylgi við fullyrðingu um persónubundið siðferði mældist í Bandaríkjunum (12%), Þýskalandi (14%) og Ástralíu (19%), en 20% í Brasilíu og 21% í Sviss. Skammt undan eru Ísrael (28%) og Mexíkó (29%). Lönd með nokkru ríkari sveigjanleika gagnvart persónubundnu siðferði voru meðal annars Mexíkó (29%), Spánn (30%), Austurríki (31%) og Rússland (32%) og lönd með mun ríkari sveigjanleika gagnvart persónubundnu siðferði voru Indónesía (70%), Tyrkland (68%) og Búlgaría (63%).

Af þessum svörum að dæma, er áherslan á að halda sig við siðareglur, burt séð frá því hvort aðstæður eru sérstakar, talsverð en vafasamt að telja hana óumdeilda.

Óhefðbundin vinnubrögð: Mun sveigjanlegri en Bandaríkjamenn

Á næstu sex tölum sjást svör ís-

lenskra blaða- og fréttamanna við fullyrðingum sem lúta að ýmsum vinnubrögðum, sem geta talist á gráu svæði siðferðilega, en í þessum tilvikum liggja fyrir sambærileg svör úr annarri könnun meðal bandarískra blaða- og fréttamanna. Rétt er þó að vekja athygli á að svörin hjá hinum bandarísku blaða- og fréttamönnum breyttust talsvert milli 2002 og 2013, þar sem kom fram talsvert minnkandi umburðarlyndi gagnvart óhefðbundnum vinnubrögðum. Nefndir eru mögulegir skýringarþættir: Að þróunin til „mýkri“ blaða- og fréttamennsku kunni að skýrast af auknum efnahagslegum þrýstingi undanfarna tvo áratugi, að rannsóknarblaðamennska sé kostnaðarsöm og að ágeng blaða- og fréttamennska kunni að fæla neytendur frá fjölmiðlum sem slíkt stunda. Einnig er í þessu sambandi rétt að nefna að meðalaldurinn í bandaríska úrtakinu hækkaði milli þessara kannana úr 41 ári í 47 ár.

Allar fullyrðingarnar 4-15 hefjast á formálanum „Þegar um mikilvæga frétt er að ræða, hversu réttlæt看legt er eftirfarandi að þínu mati:“ en síðan kemur að efnisatriðinu sem um er spurt.

Fullyrðing 4: Að nota trúnaðarskjöl úr viðskiptalífínu eða stjórnsýslunni í heimildarleysi.

Greinilegur meirihluti leggur blessun sína á vinnubrögð sem gætu hæglega talist vafasöm; að hagnýta sér „illa fengin“ gögn og upplýsingar. Um 84% svarenda töldu það annað hvort

alltaf (17,6%) eða stundum (66,5%) réttlæt看legt að nota trúnaðarskjöl úr viðskiptalífínu eða stjórnsýslunni í heimildarleysi, en um 16% töldu að það væri aldrei réttlæt看legt. Má velja fyrir sér hvort dágóður stuðningur við að nota trúnaðarskjöl úr viðskiptalífínu eða stjórnsýslunni í heimildarleysi stafi af breyttum tíðaranda af völdum efnahagshrunsins 2008 – en það verður ekki fullyrt hér.

Bandarískir blaða- og fréttamenn reyndust (2013) mun ósveigjanlegri en hinir íslensku. 58% þeirra töldu þessi vinnubrögð réttlæt看leg, en það hlutfall hafði lækkað úr 78% árið 2002.

	Fjöldi	Hlutfall
Alltaf réttlæt看legt	30	17,6
Stundum réttlæt看legt	113	66,5
Aldrei réttlæt看legt	27	15,9
Alls	170	100

Tafla 2. Að nota trúnaðarskjöl úr viðskiptalífínu eða stjórnsýslunni í heimildarleysi.

Fullyrðing 5: Að villa á sér heimildir.

Ekki er beint ákvæði um þetta í siðareglum BÍ, en það hefur þó löngum verið talað um óskráða reglu innan stéttarinnar að blaða- og fréttamenn villi ekki á sér heimildir, heldur komi fram og kynni sig ávallt sem slíka – blekki viðmælendur ekki í því skyni að fá upplýsingar sem viðkomandi væru ólíklegir til að láta blaða- og fréttamönnum í té. Þessi óskráða regla nýtur þó alls ekki ótvíræðs stuðnings;

Afstaða:	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki/né	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Fullyrðing:					
Siðferði er aðstæðubundið	3,4% (6)	21,3% (38)	13,5% (24)	37,6% (67)	24,2% (43)
Siðferði er persónubundið	6,7% (12)	17,9% (32)	14,5% (26)	32,4% (58)	28,5% (51)
Sniðganga við sérstakar aðstæður	3,4% (6)	21,3% (37)	19,0% (33)	33,9% (59)	22,4% (39)
Skipting í grófum dráttum	---	25% sammála	16%	60% ósammála	---

Tafla 1. Viðhorf íslenskra blaða- og fréttamanna til siðferðilegra grundvallaratriða. WOJ-rannsókn 2012.

meirihlutinn er öruggur gegn slíkri gjörð (tæp 64%), en rúmlega 36% svarenda töldu að það sé „stundum réttlæt看leg“ að villa á sér heimildir.

Bandarískir blaða- og fréttamenn reyndust hér einnig mun ósveigjanlegri en hinir íslensku. Einingis 7% þeirra töldu þessi vinnubrögð réttlæt看anleg, en það hlutfall hafði lækkað úr 14% árið 2002.

	Fjöldi	Hlutfall
Alltaf réttlæt看legt	0	0
Stundum réttlæt看legt	63	36,4
Aldrei réttlæt看legt	110	63,6
Alls	173	100

Tafla 3. Að villa á sér heimildir.

Fullyrðing 6: Að beita ósamvinnuþýða heimildarmenn þrýstingi til að ná í frétt.

Það hefur vafalaust nokkur áhrif á svörin hér að hugtakið „þrýstingur“ getur haft mismunandi þýðingu hjá svarendum; er átt við að leggja hart að heimildarmönnum með munnlegum fortölum, sem flokka mætti sem góða eftirfylgni, eða er átt við einhvers konar vafasaman þrýsting? Með þetta í huga verður að telja svörin hér óræðin. Tæpur helmingur svarenda töldu alltaf (4,2%) eða stundum (43%) réttlæt看legt að beita heimildarmenn þrýstingi og hafa þá að líkindum eindregni og góða eftirfylgni í huga, en rúmlega helmingur svarenda (53%) telja þrýsting á heimildarmenn aldrei réttlæt看legan – og hafa þá að líkindum í huga öllu ágengari þrýsting.

	Fjöldi	Hlutfall
Alltaf réttlæt看legt	7	4,2
Stundum réttlæt看legt	71	43
Aldrei réttlæt看legt	87	52,7
Alls	165	100

Tafla 4. Að beita ósamvinnuþýða heimildarmenn þrýstingi til að ná í frétt.

Bandarískir blaða- og fréttamenn reyndust hér nokkru ósveigjanlegri en hinir íslensku, en munurinn þó ekki áberandi mikill. Hafa ber í huga að orðanotkun í bandarísku könnuninni var „badgering or harassing of unwilling informants“. Um 38% hinna bandarísku töldu þessi vinnubrögð réttlæt-

anleg, en það hlutfall hafði lækkað úr 52% árið 2002.

Fullyrðing 7: Að nota persónuleg gögn eins og bréf og myndir í heimildarleysi.

Að nota persónuleg gögn eins og bréf og myndir í heimildarleysi getur undir einhverjum kringumstæðum flokkast undir þjófnað, ritstuld og/eða höfundarréttarbrot. Ekki er með beinum hætti kveðið á um slík vinnubrögð í siðareglum BÍ, en helst þá óbeint í gegnum ákvæði 1. greinar, þar sem segir: „Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar“. Hið siðferðilega álitamál hér gæti því frekar lotið að lögum landsins en siðareglum.

Með þetta í huga er það ekki óeðlileg tilgáta að reikna hér með yfirgnæfandi afstöðu gegn því að beita slíkum vinnubrögðum. Það má því flokkast undir óvæntan sveigjanleika að tæp 40% svarenda telji að slík vinnubrögð séu alltaf (1,2%) eða stundum (38,1%) réttlæt看leg. Meirihluti er þó fyrir hendi um að þessi vinnubrögð séu aldrei réttlæt看leg.

Bandarískir blaða- og fréttamenn reyndust hér mun ósveigjanlegri en hinir íslensku. 25% þeirra töldu þessi vinnubrögð réttlæt看leg, en það hlutfall hafði lækkað úr 41% árið 2002.

	Fjöldi	Hlutfall
Alltaf réttlæt看legt	2	1,2
Stundum réttlæt看legt	64	38,1
Aldrei réttlæt看legt	102	60,7
Alls	168	100

Tafla 5. Að nota persónuleg gögn eins og bréf og myndir í heimildarleysi.

Fullyrðing 8: Að ráða sig til starfa hjá fyrirtæki eða stofnun til að nálgast innherjaupplýsingar.

Um slík vinnubrögð er ekki kveðið í siðareglum BÍ og þau almennt lítið sem ekkert tíðkuð hérlandis. Helsta undantekningin þar er að blaðamaður vikurits réði sig í nokkra daga á elliheimilið Grund í því skyni að afla upplýsinga um meðferð á skjólstæðingum

elliheimilisins. Svarendur könnunarinnar auðsýndu hér allsendis ekki eindregna andstöðu við slík vinnubrögð: Rúmlega 61% þeirra taldi þau aldrei réttlæt看anleg, en tæplega 40% töldu að þau væru stundum (37,3%) eða alltaf (1,2%) réttlæt看anleg.

Bandarískir blaða- og fréttamenn reyndust hér enn mun ósveigjanlegri en hinir íslensku. 25% þeirra töldu þessi vinnubrögð réttlæt看anleg, en það hlutfall hafði lækkað úr 54% árið 2002.

	Fjöldi	Hlutfall
Alltaf réttlæt看legt	2	1,2
Stundum réttlæt看legt	60	37,3
Aldrei réttlæt看legt	99	61,5
Alls	161	100

Tafla 6. Að ráða sig til starfa hjá fyrirtæki eða stofnun til að nálgast innherjaupplýsingar.

Fullyrðing 9: Að nota falda hljóðnema eða faldar myndavélar.

Ætla mætti að hér yrðu svörin mjög í anda svara við fullyrðingunni um að villa á sér heimildir – en svo reyndist alls ekki vera. Einungis rúmlega 22% svarenda merktu hér við „aldrei réttlæt看anlegt“, en heil 75% við „stundum réttlæt看anlegt“ og tæp 3% við „alltaf réttlæt看anlegt“.

Þessi vinnubrögð njóta samkvæmt þessu nokkuð eindreginnar blessunar flestra blaða- og fréttamanna á Íslandi – og meira en það; hafa fengið faglega viðurkenningu innan stéttarinnar með fordæmisúrskurði hjá siðanefnd og verðlaunaveitingu Verðlaunanevndar BÍ.

Bandarískir blaða- og fréttamenn reyndust hér enn og aftur mun ósveigjanlegri en hinir íslensku. 47% þeirra töldu þessi vinnubrögð réttlæt看anleg, en það hlutfall hafði lækkað úr 60% árið 2002.

	Fjöldi	Hlutfall
Alltaf réttlæt看legt	5	2,9
Stundum réttlæt看legt	129	75
Aldrei réttlæt看legt	38	22,1
Alls	172	100

Tafla 7. Að nota falda hljóðnema eða faldar myndavélar.

Samstaða gegn mútum og fölsun ummæla

Loks skal getið stuttlega um svörin við fullyrðingum 10-15, en þar liggur ekki fyrir samanburður við blaða- og fréttamenn erlendis.

Fullyrðing 10: **Að nota sviðsetningu á fréttum.**

Marktækur meirihluti svarenda lagðist gegn slíkum vinnubrögðum: tæplega 72% töldu sviðsetningu fréttanna aldrei réttlætana, en rúmlega 28% voru á öðru máli.

Fullyrðing 11: **Að birta fréttir með óstaðfestum upplýsingum.**

Í síðareglum BÍ er kveðið á um vandvirkni við öflun, úrvinnslu og framsetningu fréttanna (3. gr.) og í ljósi þess getur það hæglega flokkast undir óvönduð og síðferðilega vafasöm vinnubrögð að birta frétt sem ekki hefur verið staðfest með gögnum eða af minnst einum en helst tveimur eða fleiri heimildarmönnum. Ætla mætti fyrirfram að andstaðan gegn þessum vinnubrögðum mælist ærin, en svo reyndist ekki vera. Tæplega 62% héldu sig við þá grundvallarreglu að þessi vinnubrögð séu „aldrei réttlætana“, en allstór minnihluti var á öðru máli; Um 38% töldu þau stundum eða alltaf réttlætana.

Fullyrðing 12: **Að þiggja peninga frá heimildarmönnum.**

Hér er loks á ferðinni grundvallarregla sem fast að því enginn ágreiningur er um; 99% svarenda töldu aldrei réttlætana að þiggja peninga frá heimildarmönnum.

Fullyrðing 13: **Að breyta orðum heimildarmanna eða leggja þeim orð í munn.**

Það er alsíða og viðurkennt í blaða- og fréttamennsku að snyrta til málfar, svo sem að lagfæra talmál, en þó fráleitt á þann hátt að merking orða og viðhorf viðmælanda verði á annan veg en viðmælandinn ætlar sér. Svörin hér voru enda mjög eindregin: Tæplega 94% svarenda töldu aldrei réttlætana að breyta orðum heimildarmanna eða leggja þeim orð í munn. Um 6% svarenda sá þó ein-

hvern flöt á því að þetta væri stundum eða alltaf réttlætana.

Fullyrðing 14: **Að borga fólki fyrir trúnaðarupplýsingar.**

Nær tveir af hverjum þremur svarendum töldu „aldrei réttlætana“ að borga fólki fyrir trúnaðarupplýsingar, en um þriðjungur taldi að það væri „stundum réttlætana“ (32,7%) eða „alltaf réttlætana“ (2,4%). Ekki er beint ákvæði um þetta í síðareglum BÍ, en það hefur þó löngum verið talað um óskráða reglu innan stéttarinnar að ekki sé greitt fyrir upplýsingar, umfram það sem óverulegt getur talist, svo sem fyrir „fréttaskot“. Greinilegur meirihluti er fyrir því að ekki eigi að borga fyrir upplýsingar.

Fullyrðing 15: **Að breyta ljósmyndum.**

Það má raunar heita umdeilanleg hvað það er, að breyta ljósmynd, en ljóst að ekki er hér átt við einfaldar lagfæringar á ljósmagni eða að „kroppa“ í umfang ljósmyndar. Hér er enda átt við breytingar sem afflytja raunveruleikinn og hagræða þannig staðreyndum. Svörin gefa til kynna þennan skilning hjá flestum; nær 90% svarenda töldu breytingar á ljósmyndum aldrei réttlætana, en liðlega 10% töldu að það væri stundum réttlætana – og hafa þá að líkindum frekar átt við faglegar lagfæringar en að raunveruleiki sé affluttur.

Harðlína eða sveigjanleiki?

Meirihluti íslenskra blaða- og fréttamanna er „ídealískur“ gagnvart síðareglum; grundvallarreglu beri að virða óháð kringumstæðum. Alþjóðlegar rannsóknir WOJ benda til þess að á heildina litið telji öruggur meirihluti blaða- og fréttamanna í viðkomandi löndum að fylgja eigi alþjóðlega viðurkenndum síðareglum, burt séð frá sértækum kringumstæðum eða samhengi. Sömuleiðis kemur fram áberandi tregða við að beita svokölluðum óhefðbundnum vinnubrögðum. En á sama tíma kemur fram talsverður stuðningur við þá hugsun að almannahagsmunir geti undir einhverjum

um kringumstæðum vegið þyngra en sársauki eða tjón einstaklinga. Um fjórðungur íslenskra blaða- og fréttamanna hefur þá „relatífisku“ afstöðu að kringumstæður geti vikið síðareglum til hliðar. Hér má tala um ákveðinn sveigjanleika. En á þá niðurstöðu, að íslenskir blaða- og fréttamenn leggi áherslu á gildi síðareglanna ber að líta með í huga að gildandi síðareglur BÍ hafa í sér *innbyggðan sveigjanleika* og beinlínis stefnumörkun að síðanefnd taki tillit til breytts tíðaranda.

Í rannsóknum WOJ kemur fram sterk vísbending um að samfélagsaðstæður í hverju ríki hafi nokkur áhrif á afstöðu blaða- og fréttamanna til síðferðilegra álitamála, svo sem til þess hversu „heilagar“ síðareglur eigi að vera og í afstöðunni til beitingar á „óhefðbundnum aðferðum“ við upplýsingaöflun. Í ríkjum þar sem lýðræðishefðir eru ekki rótgrónar og upplýsingaréttur almennings ekki sterkur eru blaða- og fréttamenn opnari fyrir því að kringumstæður réttlæti frávik frá alþjóðlega viðurkenndum síðareglum og vinnubrögðum. Hvað opnastir fyrir áhrifum aðstæðna á síðferðilega ákvarðanatöku reyndust blaða- og fréttamenn í Kína og í Rússlandi.

Síðareglur BÍ eru í samanburði við síðareglur víðast hvar erlendis (einkum þó í öðrum vestrænum ríkjum) almennar og fáorðar. Það hlýtur að hafa áhrif á viðhorf íslenskra blaða- og fréttamanna að frá upphafi síðareglanna (1966) hérlendis og æ síðan hefur það beinlínis verið stefnan að hafa síðareglurnar almennar og opnar og síðanefnd veitt svigrúm til að taka tillit til breytts tíðaranda. Enn í dag eru síðareglur BÍ með einungis 5 greinum (auk viðurlagagreinar) sem rúmast hæglega á einni A4-blaðsíðu, en síðareglur í flestum öðrum vestrænum ríkjum mun ítarlegri – og um leið ríkari af hömlum. Þessi stefnumörkun felur óhjákvæmilega í sér síðferðilegan sveigjanleika og dæmin sanna að bæði síðanefndin og blaðamennirnir sjálfir horfa til breytts tíðaranda.

Sjónræn framsetning efnis á netinu

Fyrir marga er nýmiðlaumhverfið langt frá því að vera jafn aðlaðandi og að geta haldið á gamla góða prentgripnum. En eins og flestir vita er samdráttur í prentmiðlun með tilheyrandi yfirlýsingum um hnignun gæða. Þessar breytingar hafa orðið á svo skömmum tíma að reynslumiklir einstaklingar eiga í erfiðleikum með að vinna með tæknina, hvað þá að leika sér með hana, sem leiðir af sér takmarkaða fjölbreytni í fréttappsetningu á netinu. Ole Röde Jensen kom hingað frá Danmörku með námskeið í sjónrænu margmiðlunarefni á netinu. Það var haldið í Háskólanum á Akureyri helgina 18.-19. október síðastliðinn. Ole hefur starfað hjá Jótlandspóstinum og Sarasota Herald-Tribune. Í dag starfar hann sem lektor við danska Blaðamannaskólann, með áherslu á endurmenntun.

Hann kynnti fjölda forrita sem blaðamenn geta nýtt sér við störf sín og með notkun þeirra gert fréttirnar meira lifandi og oft skiljanlegri. Með notkun forritanna er efnið alla jafna aðgengilegra og auðveldar lesendanum jafnvel að setja atburðarás í samhengi. Hér á eftir fer örstutt kynning á forritunum sem farið var í á námskeiðinu.

- Fyrst skal nefna **Piktochart** en það leyfir notendum, sem hafa ekki mikla kunnáttu í grafískri hönnun, að búa til sína eigin hönnun á einfaldan og faglegan hátt. Einn af styrkleikum forritsins er að það birtir gögnin á HTML, sem auðveldar notendum að birta efni sitt á heimasíðum.
- Næst skal nefna **TimelineJS** en með því er okkur gert kleift að búa til gagnvirka tímalínu. Þetta forrit er t.d. mjög sniðugt til að setja fram langa atburðarás á einfaldan og skýran hátt þannig að lesandi eigi auðveldara með að setja hana í samhengi.
- **Infogram** er forrit sem setur upp gröf á einfaldan og sjónrænan hátt og hentar vel fyrir fyrirlestra og kynningar á talnagögnum. Hugmyndin er að örva hugsun með því að notast við sjónræna uppsetningu og þannig fá meira út úr þeim gögnum sem fyrir liggja.
- **StoryMapsJS** gerir notendum kleift að setja upp sögu



Ole Röde Jensen var með námskeið á vegum NJC fyrir íslenska blaðamenn og námsmenn í því hvernig hægt væri að setja fram efni á sjónrænan hátt á vefnum.

og tengja hana við landakort. Forritið er mjög hentugt fyrir fjölmiðla til að segja frá atburði á sjónrænan hátt. Með því er hægt að leiða lesenda í gegnum sögu með hefðbundnum upplýsingum en auk þess hafa ljósmyndir, myndbönd og aðrar upplýsingar af netinu með til frekari glöggvunar.

- **ThingLink** er forrit sem leyfir notendum að búa til gagnvirkar myndir og myndbönd fyrir veraldarvefinn. Það nýtist vel til að koma töluverðu magni af upplýsingum á einn stað án þess að þurfa í sífellu að skipta yfir á aðrar síður eða opna nýja glugga.
- Í **Datawrapper** er hægt að búa til gröf, skífurit og súlurit á fljótlegan og einfaldan hátt.

Námskeiðið sótti fólk sem starfar við fjölmiðla sem og nemendur sem eru að læra fjölmiðlafræði. Lára Ómarsdóttir, fréttakona á RÚV, var einn ráðstefnugesta. „Sem dæmi held ég að auðvelt sé að nota Timeline, Datawrapper og Infogram og þá var Thinglink

ágætt. Ef þessi forrit eiga samleið með því vefumsjónarkerfi sem unnið er á þá gætu þau verið ágætis viðbót við fréttir á vefnum,“ segir hún að námskeiði loknu. „Sjálfr hef ég alltaf verið hrifin af grafískri framsetningu fréttu og tólin sem voru kynnt á námskeiðinu eru mörg hver góð leið til að setja fram grafískar fréttir á auðveldan hátt,“ segir Lára ennfremur.

„Ég sé fyrir mér að þessi forrit geti nýst vel á samfélagsmiðlunum,“ segir Freyja Dögg Frímansdóttir, svæðisstjóri RÚV á Akureyri sem einnig sat námskeiðið og bætir við að hún telji að sveigjanleikinn sé að aukast í notkun slíkra forrita, þá sérstaklega eftir að búið verði að uppfæra fréttavef RÚV. Uppsetning vefkerfis getur stundum staðið í vegi fyrir því að fréttamenn geti leikið sér með slík forrit. „Blaðamenn í dag mega ekki vera hræddir við að mæta nýjum áskorunum sem fylgja því að prófa stöðugt nýjar leiðir til að koma fréttum á framfæri,“ eru skilaboð Ole til íslenskra blaðamanna.

Ari Brynjólfsson, Erna Kristjánsdóttir og Gunnar Már Hauksson.

Sveiflur í þróun miskabóta vegna meiðyrðamála



Eftir
Birgi Guðmundsson

Umræður um meiðyrði og tjáningarfrelsi fjölmiðla hafa verið í sviðsljósinu á þessu hausti, ekki síst vegna dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Erlu Hlynisdóttur gegn íslenska ríkinu. Dómurinn féll sem kunnugt er Erlu í hag talið að á henni hafi verið brotið gegn 10. grein mannréttindasáttmálans.

Mál Erlu er orðið nokkurra ára gamalt og er greinin, sem málshöfðunin byggði á frá hausti 2007. Dæmt var í málinu í héraðsdómi í árslok 2008 og í Hæstarétti árið 2010. Árið 2012 dæmdi Mannréttindadómstóll Evrópu Erlu einnig í hag í tjáningarfrelismáli þar sem hún fjallaði um deilur eigenda nektarstaða í DV árið 2009 og þriðja málið sem Erla er með fyrir MDE mun vera á komið á dag-skrá dómstólsins og líkur talsverðar á að niðurstaðan verði í ætt við þær tvær fyrri.

Meiðyrði og miskabætur

Ekki er óeðlilegt að af þessu tilefni sé rifjuð upp nokkurra ára gömul um-

ræða, sem varð nokkuð almenn innan blaðamannastéttarinnar og raunar víðar, og var meðal annars til komin vegna þeirra dóma sem féllu vegna mála Erlu og hér hafa verið nefndir og raunar fleiri dóma sem fallið höfðu misserin á undan. Þessi umræða snerist um hvort grundvallarbreyting væri að verða á túlkun lagaákvæða sem varða tjáningarfrelsi, æruvernd eða friðhelgi einkalífs. Rétt er þó að taka fram að þessi umræða snerist ekki um beitingu refsiakvæða í meiðyrðamálum, þ.e. um það hvort blaðamenn væru dæmdir til fangelsisvistar eða sekta, heldur fyrst og fremst um tíðni málanna og upphæð bóta. Enda eru refsidómar vegna meiðyrðamála í einkamálum sem betur fer óþekktir hér á landi. Hægt er að nálgast nýlega samantekt á beitingu refsiakvæða á press.is þar sem birt var grein Brynjólfs Þórs Guðmundssonar, fréttamanns á RÚV, um það efni.

Hins vegar virðist óneitanlega margt renna stoðum undir ályktanir um breytta stefnu varðandi fjölda og upphæð miskabóta og sérstaklega virtist hinn svokallaði „Bubbadómur“ frá árinu 2006 hafa markað tímamót í þessum efnunum. Sá sem þetta ritar skrifaði einmitt grein hér í Blaðamanninn í október 2008 undir yfirskriftinni „Æra fólks og einkalíf, dómstólar, fjölmiðlar og sjálfstæði ritstjórna“ þar sem bent var á að breyting virtist vera að verða á dómaframkvæmd í málum af þessu tagi. Hvort tveggja var að málum virtist vera að fjölga samhliða því að fjölmiðlafólk var oftast sakfelld og miskabætur voru að hækka, mjög umtalsvert í sumum tilfellum.

Fyrri umræða


Á sínum tíma voru hér þrjú atriði tínd til sem hugsanlegar skýringar á því hvað væri á seyði og þá stungið upp á að trúlegast væri um að ræða samspil þessara þátta. Í fyrsta lagi var talið að hugsanlega mætti rekja skýringuna til breytinga hjá dómstólunum sjálfum, í öðru lagi að breyting hefði orðið á fjölmiðlunum og í þriðja lagi að rekja mætti þetta til víðtækari breytinga sem orðið hefðu í samfélaginu.

Í umræðu dagsins, sem eins og áður segir er að hluta til vakin vegna nýrra dóma MDE, heyrast gjarnan endurómur af þessari eldri umræðu. Hins vegar eru málin sem slík og íslensku dómarnir sem um þau hafa fallið orðnir nokkurra ára gömul. Því er ekki úr vegi að skoða hvernig þróun dóma Hæstaréttar í málum af þessu tagi hefur þróast á umliðnum árum. Á Mynd 1 má sjá hvernig málaþjöldin hefur þróast frá því um aldamót og greinilegt er að upp úr miðjum áratugnum fjölgar málum heldur og ákveðinn toppur kemur 2011 en síðan fækkar málum og er aðeins eitt í fyrra. En málaþjöldin einn og sér segir e.t.v. aðeins hluta sögunnar því í sumum málum er sýknað eða lágar miskabætur dæmdar og slíkt skiptir að sjálfsögðu miklu máli. Á Mynd 2 má sjá yfirlit yfir uppæð miskabóta fyrir þetta sama tímabil framreiknaða til verðlags 2013. Myndin sýnir bæði heildarupphæð bóta og svo meðalupphæð bóta fyrir hvert ár, en meðalupphæðin gefur raunsannasta mynd af því hver þróunin er því þar er tekið tillit til bæði fjölda mála og upphæðar miskabótanna. Súlnar á myndinni gefa greinilega til kynna þá breytingu


sem margir blaðamenn þóttust merkja varðandi miskabætur um og eftir „Bubbadóminn“ svokallaða 2006. Hins vegar er greinilegt að toppurinn sem varð í fjölda mála árið 2011 þegar 7 mál fóru fyrir Hæstarétt kemur ekki fram í sektardómum og háum miskabótunum, hvorki þegar heild miskabóta er skoðuð né meðaltal þeirra það ár. Almenn virðist það vera að eftir hrunárið 2008 hafi dæmdar miskabætur heldur verið á niðurleið, þrátt fyrir að fjöldi mála hafi verið nokkur bæði 2011 og 2012. Því er tæplega hægt að halda því fram að sú tilhneiging sem menn þóttust sjá á árunum eftir 2006, um fjölgun tilfella, fleiri sektardóma, og hærri miskabætur hafi í raun gengið eftir – eða haldið áfram – hin síðustu ár. Slíkt hlýtur að teljast ánægjuefni, þótt í því felist ekki tilfni, nema síður sé, til að gefa íslenskum dómstólum eitthvað sérstakt heilbrigðisvottorð þegar kemur að málum sem varða tjáningarfrelsi fjölmiðla á Íslandi. Engu að síður er þetta athyglisverð þróun sem ekki er síður ástæða til að velta fyrir sér en þeim breytingum sem urðu með og í kjölfar „Bubbadóms“.

Eins og við er að búast eru málshöfðanir mismunandi margar gegn einstökum fjölmiðlum og sumir fjölmiðlar ástunda þannig ritstjórnarstefnu að þeir eru líklegri en aðrir til að fá á sig stefnur en aðrir. Þetta kemur greinilega fram í Töflu 1. Þar sést að DV á lang flest málin sem upphafa komið frá „Bubbadómi“.

Í ljósi tímasetningar þessara breytinga sem lesa má út úr Myndum 1 og 2 verður varla hjá því komist að spyrja hvort hér hafi í aðdraganda hrunsins orðið tiltekna breytingar í dómaframkvæmd sem síðan sé verið að vinda ofan af á árunum eftir hrun? Til að svara þessari spurningu er gagnlegt að grípa til og skoða þróun þeirra þátta sem nefndir voru hér að ofan og notaðir voru til að skýra og skilgreina fjölgun mála og hærri miskabætur, þ.e. þróunar hjá dómstólunum sjálfum, þróunar í fjölmiðlunum og þróunar í samfélagsinu almennt. Hér á eftir verður hvert þessara atriða um sig skoðað nánar.



Mynd 1. Fjöldi mála sem varða tjáningarfrelsi, æruvernd eða friðhelgi einkalífs í umfjöllun fjölmiðla sem hafa farið fyrir Hæstarétt frá aldamótum.



Mynd 2. Heildarupphæð miskabóta og meðalupphæð í hverju máli sem greiddar voru í málum sem varða tjáningarfrelsi, æruvernd eða friðhelgi einkalífs í umfjöllun fjölmiðla ár hvert á verðlagi ársins 2013.

Dómstólar og lagaumhverfi

Sé litið til þróunarinnar hjá dómstólunum sjálfum er eðlilegt að líta almennt til dóma MDE og sérstaklega hinna svokölluðu „Karólínudóma“, sem nefndir eru eftir stefnandanum sem í báðum tilfellum var Karólína prinsessa af Mónakó. Dómurinn sem féll 2004 var almennt talinn hafa sett vernd einkalífs framar tjáningarfrelsisákvæðum þegar ekki var hægt að sýna að „frétt næmri“ almannahagsmunir eða þjóf félagsumræða væri í húfi. Þó slík grundvallaratriði séu enn til staðar í túlkun MDE varð að margra mati ákveðin áherslu-breyting með seinni „Karólínudóminum“ árið 2012 þar sem friðhelgi einkalífs víkur með afgerandi hætti fyrir hagsmunum sem tengjast almennt þjóf félagsumræðu. Eins gerist það að MDE úrskurðar gegn Íslandi í máli Bjarkar Eiðsdóttur og

Erlu Hlynsdóttur 2012 og sendir þannig sterk skilaboð og áfelliðsdóm yfir íslenskum dómstólum um dómaframkvæmd á næstliðnum misserum og árum. Þá skiptir breyting í lagaumhverfi vissulega miklu máli. Ný fjölmiðlalög breyttu einnig ýmsum forsendum sem MDE hafði verið að fjalla um og styrktu á ýmsan hátt stöðu blaðamanna, t.d. með ákvæðum um höfundaábyrgð vegna ummæla sem orðrétt eru höfð eftir fólki.

Þróun á fjölmiðlunum

Ýmsar ástæður voru á sínum tíma nefndar til sögunnar sem hugsanlegar skýringar á því að lögsóknir gegn fjölmiðlum og fjölmiðlafólki tóku kipp. Bent var á að aukin samkeppni og markaðsvæðing fjölmiðlamarkaðarins í heild kynni að hafa ýtt undir að miðlar gengu lengra en áður í að

Tafla 1

Miðill	Fjöldi mála	Hlutfall
Fréttablaðið *	1	4
Blaðið	1	4
Pressan	1	4
Viðskiptablaðið	1	4
RÚV	3	12
DV *	11	42
Annað	3	12
Heildar málafjöldi	26	100

* Ath. DV og Fréttablaðið bæði dæmd í einu máli

Tafla 1. Skipting mála sem varða tjáningarfrelsi, æruvernd eða fríðhelgi einkalífs í umfjöllun fjölmiðla eftir miðlum frá 2006-2013.

birta fréttir sem síðan enduðu sem dómsmál. Stafræna byltingin og nýmiðlar breyttu landslagi fjölmiðlanna mikið á þessum tíma, svo ekki sé talað um ritstjórnarstefnuna, sem DV fylgdi á tímabili og skilgreindi sem „ágenga“ blaðamennsku. Tilkoma fríblaða skiptir einnig máli í þessu sambandi og þá ekki síst sá síður að útgáfur auglýsa ólíka miðla sína í öðrum fjölmiðlum sem þeir kunna að ráða yfir eða hafa ítök í. Fríblöðin fara mjög víða og eru fyrir margra augum og rétt eins og fríblöðin geta notað mikla dreifingu sem röksemd fyrir því að auglýsendur eigi að auglýsa í þessum blöðum, þá er miski vegna meidyrða, ærumeiðinga eða brota á fríðhelgi einkalífs að sama skapi þungbærari eftir því sem þær ávirðingar fara víðar. Það kann að hafa stuðlað að hærri miskabótum en ella og þetta atriði skipti t.d. máli í „Bubba-dóminum“.

Hafi þessi atriði hvert um sig og öll saman stuðlað að þeirri breytingu sem vissulega varð um miðjan síðasta áratug, þá er ástæða til að velta fyrir sér hvað hafi breyst hjá fjölmiðlunum á síðustu misserum og árum, því í grundvallaratriðum eru þessir þættir enn einkennandi fyrir markaðinn í dag. Líklegt er þó að bæði fjölmiðlar og blaðamenn hafi tekið a.m.k. eitthvert tillit til þeirra dóma sem fallið

hafa og þannig gætt sín betur en áður þegar umdeild mál eru annars vegar. Slíka aðgát má hugsanlega flokka sem eðlilegan lærdóm sem miðlar og blaðamenn draga af dómaframkvæmdinni en hana má líka kalla þöggun eða kælingaráhrif þar sem fjölmiðlarnir fjalla ekki um mál og ekki með þeim hætti sem þeir annars hefðu gert. Fjölmiðlalögin gera fjölmiðlafyrirtækjum skylt að greiða þær bætur sem miðlar kunna að vera dæmdir til að greiða vegna skrifa blaðamanna, en þrátt fyrir að slíkt lagaákvæði sé góðra gjalda vert þá má draga í efa að það sé í raun mjög virkt. Blaðamenn eru þrátt fyrir allt, dyggir starfsmenn fyrirtækjanna sem þeir vinna hjá, og eru því yfirleitt ófúsir til að stofna til útgjalda vegna skrifa sinna hjá fyrirtækjum sem oft eru í hálfgerðum rekstrarerfiðleikum – sérstaklega þó minni fyrirtækin. Þá er hætta á að gerðir séu samningar við ritstjóra og yfirmenn í líkingu við það sem tíðkaðist um skeið hjá 365 miðlum að þeir bæru – upp að ákveðnu marki – persónulega ábyrgð á útgjöldum upp að ákveðnu þaki sem útgáfan varð fyrir vegna dómsmála. Svipaðar hugmyndir voru reifaðar hjá ráðgjöfum sem fjölluðu um DV fyrir skömmu í tilefni af stefnumótunarvinnu þar á bæ, en augljóslega eru allar hugmyndir um að gera blaða-

menn fjárhagslega ábyrga fyrir hugsanlegum bótagreiðslum á skjón við anda fjölmiðlalaganna frá 2011. Slíkar hugmyndir og hugsanlegir baksamningar um endurkröfurétt útgáfa á blaðamenn er því eitthvað sem samtök blaðamanna þurfa að vera á varðbergi gegn. Kælingaráhrif hugsanlegara útgjalda vegna dómsmála geta því birst með ýmsu móti og trúlegt að þau hafi á umliðnum árum haft einhver áhrif í þá veru að fækka málum og að lægri bætur voru dæmdar.

Þróun í samfélaginu

Þær breytingar sem menn töldu sig verða vitni að hvað varðar meidyrðamál og tjáningarfrelsi í fjölmiðlum um miðjan síðasta áratug koma nokkurn veginn á sama tíma og uppgangurinn í efnahags- og fjármálalífi, sem kenndur er við útrásina, var að komast í hæstu hæðir. Því andrúmslofti og þeirri umgjörð sem hugmyndafræði markaðsvæðingar sem var allsráðandi í landinu bjó fjölmiðlum og öllum almenningi er lýst í 8. bindi Rannsóknarskýrslu Alþingis. Segja má að markaðsvæðingin hafi náð til samfélagsins alls og sett mark sitt á flest svið mannlífs á árunum fyrir hrun. Gildir þá einu hvort það voru efnahagsmál, menntamál, heilbrigðismál eða listir og menning. Efnislegir og óefnislegir hlutir fengu verðmiða og allt var metið til fjár, orðstír og „viðskiptavild“. Æran virðist þannig einnig hafa fengið verðmiða líka. Hægt er að finna dæmi um hvernig þessi hugmyndafræði lifði áfram mánuðina og misserin eftir hrun. Í því sambandi kemur hin óvenjulega túlkun Fjármálaeftirlitsins á bankaleynd upp í hugann, en stofnunin FME taldi að tveir blaðamenn á Morgunblaðinu hefðu brotið **bankaleynd** og tveir sjálfstæðir (Kompás) blaðamenn sömuleiðis fyrir að upplýsa um lánaþætur Glitnis og Kaupþings og mikla fjármagnstilfærslur hjá Kaupþingi skömmu fyrir hrun. Einnig var talið að tveir blaðamenn af DV hefðu brotið af sér með sama hætti. Jafnvel eftir hrun var bankaleyndin túlkuð með ítrasta hætti og mikilvægi hennar og umfangt

magnað upp á meðan upplýsinga-skylda blaðamanna og trúnaður við almenning virtist skipta miklu minna máli. En þessu var þó eðlilega ekki haldið til streitu og sjónarmið hafa verið að breytast mikið og vindurinn virðist að mestu leyti farinn úr þessum hugmyndaheimi útrásarinnar. Dómstólar eins og aðrir eru hluti af samfélaginu og því er ekki óeðlilegt að ætla að þessi breyting skipti einhverju máli.

Samverkandi ástæður

Samkvæmt grundvallarskilningi á

réttarríkinu er meginhlutverk dómstólanna að leysa úr málum lögum samkvæmt og að tryggja þannig almennt réttaröryggi. Í stjórnarskrá segir enn fremur að dómendur skuli í embættisverkum sínum einungis fara eftir lögnum. Í veruleikanum getur þetta þó orðið nokkuð flókið og hlutur tókunar hlýtur ætíð að vera umtalsverður. Þær breytingar og sveiflur sem virðast hafa orðið frá aldamótum á dómafrankvæmd í málum sem snerta tjáningarfrelsi og friðarbrot fjölmiðla og hér hafa verið raktar, draga fram mikilvægi hins samfélagslega umhverfis. Breytingar í samfélagsumhverfinu eru

stöðugar og viðvarandi og aðstæður breytast frá degi til dags þannig að túlkun á lagagreinum verður að sama skapi að fylgja með. Blaðamenn geta haft og hafa haft áhrif á þetta samfélagsumhverfi með umræðu, aðgerðum og ábendingum og þannig hugsanlega líka haft áhrif á túlkunina hjá dómstólum. Því er mikilvægt að þeir láti í sér heyra. Eins hafa blaðamenn og samtök þeirra gagngert gripið til aðgerða til að hafa áhrif í þessum efnum, t.d. með því að aðstoða við að koma málum til MDE og hafa áhrif á löggjöf hér heima. Slíkt er mjög mikilvægt eins og dæmin sanna.



Endurmenntunar- og háskólasjóður blaðamanna

Námsstyrkir

Stjórn Endurmenntunar- og háskólasjóðs Blaðamannafélags Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, vegna lengra eða skemmra náms fastráðinna félaga í BÍ

Umsóknum skal skilað til skrifstofu BÍ.

Hægt er að sækja um á heimasíðunni

www.press.is eða með því að senda tölvupóst á bi@press.is

Námskeið sem koma til greina við úthlutun styrkja eru m.a.:

- Nám við háskóla á Íslandi
- Annað lengra nám hérlendis
- Endurmenntun í erlendum skólum s.s. hjá NJC í Árósum
- Önnur sérstök námskeið erlendis

Styrkir vegna styttri námskeiða hér heima eru greiddir á skrifstofu BÍ að námi loknu gegn framvísun reiknings fyrir þátttökugjöldum.

Af Móðurmálssjóði og stafsetningar-glundroða



Eftir
Björn Vigni
Sigurpálsson

Segja má að ríkt hafi viðhafnarstemming þriðjudaginn 8. október 1946. Ættingjar og vinir Björns Jónssonar, ritstjóra og ráðherra, minnst aldarafmælis hans með ýmsum hætti. Kvölddagskrá útvarpsins var helguð minningu hans, þar sem lesið var upp úr ritum hans og ræðum og hans var minnst á Alþingi. Einnig var útvarpað frá athöfn frá heimili Sveins Björnssonar, forseta Íslands, sem var þá eina barn Björns sem enn lifði. Til efnið? Afhending fyrstu verðlauna úr Minningarsjóði Björns Jónssonar,

Móðurmálssjóði. Sá sjóður lifir enn þótt ekki fari mjög hátt og veitti síðast verðlaun fyrir um ári, haustið 2013, þegar Brodda Broddasyni, varafréttastjóra RÚV, voru afhent þau við hátíðlega athöfn.

Stofnað hafði verið til Minningarsjóðs Björns Jónssonar, Móðurmálsvérðlauna, af niðjum hans í janúar 1943 en kveðið þar á um að þau skyldu jafnan veitt í kringum afmælisdag hans 8. október og fyrst á aldarafmæli hans 8. október 1946. Fyrsti verðlaunahafinn var Karl Ísfeld sem þá var ritstjóri *Vinnunar*, tímarits á vegum verkalyðshreyfingarinnar, en hafði áður unnið á *Alþýðublaðinu* og seinna á *Vísi* þar sem hann starfaði er hann lést um aldur fram. Sjá nánar *Blaðamannaminni á press.is* (<http://www.press.is/index.php/component/journalist/243?view=items&layout=detail&catid=104>) Þar kemur einnig fram að Karl þótti frábær þýðandi og hefur það ef til vill átt sinn þátt í viðurkenningunni.

Blaðamannastafsetningin

Óhætt er að fullyrða að niðjar Björns Jónssonar (sjá nánar *Blaðamannaminni á press.is* <http://www.press.is/index.php/component/journalist/18?view=items&layout=detail&catid=102>) hafi vart getað sýnt honum meiri sóma en að efna til móðurmálsvérðlauna í nafni hans, svo einbeittur sem hann var í því að vilja sóma þjóðtungunnar sem mestan. Þá kemur þar einnig að þætti hans og fleiri félaga hans sem voru hinir upphaflegu stofnendur *Blaðamannafélags Íslands*, að freista þess að samræma stafsetningu íslenska ritmálsins sem varð reyndar meðal fyrstu verkefna sem félagið beitti sér fyrir og afurðin fékk nafnið *blaðamannastafsetningin*.

Áður en til hennar kom hafði stafsetningin verið með ýmsu móti. Á *Vísindavefnum* má lesa svar Guðrúnar Kvaran prófessors um hvenær **é** hafi tekið við af **je** og rekur hún þar í stuttu

Framhald á bls. 26

Konráðska

„Ekki er...kyrt eða dautt í inníblum jarðarinnar, því þar geýsar jafnan geigvænlegasta og ablmesta höfuðskepnan, enn það er eldurinn, sem ástundum brýzt uppúr undirdjúpunum og klýfur sundur fjöll og jökla, enn bráðnað grjót og jarðtegundir fljóta einsog árstraumur, og eyða hvurju sem fyrir verður. Eitthvað er líka að, þegar jarðskjálftarnir fara einsog hryllingur yfir hinn ofurstóra líkama jarðarinnar; þá hrynja húsin og björgin klofna, og stundum koma eyrar uppúr sjónum, þarsem áður var hyldýpi, ellegar stórhèrð hrapa til grunna, og ekkert er eptir nema vatn, þar sem áður voru bygðir manna.“

Þetta er dæmi um íslenska stafsetningu á 19. öld í anda Konráðs Gíslasonar sem Illugi Jökulsson birti í einni af Fléttugreinum sínum í *Fréttablaðinu*, nánar tiltekið 30. ágúst sl. Dæmið er reyndar ekki frá Konráði sjálfum komið heldur frá „margrómaðasta íslenskunillingi sögunnar“, skáldinu Jónasi Hallgrímssyni og er úr grein hans „Um eðli og uppruna jarðarinnar“ sem birtist í fyrsta hefti tímaritsins *Fjölnis*. Illugi heldur því fram að ástæðan fyrir því hve sjaldan birtust orðréttir kaflar úr *Fjölni* í skólabókum sé að stafsetning Konráðs Gíslasonar þótti óbrúklek.

Afhending fyrstu móðurmálsverðlaunanna

Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Íslands, flutti ávarp er hann afhenti Karli Ísfeld fyrstu móðurmálsverðlaunin og mælti á þessa leið eins og segir í frásögn Morgunblaðsins, 9. október 1946:

„Við erum stödd í Bessastaðastofunni gömlu, í híbýlum, sem voru skólastofur fyrir rúmri öld. Á þeim dögum störfuðu hjer margir ágætir menn og stunduðu nám. Á þessum degi finst mjer vera sjerstakt tilefni til þess að nefna úr þeim hópi nöfn tveggja manna, sem áttu hvor um sig meginþátt í því að blása nýjum lífsanda í móðurmál okkar, einkum ritmálið, og fegra það, á öldinni, sem leið. Þessir menn eru kennarinn Sveinbjörn Egilsson og nemandinn Jónas Hallgrímsson.

Fyrir nokkrum árum var stofnaður Minningarsjóður Björns Jónssonar og nefndur „Móðurmálsjóðurinn“. Í stofnskránni segir meðal annars: „Tilgangur sjóðsins er að verðlauna mann, sem hefir aðalstarf sitt við blað eða tímarit, og hefir, að dómi sjóðsstjórnarinnar undanfarin ár ritað svo góðan stíl og vandað íslenskt mál, að sjerstakrar viðurkenningar sje vert.“ Stjórn sjóðsins hefir frá upphafi verið skipuð þessum mönnum: Benedikt Sveinssyni skjalaverði, Birni Guðfinnssyni lektor, Jóni Magnússyni fil. cand. fréttastjóra útvarpsins, Pjetri Ólafssyni hagfræðingi (sonarsyni Björns Jónssonar) og Sigurði Nordal prófessor.

Stofnskráin mælir svo fyrir að úthlutun verðlauna skuli fara fram 8. október, í fyrsta sinni á 100 ára afmælisdegi Björns Jónssonar, 8. október 1946.

Sá dagur er í dag og þess vegna erum við saman komin hjer á heimili mínu. Verðlaunin eru í þetta skifti 10.000 krónur fyrir sjerstakan atbeina fyrirtækis, sem faðir minn stofnaði í öndverðu, fyrir 70 árum, Ísafoldarprentsmiðju.

Sjóðsstjórnin hefir ákveðið einróma, að þessi verðlaun skuli nú hljóta Karl Ísfeld, ritstjóri „Vinnunnar“. Hefir sjóðsstjórnin ráðið þessu ein, án nokkurra afskifta annara. En jeg hygg að föður mínum mundi ekki hafa verið á móti skapi, að ritstjóri mál gagns samtaka alþýðumanna, sem stunda handavinnu og erfiðisvinnu, skuli hafa verið talinn verður þessara verðlauna. Jeg marka það, auk annars á eftirfarandi ummælum alþýðumanns um föður minn látinn:

„Fyrir landið vann hann meira en sjálfan sig, og meira fyrir lægri stjettir þjóðfélagsins en hinar æðri. Allar slíkar orustur háði Björn Jónsson fyrir alþýðuna og til þess að verja rétt hennar öðru fremur.“

Sjóðsstjórnin hefir óskað þess að jeg afhenti verð-



Myndin er frá afhendingu verðlaunanna í fyrsta sinn. Jón Magnússon, fréttastjóri útvarpsins, Ólöf Nordal, verðlaunahafinn Karl Ísfeld, Benedikt Sveinsson, Björn Guðfinnsson og Pétur Ólafsson, en þeir Jón, Benedikt, Björn og Pétur sátu í sjóðsstjórninni ásamt Sigurði Nordal sem vantar á myndina.

launin nú. Mjer er það ljúft verk. Þótt jeg líti svo á, að það hljóti jafnan að vera hverjum forseta íslenska lýðveldisins prýði, að eiga þátt í athöfn til sæmdar íslenskrar tungu, þá geri jeg þetta ekki í embættisnafni. Jeg geri það sem sonur Björns ritstjóra, eina barn hans, sem enn er á lífi.

Það var einkennandi þáttur í æfi föður míns, að hann unni íslenskrar tungu hugástum alt til hinstu stundar, hjelt fyrir hana skildi og sýndi það með dæmi sínu, að hann vildi gera veg hennar sem mestan. Herra Karl Ísfeld. Jeg afhendi yður nú þessi verðlaun. Jeg samfagna yður að hafa hlotið þá sæmd, sem felst í dómi þeirra mætu og óvilhöllu manna, sem hafa úrskurðað yður verðlaunin. Jeg vil bæta við þeirri ósk, að haldast megi ást yðar á móðurmáli okkar, yður sjálfum til unaðar og sem flestum Íslendingum, öldnum og óbornum; til farsældar.

Jeg lýk svo máli með því að minnast fósturjarðarinnar með örfáum ljóðlínunum, sem jeg vissi að föður mínum þótti vænt um. Þær eru eftir Grím Thomsen.

*Hún er fögur
með fannakögur
um fjallabrún,
hamra, gjögur
holt og tún;
um nes og ögur
óð og sögur
og aldna rún
göfug geymir hún.“*

Fyrsta blaðamannafélag Íslands

eftir Þorstein Gíslason

Í sambandi við 60 ára afmæli Ísafoldarprentsmiðju hefir Morgunblaðið beðið mig að segja eitthvað frá kynningu minni við Björn Jónsson ritstjóra. Eg ætla þá að segja nokkuð frá fyrsta Blaðamannafélagi Íslands.

– Eg kyntist Birni Jónssyni fyrst persónulega er eg kom heim frá háskólanum í Khófn sumarið 1896 og tók, skömmu síðar, að gefa út blaðið „Ísland“. Björn var þá um fimtugt og var alment talinn mikilhæfasti blaðamaður landsins. „Ísafold“ var þá stærsta blaðið hér, og Einar H. Kvaran hafði um nokkurt skeið verið samverkamaður Björns við ritstjórnina. Við hin blöðin unnu aðeins ritstjórnarnir einir; og var „Þjóðólfur“ stærst þeirra og mun hafa haft álika útbreiðslu og „Ísafold“. Hin blöðin voru „Fjallkonan“, blað Valdimars Ásmundssonar, og „Dag-skrá“, sem Einar skáld Benediktsson var þá nýlega farinn að gefa út. Svo bættist „Ísland“ í þennan hóp í ársbyrjun 1897.

Annar þektasti blaðamaðurinn frá fyrri árum, Jón Ólafsson, kom heim frá Ameríku vorið 1897, eftir nokkurra ára dvöl vestra, og settist hér að. Eftir þinglokin 1897 varð hann ritstjóri að blaði, sem hét „Nýja öldin“ og var gefið út af forsprökkum kaupfélaganna. Þeir Björn og Jón voru vinir frá æskuárum, sambekkingar í skóla, að mig minnir. Og þetta haust höfðu þeir forgöngu í því, að hér var þá stofnað fyrsta blaðamannafélagið. Þeir komu báðir heim til mín nokkrum sinnum til þess að tala um þetta og eg félst bráðlega á það, að vera með í félags-skapnum. Vissa var þá fengin fyrir því, að þau Valdimar Ásmundsson og frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir, sem gaf út „Kvennablaðið“, yrðu bæði með. Jón Ólafssyni var svo fallið að tala við Hannes Þorsteinsson, ritstjóra „Þjóðólfs“, en mér við Einar Benediktsson. En hvorugur þeirra var fánlegur til þess að vera með.

Þessir blaðamenn urðu þá stofnendur félagsins: Björn Jónsson og Einar H. Kvaran, Valdimar Ásmundsson og frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Jón Ólafsson og Jón Jacobson, sem var útgáfustjóri „Nýju aldarinnar“, og eg. Félagsstofnunin var gott verk og nytsamlegt. Með henni átti bæði að vernda sameiginleg hagsmunamál þeirra, sem við blaðamensku fengust, og líka að bæta viðræðutón blaðanna hvers gegn öðru. Þetta var hugsunin. Og fyrst framan af var bezta samkomulag í félaginu. Fundir voru haldnir vikulega, alt af á kvöldin. Þeir voru haldnir í veitingahúsi, og Björn, Jón og eg borðuðum alt af kvöldverð á fundarstaðnum áður en fundir hófust, og sumir hinna einnig öðru hvoru. Oft var setið lengi fram eftir kvöldum og kaffi drukkið. Einkum voru það við þrír, Björn, Jón og eg, sem venjulega vorum þaulsætnir þarna og sátum stundum fram á miðjar nætur. Bar þá

margt á góma og eg hafði mikla skemtun af samtali og sögum þeirra eldri mannanna. Þeir voru kátir og léku á als oddi, er þeir mintust á ýmislegt frá fyrri árum, eða sögðu sögur af mönnum, sem þeir hvor um sig áttu í höggi við. Það var einkennilegt í viðræðum þeirra, að þeir uppnefndu bæði menn og hús í bænum, og var auðheyrt, að þetta hafði verið leikur þeirra þegar þeir voru hér saman á yngri árum. Á þessum fundum greindi þá aldrei á um neitt mál og réðu þeir mestu um alt, sem fram fór í félaginu. Þeir höfðu þá aldrei átt í persónulegum illdeilum hvor við annan, þótt þeir hefðu auðvitað stundum haldið fram ólíkum skoðunum í blöðum sínum meðan báðir voru hér ritstjórar á umliðnum árum. Og þegar Jón fór til Ameríku gekst Björn, ásamt fleirum, fyrir kveðjusamsæti, sem honum var haldið, og flutti þar um hann mjög vingjarnlega og lofsamlega ræðu.

Persónuleg illindi milli þeirra Björns og Jóns áttu sér ekki stað fyrr en í deilunum sem risu hér upp eftir heimflutning stjórnarinnar 1904, og voru þá báðir komnir á efri ár. En í þeim deilum hlífði hvorugur öðrum, eins og margir hljóta enn að muna. Það mun því vera álit flestra, sem muna þær deilur, að þeir hafi verið svarnir fjandmenn. En svo var aldrei í raun og veru. Það var alt af einhver taug af eldri vináttu lifandi hjá báðum. Eitt dæmi get eg sagt um þetta.

Skömmu eftir að Björn varð ráðherra, sumarið 1909, sá eg þá tvo einn morgun ganga lengi hlið við hlið um Lækjargötu og nærliggjandi götur og voru þeir að sjá mjög svo bræðralegir. Og eftir gönguna urðu þeir samferða upp í stjórnarráð. Eg mætti Jóni síðar um daginn og spurði hann í spaugi, hvort hann væri nú að verða stjórnarmaður, kvaðst hafa séð þá Björn á göngu um morguninn, og síðan hefðu þeir leiðst upp í stjórnarráð. Jón sagði, að þeir hefðu verið að rifja upp gamlan kunnings-skap. Björn hefði talað um, að hann væri nú orðinn of gamall til þess að gegna ráðherra-embættinu en að hann hefði haft gaman að því, ef hann hefði verið svo sem 20 árum yngri.

Um ferðina upp í stjórnarráð sagði Jón mér þetta: Hann hafði nýlega gefið út bók, sem hann nefndi „Móðurmálsbókina“, og hafði sent Birni hana að gjöf. Hún lá nú á skrifborði hans í stjórnarráðinu og kvaðst Björn hafa lesið hana og lét mjög vel yfir. „Svona verk eiga að launast af opinberu fé,“ sagði hann, reis svo á fætur og bað Jón að biða sín litla stund þar inni. Hann kom svo inn aftur með nokkurra hundraða króna ávisun á landssjóð og rétti Jóni. „Eg vil afgreiða þetta undir eins,“ sagði hann, „svo að það falli ekki í gleymsku.“

Eitt af þeim málum, sem Blaðamannafélagið tók fyrir,

var að koma á sameiginlegri stafsetningu meðal sem flestra af þeim, sem við ritstörf fengust. Var Pálmi Pálsson íslenzkukennari við Latínuskólann fenginn til þess að flytja fyrirlestur í Blaðamannafélaginu um stafsetningu, og síðan voru, með ráði hans samdar stafsetningarreglur þær, sem kendar hafa verið við Blaðamannafélagið. Samkomulagið um þetta mátti í fyrstu heita gott innan félagsins og höfðu þeir Jón Ólafsson og Björn alla for-göngu í málinu. Eg einn hreyfði athugasemdum við ýmsar þær reglur, sem samþykktar voru, en hinir voru að mestu leyti á einu bandi. En mér var þetta hins vegar ekkert áhugamál og stóð nokkurn veginn á sama, hvað ofan á yrði.

Þær stafsetningarreglur, sem þá tíðk-uðust hér mest voru þrjár. Ein var kend við Sveinbjörn Egilsson, önnur ýmist við Konráð Gíslason eða Halldór. Fr. Friðriks-son, en sú þriðja ýmist við Guðbrand Vig-fússon eða Jón Þorkelsson fyrv. rektor. Björn M. Ólsen rektor hafði á síðari árum haldið fram fjórðu stafsetningarreglunni, en þeim fylgdu fát. Stafsetning Halldórs Kr. Friðrikssonar hafði um langan aldur verið kend í Latínuskólanum, svo að hún var langalgengust meðal skólagenginna manna. Björn Jónsson hafði alt til þessa fylgt skólafstafsetningunni, en Jón Ólafsson fylgdi að mestu stafsetningu Jóns Þorkelssonar fyrv. rektors. Upp úr þessum tveimur stafsetningarregl-um var blaðamannafélagsstafsetningin að mestu leyti soðin, reglurnar teknar jöfnum höndum úr báðum, en þó farið nær stafsetningu Jóns Þorkelssonar.

Svo voru rithöfundum og embættismönnum úti um alt land send skjöl með hinum nýju stafsetningarreglum og þeir beðnir að skrifa undir samþykkt á reglum, ef þeir gætu fallist á þær, og loforð um, að fylgja þeim þá fram-vegis. Með fáum undantekningum féllust þeir, sem skjöl-in voru send, á reglurnar, og hétu þeim fylgi. Hafði Björn haft allan veg og vanda að þessu. Og nú birti hann málalokin í „Ísafold“ og lét vel yfir.

En Halldór Kr. Friðriksson reis þá upp og tætti hlífðar-laust í sundur þessar nýju stafsetningarreglur. Þar næst voru þær teknar til umræðu í Stúdentafélaginu og þar reif Björn M. Ólsen rektor þær niður. En Björn Jónsson réðst þá á stjórn Stúdentafélagsins í „Ísafold“ og sagði, að hún hefði farið með þetta mál á bak við Jón Ólafsson, sem þar var félagsmaður, til þess að stafsetning Blaða-mannafélagsins ætti þar engan talsmann. Og er farið var að deila um þetta í blöðunum, varð brátt úr því svo mikið hitamál að furðu gegnir. Nýr fundur var boðaður í Stúdentafélaginu og varð mjög fjölmennur. Þar töluðu þeir Halldór Kr. Friðriksson og Björn M. Ólsen og voru sammála um það, að rífa niður stafsetningu Blaða-mannafélagsins, en þeir Jón Ólafsson og Pálmi Pálma-son héldu vörnum uppi. Fundurinn var nær einróma með þeim Halldóri og Ólsen og var samþykkt að gefa inn-

leiðsluræður þeirra út og svo útdrátt úr umræðunum. Ekki man eg samt hvort úr því varð.

En eftir þennan fund reis Björn Jónsson upp með miklum móði í „Ísafold“, skrifaði fimm dálka grein um fundinn og gerði skop að þeim Halldóri og Ólsen og að félaginu í heild sinni.

„Það urðu tíðindi í Stúdentafélaginu hérna á föstu-daginn var,“ sagði hann. „Ein hávirðuleg hefðarmær í þeirri samkundu, rektor Björn M. Ólsen varð léttari og ól fullburða fóstur, en ekki þar eftir félegt; því faðirinn kvað vera Halldór Kr. Friðriksson fyrv. yfirkennari. . . Sængurkonan hafði verið heldur ófrísk undanfarnar vikur, eink-um eftir heimkomuna úr leiðangrinum út af forntungnanáminu í Latínuskólanum. . . Ljós móðir að króanum var einn undir-kennarinn (Þorleifur H. Bjarnason) og lagði til að félagið tæki hann að sér til fósturs. . . Þá rak suma minni til annars laungetnaðar, er félagið hafði fóstrað, Brennivínsbókarinnar sælu, með Malakoffs-bragnum og öðrum leirburði af sama tagi.“ o.s.frv.

Björn M. Ólsen varð afarreiður þessari grein og svar-aði henni með miklum þjósti í „Þjóðólfi“. Í næstu grein B. J. í „Ísafold“ er það ljóst, að hann hefir séð eftir því, hve óhlífinn hann var í fyrri greininni. Hann byrjar á því, að glensmæli sín hafi hitt B. M. Ó. ver en ætlunin hafi verið. „Mér þykir það illa farið,“ segir hann „vegna þess að eg á svo mikils góds og ánægjulegs að minnast í okkar löngu viðkyrningu, – eg get gjarnan sagt óslitinni vin-áttu meiri hluta æfi okkar, eða hátt upp í 40 ár, hér um bil frá því, er við sáumst fyrst og settumst saman á skólabekk.“

En deilunni um stafsetninguna var um tíma haldið uppi í öllum blöðum hér í bænum, ýmist með eða móti. Hafði Pálmi Pálsson sagt það í fyrirlestri sínum í Blaða-mannafélaginu, að deilur um stafsetningu gætu, þótt lítt trúlegt mætti virðast, orðið hið mesta hitamál, og kom það nú skýrt fram, að hann hafði haft þar rétt að mæla. Hann kom fram í deilunum með mestu lipurð og reyndi að miðla málum. En hjá hinum, sem deildu, var um enga miðlun að ræða. Eg hvarf frá Blaðamannastaf-setningunni og færði fyrir því ástæður á fundi, sem mér fanst að hinir hlytu að taka til greina. En við það var ekki komandi. Eg varð annað hvort að fara úr félaginu eða halda fast við stafsetningarreglur þess. Og er eg gerði hvorugt, fékk Björn það knúid fram með miklu harðfylgi, að eg var rekinn úr félaginu. En Blaðamannafélagsstaf-setningin hafði þegar fengið mikið fylgi, eins og fyr segir, og hefir síðan verið mjög alment notuð bæði á blöðum og bókum. En deilan um, hana sýnir, hve kappsfullur Björn Jónsson gat orðið er hann tók að sér að halda fram einhverju máli.

-P. G.

(Sótt í endurbirtingu Lögbergs 5. ágúst 1937)



máli þróun íslenskrar stafsetningar síðustu aldir.

„Bókstafurinn *e* var notaður í mörgum elstu handritum frá um 1200 og fram á 14. öld til þess að tákna lengd sérhljóðs. Bókstafurinn *e* fékk síðar framburðinn *ie* og síðar *je* og á 14. öld er farið að skrifa *ie* í stað *e*. Sú venja hélst ærið lengi. Eggert Ólafsson skrifaði stafsetningarreglur árið 1762 þar sem hann mælti með að fremur værið skrifað *e* eða jafnvel stundum *e* í stað *ie*. Þótt reglur Eggerts hafi ekki verið prentaðar voru þær skrifaðar upp og höfðu mikil áhrif á stafsetningu, einkum á prentuðum bókum frá Hrapseyjarprentsmiðju. Smám saman varð venja að setja brodd yfir breiða sérhljóða og *e* var einnig prentað með broddi,“ segir Guðrún í svari sínu og jafnframt:

„Rasmus Kristian Rask, danskur málfræðingur og Íslandsvinur, samdi stafsetningarreglur fyrir íslensku og gaf út 1830. Þar mælti hann með því að *e* yrði skrifað með bakfallsbroddi, það er *e* þar sem breiðir sérhljóðar táknuðu annars tvíhljóð. Stafsetning Rasks hafði fljótlega töluverð áhrif.

Nýjar tillögur um stafsetningu komu frá Fjölnismönnum á fyrri hluta 19. aldar. Þeir vildu taka upp ritháttinn *je* í stað *e* eða *é*. Stafsetningarreglur Fjölnismanna höfðu lítil áhrif.

Haldór Kr. Friðriksson, íslenskukennari við Lærða skólann í Reykjavík, samdi einnig stafsetningarreglur og gaf út undir heitinu *Íslenskar rjettiritunarreglur* 1859. Reglur sínar byggði hann á hugmyndum Rasks þótt hann viki frá þeim sums staðar. Þessi stafsetning var oft nefnd skólafsetningin. Hvað *e* varðaði lagði Haldór til að það yrði skrifað *je*. Þessi ritháttur hélst síðan lengi þótt mælt hafi verið með rithættinum *e* í svokallaðri blaðamannastafsetningu frá 1898.“

Guðrún segir síðan að árið 1918 hafi Stjórnarráðið sent frá sér auglýsingu um stafsetningu. „Þá var blaðamannastafsetningin lögfest en þó með þeirri breytingu meðal annars að skrifa skyldi *je* en ekki *e*. Þetta hélst til 1929 að nýjar stafsetningarreglur voru birtar á vegum páverandi kennslumálaráðherra, Jónasar Jóns-

sonar frá Hriflu. Um *e* er sagt eftirfarandi:

Rita skal *e*, þar sem svo er fram boríð (þó aldrei á eftir g eða k), hvort sem þar er um að ræða fornt *e*, eða fornt *e*, sem lengzt hefur, t.d. léð, vér, vél, fé; – hérað, hélt, féll.

Þó skal rita *je* í fleirtölu af lýsingarhætti nútíðar með nafnorðsbeygingu, þar sem nafnháttur endar á ja, enda skiptast þá atkvæði á milli j og e, t.d. kveðjendur, seljendur, þiggjendur, sækjendur.

Þessi ritháttur hefur haldist síðan,“ segir Guðrún.

Sérkreddur og þarflaus nýmæli

Þegar Íslensk stafsetningarorðabók var gefin út að tilhlutan Blaðamannafélagsins árið 1900 fylgdi Björn í Ísafold henni úr hlaði með þessum orðum:

„Vér höfum lengi sárparfnast slíks orðasafns eða orðabókar, miklu lengur en síðan er Blaðamannastafsetningin komst á stökkana. Ætti fyrir því hver þetta að koma í góðar þarfir öllum þeim, er íslenska tungu rita, nærri því hvaða rithætti sem þeir fylgja. Og sérstaklega er munurinn á skólafsetningunni og vorum rithætti, blaðamanna, eigi meiri en svo, að hvorirtveggja rita meiri hluta orða alveg eins, eða að minnsta kosti mestalt það, er vandasamast er í íslenzkri stafsetningu, t.d. ber þeim alveg saman um, hvar rita skuli y og ý og z að allmiklu leyti.“

Í þættinum Íslenskt mál í Morgunblaðinu frá 16. nóvember 2002 sem Hjörtur Gíslason annaðist á þessum tíma er vitnað í Stafsetningarorðabók Blaðamannafélagsins þar sem segir: „Tildrög þessa kvers eru samtök Blaðamannafélagsins fyrir fáum missirum um útrýmingu hins sívaxandi stafsetningarglundroða í íslenzku máli, sem spillir tungu vorri og gerir ritmálið torveldara æskulýð vorum en ella mundi.“ En þar er einnig tekið á **mállýtum** og um það segir meðal annars í áður nefndum formála: „Með því að félagið gerði sér að reglu að sneiða hjá sérkreddum og þarflausri nýbreytni, var viðleitni þess mætavel tekið.“ Og „Um viðbótina: Nokkur mállýti er það að segja, að orð þau og orðtæki, sem þar eru talin, eru hvergi nærri öll rangmæli í sjálfum sér, heldur er það hitt, að þau

eru þá þrásinnis höfð í rangri merkingu; og er þeim litla bráðabirgðaleiðarvísi ætlað að benda viðvaningum á hvernig betur megi þar að orði komast að jafnaði. Þess skal getið að flestöll eru rangmælin (bögumæli, dönskuslettur o. fl.) tekin úr íslenzkum ritum, nýjum eða mjög nýlegum.“

Síðan segir Hjörtur í íslenskuþættinum áður nefnda: „Það er fróðlegt að sjá hvað var álitni mállýti fyrir 102 árum. **Aðvara** og **aðvörun** eru talin mállýti, en þess í stað átti að segja **vara við** eða **viðvörun**. Ekki mátti nota orðið **byggingar** yfir hús, heldur skyldi nota **húsakynni** eða **mannvirki**. Að **eyðileggja** þótti ekki boðlegt, heldur **glata**, **spilla** eða **tor-tíma**. Að vera **gamaldags** hlaut heldur ekki náð fyrir orðabókarhöfundi, þess í stað voru menn **fornfálegir**, **úreltir** eða **forflegir**. Blöð máttu ekki vera **útbreidd**, heldur **víðlesin** og menn **æfðu** ekki fyrir hundrað árum, heldur **iðkuðu** eða **tömdu sér**. Dæmin eru mun fleiri og flest finnst okkur þau einkennileg nú.“

Tungumálið og tilfinningarhiti

Ekkert fer á milli mála að þegar blaðamannastafsetningin er að koma fram er hún stórkostlegt tilfinningamál (og er vonandi ennþá). Besta lýsingin á því er frásögn Þorsteins Gíslasonar, þess margreynda ritstjóra (sjá nánar Blaðamannaminni á [press.is: http://press.is/index.php/component/journalist/22?view=items&layout=detail&catid=102](http://press.is/index.php/component/journalist/22?view=items&layout=detail&catid=102)) í grein sem hann skrifaði í Morgunblaðið á 70 ára afmæli Ísafoldarprentsmiðju en hún varpar bæði ljósi á upphaf Blaðamannafélagsins sem þeir Björn stofnuðu saman ásamt fleirum og á hinar hatrömmu deilur sem urðu út af blaðamannastafsetningunni. Greinin er birt hér í heild og með stafsetningu Þorsteins en þeir Björn áttu þegar á reyndi ekki alveg samleið varðandi blaðamannastafsetninguna, sem endaði með því að Björn rak Þorstein úr Blaðamannafélaginu. Eins og sjá má notaði Þorsteinn hvorki *e* né *je* heldur aðeins *e* sem hefur varla þótt nógu gott. Jafnframt fylgir hér ávarp Sveins Björnssonar er hann afhenti Móðurmálsverðlaunin Karli Ísfield

fyrstum fjölmiðlamanna og eins og sjá má á frásögn Morgunblaðsins þá notar forsetinn, nú eða blaðamaðurinn, ekki *é* í ég heldur *je* þótt brodd-

stafurinn hafi þá löngu verið löggildur í íslenski stafsetningu.

Þetta minnir auðvitað á z-sér- vitingana í blaðamannastétt vorra

tíma. Og að ekki þarf stórar þúfur til að velta þungu hlasi. Jafnvel aðeins lítinn, vesælan broddstaf.

Fimmtán verðlaunahafar

Á þeim tæplega 70 árum sem liðin eru frá stofnun *Minningarsjóðs Björns Jónssonar – Móðurmálssjóðs* hafa alls 15 blaða- og fréttamenn hlotið viðurkenningu sjóðsins.

Broddi Broddason, varafréttastjóri Ríkisútvarpsins, varð síðastur manna til að hljóta verðlaunin árið 2013.

Eins og annars staðar kemur fram var sjóðurinn stofnaður í janúar 1943 í minningu Björns Jónssonar, ritstjóra Ísafoldar og síðar ráðherra Íslands 1909-1911. Viðurkenningin er peningaverðlaun, sem skal verja til utanfarar, að því er segir í skipulagsskrá sjóðsins. Í upphaflegri stofnskrá sjóðsins segir að tilgangur hans sé „að verðlauna menn sem hafa aðalstörf við blöð eða tímarit og hafa að dómi sjóðsstjórnar undanfarin ár ritað svo góðan stíl og vandað íslenskt mál að sérstakrar viðurkenningar sé vert“. Í fréttatilkynningu menntamálaráðuneytisins vegna viðurkenningarinnar til handa Brodda Broddasyni segir aftur á móti um tilgang verðlaunanna að hann sé „að verðlauna menn sem vinna á fjölmiðlum...“ svo að verðlaunin hafa tekið mið af þróun fjölmiðlanna og fólk af ljósvakamiðlum hefur látið meira að sér kveða sem verðlaunahafar seinni árin.

Þessir fimmtán sem hafa hlotið verðlaun *Minningarsjóðs Björns Jónssonar – Móðurmálssjóðsins* eru:

Karl Ísfeld (1946)

(Sjá Blaðamannaminni: <http://press.is/index.php/component/journalist/243?view=items&layout=detail&catid=103>)

Loftur Guðmundsson (1949)

(Sjá blaðamannaminni: <http://press.is/index.php/component/journalist/146?view=items&layout=detail&catid=103>)

Helgi Sæmundsson (1956)

(Sjá Blaðamannaminni: <http://press.is/index.php/>

[component/journalist/110?view=items&layout=detail&catid=103](http://press.is/index.php/component/journalist/110?view=items&layout=detail&catid=103))

Bjarni Benediktsson (1957)

(Sjá Blaðamannaminni: <http://press.is/index.php/component/journalist/52?view=items&layout=detail&catid=103>)

Matthías Johannessen (1960)

(Sjá Blaðamannaminni: <http://press.is/index.php/component/journalist/247?view=items&layout=detail&catid=103>)

Indriði G. Þorsteinsson (1961)

(Sjá Blaðamannaminni: <http://press.is/index.php/component/journalist/235?view=items&layout=detail&catid=103>)

Skúli Skúlason (1965)

(Sjá Blaðamannaminni: <http://press.is/index.php/component/journalist/235?view=items&layout=detail&catid=103>)

Magnús Kjartansson (1967)

(Sjá Blaðamannaminni: <http://press.is/index.php/component/journalist/245?view=items&layout=detail&catid=103>)

Eiður Guðnason (1974)

Guðjón Friðriksson (1985)

Illugi Jökulsson (1992)

Jónas Kristjánsson (1996)

Gísli Sigurðsson (2000)

<http://press.is/index.php/component/journalist/86?view=items&layout=detail&catid=103>)

Sigríður Margrét Guðmundsdóttir (2004)

Broddi Broddason (2013)



Fjölmiðlar á einni mannsævi

Próun fjölmiðla á Íslandi síðastliðin 90 ár

Erindi Ragnars Karlssonar, flutt á málþinginu „Í fréttum er þetta helst“ sem haldið var til heiðurs Margréti Indriðadóttur.

Góða Margrét og aðrir tilheyrendur.

Mér er það sannur heiður að fá að ávarpa þetta málþing sem haldið er hér í dag til heiðurs Margréti Indriðadóttur, fyrrverandi fréttastjóra fréttastofu Ríkisútvarpsins-Hljóðvarps.

Áður en ég vind mér í að fjalla um yfirskrift þess efnis sem mér var úthlutað af þessu tilefni verð ég að hafa stuttan formála að erindinu. Margréti þekki ég ekki persónulega og hef ekki hitt hana fyrr en í dag. Engu að síður er nafn Margrétar mér meira en kunnugt fyrir störf hennar á fréttastofu útvarpsins um langt skeið, fyrst sem fréttamaður og síðar sem fréttastjóri. Óbeint má segja að fyrir fréttaflutning fréttastofunnar hafi hún fylgt mér í gegnum barnæskuna og öll mín unglingsár og eftir að ég varð fulltíða. Þegar ég hugsa til baka má segja að fátt yfirskyggi fyrstu bernskuminningar, að vera gert að sitja hljóður við matarborðið – hvort heldur var í foreldrahúsum eða í sveit hjá afa mínum og ömmu – meðan hádegis- og kvöldfréttatímarnir voru nánast færðir upp á disk heimilismanna rétt eins og soðningin og fréttirnar hljómuðu úr viðtækinu með tilheyrandi braki og brestum. Á stundum gat tekið á að þurfa að „sitja á strák sínum“, ef svo má að orði komast, meðan á fréttalestrinum stóð, en það hafðist – og það sem meira var, það vandist. Áður en langt um leið kviknaði áhugi á að fylgjast með þeim tíðindum, stórum sem smáum, sem fréttapalurinn í útvarpinu flutti og þeir fullorðnu hlýddu andaktugir á.

Mín saga er örugglega ekki á neinn hátt einstök eða sérstök. Hvarvetna á byggðu bóli, í höll sem koti, í borg sem uppi í afdöllum, til sjávar og til sveita varð Ríkisútvarpið fljótlega, og þá ekki hvað síst fréttirnar, að eins konar samvitund þjóðarinnar og þar með, kannski einnig, steinlímið sem hélt þjóðfélaginu saman, eins og Þorbjörn Broddason, prófessor, hefur komist að orði (Þorbjörn Broddason, 2005).

Á þeim ríflega 90 árum sem liðin eru frá því að Margrét leit þennan heim fyrst augum hefur mikið vatn runnið til sjávar. Samfélagið er gjörbreytt og það er fjölmiðlalandslagið einnig.

Upphaf útvarps

Árið 1923, á fæðingarári Margrétar, komu út í Reykjavík þrjú dagblöð auk tíu vikublaða sem gefin voru út víðs vegar um landið. Öll þessi blöð áttu það sammerkt að vera ýmist gefin út af stjórnmalaflokkum eða skipa sér í sveit með tilteknum stjórnmalahreyfingum. Hljóðvarpsrekstur hafði þá ekki hafist hér á landi og fæstir höfðu nema óbeinar fréttir af slíkum undrum og stórmerkjum frá útlöndum. Þess var þó ekki lengi að biða að framtakssamir menn með Ottó B. Arnar, símfæðing, í fararbroddi hugsuðu sér til hreyfings ef ríkisvaldið væri ekki tilbúið að hefja slíkan rekstur. Þremur árum síðar hóf Útvarp Reykjavík hf. útsendingar sem gengu slítrótt fyrir sig uns þær lögðust af nokkru fyrir tilkomu Ríkisútvarpsins. Í millitíðinni hafði enski trúboðinn Arthur Gook reynt að setja á laggirnar safnaðarhljóðvarp á Akureyri með engu betri árangri, nema síður væri. Þessi saga verður ekki frekar rakin hér,

enda hefur það verið gert ágætlega af öðrum.

Flokksblaðamenska

Árið 1943 hóf Margrét blaðamensku á Morgunblaðinu og gegndi því starfi næstu árin eða allt til 1949 er hún var ráðin á fréttastofu Ríkisútvarpsins. Í millitíðinni hafði hún reyndar skotist í háskólanám til Bandaríkjanna í blaðamensku og sneri þaðan aftur 1947. Á fréttastofu Ríkisútvarpsins starfaði Margrét sem fréttamaður til ársins 1968 er hún tók við fréttastjórnunum, fyrst kvenna á Norðurlöndum til að gegna því þýðingarmikla embætti, og gott ef ekki í Evrópu allri.

Allan þennan tíma einkenndist fjölmiðlamarkaðurinn hér á landi af því sem Birgir Guðmundsson hefur nefnt tímabil „altækrar flokksfjölmiðlunar“ (Birgir Guðmundsson, 2007). Stöðugleiki ríkti, dagblöðunum fjölgaði að vísu úr þremur í sex þegar mest var, en stjórnmalaflokkarnir réðu lögum og lofum í blaðaútgáfunni. Sú blaða- og fréttamenska sem blöðin ástunduðu var að vísu misjöfn og „járnagi“ flokka birtist með misjöfnum hætti á síðum þeirra. Flokkur og blað þurftu hvort á öðru að halda. Stjórnmalaflokkarnir til að ná til og tala til flokksmanna og kjósenda sinna; blöðin reiddu sig á stuðning flokkanna, bæði beint og óbeint. Ritstjórar og lykilmenn á blöðunum voru valdir úr innstu sveit, en aðrir áttu eftir að skipa sér í forystusveit fyrir starf sitt í þágu blaðs og flokks. Hér sem annars staðar áttu flokksföngjar beinan aðgang að stuðningsmönnum og kjósendum í gegnum málgagnid; þeir stýrðu í reynd blöðunum, en ekki óbreyttir



Ragnar Karlsson flytur erindi sitt á málþinginu.

Mynd: Atli Rúnar Halldórsson

flokksfélagar (Michels, 1968 [1915]: 149-52).¹ Rekstrarlegar aðstæður blaðanna voru þó ærið ólíkar. Blöð vinstri flokkanna börðust alla tíð í bökkum fjárhagslega og reiddu sig á fjárhagslegan stuðning flokks og flokksmanna til að halda sér á floti á meðan hægri blöðin gátu sótt í djúpa vasa eigenda ef á þurfti að halda, sem oft voru jafnframt fjárhagslegir bakhjarlar og á stundum í forystusveit flokksins (um þróun íslenskur blaðamarkaði, sjá t.d. Ragnar Karlsson, 2004).

Tími kalda stríðsins

Stóran hluta aldarinnar voru blöðin „í rauninni lítið annað en framlenging á stjórnmalaflokkunum“, líkt og erlendur bókarhöfundur tók eftir á ferðum sínum hingað til lands á sjöunda áratugnum (Griffiths, 1969: 122). Skil milli

frétta og skoðana voru óljós og blöðin sýndu pólitískum andstæðingum enga vægð og miskunn, en fjölluðu þeim mun hlýlegar um pólitíska samherja. Á tímum kalda stríðsins var engu líkara en blöðin væru „þátttakendur í stöðugu Dreyfusarmáli“ með tilheyrandi svikabrigslum í garð pólitískra andstæðinga (Tomasson, 1980: 129). Því má halda fram með nokkrum sanni að blöðin hafi búið til hreyfingar og hreyfingar hafi búið til blöðin, þar sem blöðin töluðu til lesenda samkvæmt kjörorðinu „einn fyrir alla og allir fyrir einn“, eins og franskir stjórnspekingurinn Alexis de Tocqueville lýsti bandarískum blöðum á tímabili flokksfjölmíðlunar þar í landi á fyrri hluta nítjándu aldar (Tocqueville, 1981 [1835]: 69-70).

Tilraunir voru að vísu gerðar til að brjótast undan þeim klafa sem flokksræðið var og blásið var til útgáfu

óháðra blaða, en þær urðu allar skammlífur. Það var ekki fyrr en Dagblaðið kom fram árið 1975 að útgáfa dagblaðs sem ekki var í tengslum við stjórnmalafli tókst.

Ólíkt því sem gerðist í nágrenna löndunum og víðast í hinum vestræna heimi stóð tímabil altækrar flokksfjölmíðlunar hér langt fram eftir öldinni. Líkt og fyrirgreiðslupólitíkin var allsráðandi í stjórn- og efnahagslífi með tilheyrandi frænd-, vin- og viðskiptahyglni (sjá t.d. Gunnar Helga Kristinsson, 2007; Jakob F. Ásgeirsson, 1988) gildi nákvæmlega það sama um fjölmiðla í einkaeigu. Að mörgu leyti var fjölmiðlaumhverfið hér mun líkara því sem gerðist (og er reyndar enn við lýði) í Suður-Evrópu en var um álfuna norðan- og vestanverða (Hallin og Mancini, 2004; Hallin og Papathanassopoulos, 2002).

¹ Að vísu á Michels hér við blöð verkalyðshreyfingar og sósíalístaflökka. Sama gildir einnig víða um mörg þeirra blaða sem gengu erinda borgarlegu flokka.



Fjölmeni kom til að heiðra Margréti.

Mynd: Atli Rúnar Halldórsson

Frelsi á ljósvakanum

Árið 1986 þegar Margrét lét af störfum sem fréttastjóri Ríkisútvarpsins-Hljóðvarps, eftir að hafa verið þar við stjórnvölinn hátt í tvo áratugi, var ljóst að nýir tímar í fjölmiðlun voru að renna upp og að farið var að kvarnast úr flokksræðinu og altækum völdum flokkanna á blöðunum. Margt lagðist þar á eitt: tilkoma Sjónvarpsins tuttugu árum áður og sífellt aukið vægi þess í lífi landsmanna, upphaf útgáfu DV sem gaf flokksblaðamenskunni langt nef, breytt viðhorf og viðmið blaðamanna til blaðamennsku, breyttar og sumpart óskýrari átakalínur í íslenski pólitík ásamt þverrandi flokkshollustu, tækni-breytingar í boðskiptum og síðast en ekki síst gjörbreytt fjölmiðlalandslag í kjölfar þess að einkaréttur Ríkisútvarpsins var afnuminn í ársbyrjun 1986. Gamli flokksmiðlar ýmist löguðu sig að nýjum aðstæðum eða lögðu upp laupana og nýir fjölmiðlar komu til skjalanna sem höfðu arðsemissjónarmið fyrst og fremst að leiðarljósi. Síðan hefur þessi þróun haldið áfram með tilkomu netsins og stafrænnar miðlunar og stöðugri fjölgun miðlunarleiða og fleiri fjölmiðla. Á ofanverðri tuttugustu öld leysti markaðsfjölmiðlun flokksfjölmiðlun endanlega af hólmi. En þar með er ekki sagan öll.

Mikil samþjöppun

Draumsýnin sem margir sáu fyrir sér

með afnámi einkaréttar Ríkisútvarpsins til hljóðvarps- og sjónvarpsút-sendinga um þá „fögru nýju veröld“ þar sem þúsund blóm fengju að spretta rættist ekki. Fjölmiðlamarkaðurinn er fyrst og fremst leikvöllur stórfyrirtækja og auðmanna. Samþjöppun eignarhalds og markaðsstöðu á íslenskum fjölmiðlamarkaði er með því mesta sem þekkest (sjá Ragnar Karlsson, 2009) og viðskipta og vöruvæðing fjölmiðla ágerist stöðugt sem á sér stað í dagskrárvali og efnisumfjöllun einkarekinna fjölmiðla. Fjölmiðlar gera sér far um að höfða í auknum mæli til lífsstíls – og áhugasviðshópa, þeirra hópa sem sýnt þykir að auglýsendur hafi sérstakan áhuga á að ná til. Samfara síharðnandi samkeppni milli fjölmiðla um sífellt sundurlausari notendur og takmarkaðar tekjur er deginum ljósara að þessi þróun í einkareknum fjölmiðlum á eftir að halda áfram.

Með þessu er ekki sagt að fjölmiðlar hafi glatað pólitísku hlutverki sínu né að þeir geti ekki þjónað pólitískum tilgangi eigenda sinna (Freedman, 2014). Sumir ganga jafnvel svo langt að tala um ný-stjórnmalavæðingu fjölmiðla í þessu sambandi (sjá t.d. Weibull, 2013). Hér á landi má auðveldlega finna dæmi sem bent gætu til þessa. Nærtækt er að benda á hvernig Fréttablaðið hefur á stundum gengið erinda eigenda sinna í fréttaflutningi eða með þögn um mál sem hafa

komið bakhjörnum þess illa og hvernig ritstjórar Morgunblaðsins keppast síðustu misserin við að skrifa söguna upp á nýtt, meðvitaðir um það að sá sem ræður túlkun fortíðarinnar ræður skilningi okkar á samtímanum, svo vísað sé óbeint til „distópiu“ Georges Orwell 1984.

Áhrif eigenda

Að frátöldum efnahagslegum hvata til að eiga og reka fjölmiðla, sem þó er ekki alltaf ljós þegar þess er gætt að fjölmiðlar hafa ósjaldan verið reknir með tapi jafnvel árum saman, snýst eignarhald á fjölmiðlum allt eins um stjórn málaaleg völd og áhrif, eða eins þeir Daniel C. Hallin og Paolo Mancini benda á: „[E]igendur fjölmiðla nota þá á tíðum sem tæki til áhrifa gagnvart öðrum valdahópum og til afskipta í stjórn málaheiminum. Í mörgum tilvikum er þetta frumástæðan fyrir eignarhaldi á fjölmiðlum“ (Hallin og Mancini, 2004: 58). Með því að fjölmiðlar hafa í vaxandi mæli orðið eign eigenda sem eiga margvíslegra og stórtækra hagsmuna að gæta á ýmsum sviðum, jafnt í fjölmiðlum sem utan, hafa þeir orðið berskjaldaðri fyrir margvíslegum utanaðkomandi áhrifum (McQuail, 2005: 29).

Hlutur Ríkisútvarpsins

Nú er sjálfsagt von að einhver spyrji hvar Ríkisútvarpið komi inn í þessa svo mjög harðsoðnu mynd sem hér er dregin upp af þróun fjölmiðla og fjölmiðlunar hér á landi í tæpa öld. Þegar Ríkisútvarpið var stofnað gættu stjórn mála flokkarnir þess vandlega að pólitískir andstæðingar hefðu ekki tögl og hagldir á stofnuninni. Ríkisútvarpinu var gert að þræða vandrataðan meðalveg í umfjöllun sinni og efnisvali og að gæta þess að ekki væri í neinu dreginn taumur eins flokks fram yfir annan. Þessi „Finnlandisering“ varð til þess að allt fram á síðasta fjórðung síðustu aldar hélt Ríkisútvarpið sér að miklu leyti til hlés varðandi umfjöllun um stjórn mál – það hélt sig á „hlutlausu beltinu“.

Í fyrstu virðist mönnum reyndar ekki hafa verið alfarið ljóst hversu megnugt útvarp var. Á fjórða áratug-

um var athyglisverð tilraun gerð til að kjósa hluta útvarpsráðsmanna úr hópi félags viðtækjaeigenda. Úrslitin voru sumpart óvænt: stjórnarflokkarnir náðu ekki meirihluta í kosningunum eins og þeir höfðu stefnt að (Gunnar Stefánsson, 1997: 105-107). Þess var ekki lengi að bíða að stjórn málaöflin áttuðu sig á að við svo mætti ekki búa og var lögnum um skipan útvarpsráðs breytt þannig að ráðið endurspeglaði valdahlutföll á þingi.² Næstu áratuginu völdust sem pólitískir varðhundur til setu í útvarpsráði, ýmist flokksleiðtogarnir sjálfir, ráðherrar, þingmenn, ritstjórar málgagna flokkanna eða aðrir úr innstu sveit. Þannig var um hnútana búið allt þar til Ríkisútvarpið var gert að opinberu hlutafélagi árið 2007 og við tók fagleg stjórn yfir stofnuninni kjörin af Alþingi.



Margrét Indriáadóttir, í hópi fjölskyldu og vina, hlýðir á dagskráratriði á málþinginu.

Mynd: Atli Rúnar Halldórsson

Þjóðarútvarp

Samhliða breytingum í fjölmiðlun hefur Ríkisútvarpinu smám saman tekist að losa sig úr skrufstykki stjórn mála-flokkanna og orðið djarfara í allri framgöngu sinni í umfjöllun um stjórn mála, í fréttum og fréttatengdu efni. Stjórn málamönnum, sumum hverjum að minnsta kosti, er þó ósýnt um vik að láta af gömlum ósið og gera enn kröfur til Ríkisútvarpsins að það syngi eftir þeirra lagi.

Ríkisútvarpið er og hefur alla tíð verið meira en fréttir. Eftir byrjunarörðugleika fyrstu starfsárin sem voru samfara bágunum móttökuskilyrðum víða um land kom Ríkisútvarpið sér upp öflugasta hljóðvarpsendi sem var í notkun í Evrópu á þeim tíma og varð að sönnu þjóðarútvarpi. Svipað eins og rafmagnið sem bar ljós í dimman bæinn bar Ríkisútvarpið inn hljóðið. „Þögn sem ríkti / ei verður meir“ svo tekur séu að láni ljóðlínu frá Samuel Beckett. Ríkisútvarpið veitti nýjum menningarstraumum inn í þjóðlífið af slíkum þunga að fátt stenst þar samjöfnuð. Sérhverft kot var nú orðið að höll í menningarlegum efnum.

Með fjölbreyttari miðlunarleiðum og vaxandi fjölda fjölmiðla hefur staða Ríkisútvarpsins gjörbreytst. Ríkisút-

varpið er ekki lengur eitt um hituna í ljósvakamiðlun og getur ekki lengur gert kröfu til óskoraðrar athygli landsmanna eins og áður. Í kjölfarið hefur eðlilega dregið úr áhorfi og hlustun á dagskrárrásir þess. Áhyggjuefni hlýtur að vera fyrir stjórnendur stofnunarinnar að stór skörð hafa verið höggvin í hlustenda- og áhorfendahópa ungs fólks. Það á reyndar ekki bara við um Ríkisútvarpið því ungt fólk hefur að talsverðu leyti snúið baki við línulegri dagskrá sjónvarpsstöðva og hljóðvarpshlustun ungs fólks fer minnkandi. Sama á reyndar við um lestur ungs fólks á dagblöðum í hefðbundinni mynd sem er á hröðu undanhaldi. Engu að síður er fátt svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Ríkisútvarpið dregur enn daglega að sjónvarpstækini og hljóðvarpstækini stóran hluta landsmanna. Markaðshlutdeild Ríkisútvarpsins á hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaði er sambærileg og hjá systurstöðvum á hinum Norðurlöndum, eða með hátt í helmingshlutdeild í hljóðvarpi og yfir helmingshlut í sjónvarpi (sjá NORDICOM, www.nordicom.gu.se). Kannanir sýna sömuleiðis að Ríkisútvarpið nýtur langsamlega mests trausts fréttamiðla (sjá t.d. press.is, 29. okt. 2014, „Traust til fjölmiðla eykst“).

RÚV í ölduróti

Þar með er þó ekki sagt að Ríkisútvarpið sigli lygnan sjó. Hart er sótt að því úr tveimur áttum. Réttlætning útvarps í almannabjónustu er dregin æ oftast í efa, annars vegar, af talsmönnum markaðslausna og þeirra sem sjá ofsjónum yfir því fé sem varið er til starfsemi þess á aðhalds- og niðurskurðartímum í ríkisfjármálum og, hins vegar, af eigendum einkarekinna fjölmiðla sem kvarta með nokkrum sanni yfir ósanngjarni samkeppni frá Ríkisútvarpinu, sem fái meðgjöf af skattheimtu í gegnum útvarpsgjaldið og fái að athafna sig nær óáreið á auglýsingamarkaði í samkeppni við einkaaðila. Til að vinna bug á þessu sjá hinir sömu helst þá leið að skera beri stórlega niður í rekstri RÚV þannig að það þjóni skýrt afmörkuðum verkefnum sem einkaaðilar sjá sér ekki fært um að annast eða hafa ekki áhuga á.

Á sama tíma hafa ýmsir „hollvinir“ Ríkisútvarpsins horn í síðu þess fyrir hve léttmeti sé fyrirferðarmikið á dagskrá, allt frá poppi og sýblju, eins og það er nefnt, á Rás 2 yfir í nauðaðmerkilega „froðu“ af erlendu efni (lestist bandarísku) í Sjónvarpinu. Nær sé fyrir Ríkisútvarpið að sinna þeim menningarlegu skyldum sem því er

² Kjörtími útvarpsráðs var fyrst sá sami og kjörtími Alþingis, en var síðar breytt í fjögurra ára kjörtíma óháð kosningum, uns aftur var söðlað um og kjörtíminn færður til samræmis við kjör nýs þings.

ætlað að sinna, en að standa í samkeppni við einkaaðila með því að sýna vinsælt útlent efni. Því miður verður að segjast eins og er að þarna reynast hollvinirnir þeim verst er þeir unna mest, eins og Guðrún Ósvífursdóttir forðum, og leggjast óafvitandi á sveif með þeim sem vilja vængstýfa Ríkisútvarpið. Aðalsmerki útvarps í almannaþjónustu er að vera þjóðarútvarp, að kappkosta að ná til sem flestra óháð stétt og stöðu, aldri og kyni og ólíkum áhugasviðum, jafnt með „froðu“ og „síbylju“ og háalvarlegu menningarlegu efni og umfjöllun. Slíkt gerist ekki nema nægir fjármunir séu tryggðir til að standa undir þeim margvíslegu skuldbindingum sem því eru lagðar á herðar og dagskrársjálftæði stofnunarinnar sé tryggt. Dagskrár útvarps í almannaþjónustu sem stendur undir nafni má líkja við hlaðborð fullt af krásum þar sem allir geta fundið eitthvað sem fellur að þeirra smekk þótt þeim líki ekki allt sem haft er á borðum. Þótt sumir hafi smekk fyrir „fugli dagsins“ og „síðasta lagi fyrir fréttir“, á það ekki endilega við aðra. Fátt er eðlilegra en að dagskráin breytist og sé aðlöguð að breyttu breytanda. Hver saknar þess að dagskrárlíðurinn „Um daginn og veginn“ hljómar ekki lengur úr útvarpinu? Við verðum ávallt að hafa það hugfast að almannaþjónustuútvarp sem höfðar aðeins til tiltölulega fárra fær ekki lengi notið stuðnings og velvildar stjórn-málamanna sem stöðugt eru uppteknir við forgangsroðun ríkisfjármála.

Sátt um RÚV

Um Ríkisútvarpið næst tæplega sátt nema það sinni sem flestum, ekki alltaf heldur stundum, því sé skilað því fé sem við eigendurnir borgum

sérstaklega til þess með útvarpsgjaldinu og að einkaaðilum sé látið eftir að keppa um athygli auglýsenda. Þannig er sennilega helst von til að Ríkisútvarpinu sé gert kleift að tala til okkar sem borgara í stað neytenda og lýðræðislegu og fjölbættu menningarhlutverki þess verði borgið.

Margrét. Þú hefur lifað tímana tvenna. Það er mér mikil ánægja að hafa fengið að tala á þessu málþingi og sýna þér smá virðingavott á þessum tímamótum.

Ég þakka kærlega fyrir mig.

Tilvísaðar heimildir

Birgir Guðmundsson (2007) „Inngangur – í spegli tímans“, s. 6-17 í Birgir Guðmundsson (ritstj.) *Sjónarmið handhafa blaðamannaskírteina 1–10 á 100 ára afmæli Blaðamannafélags Íslands*. Reykjavík: Blaðamannafélag Íslands.

Freedman, Des (2014) *The Contradictions of Media and Power*. London: Bloomsbury.

Griffiths, John C. (1969) *Modern Iceland*. London: Pall Mall Press.

Gunnar Helgi Kristinsson (2007) *Íslenska stjórnkerfið*. Önnur endurbætt útg. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Gunnar Stefánsson (1997) *Útvarp Reykjavíkur. Saga Ríkisútvarpsins 1930–1960*. Reykjavík: Sögufélag.

Hallin, Daniel C. og Paolo Mancini (2004) *Comparing Media Systems: Three Models of Media and Politics*. Cambridge: Cambridge University Press.

Hallin, Daniel C. og Stylianos Papathanassopoulos (2002) „Political Clientelism and the Media: Southern Europe and Latin America in Comparative Perspective“, *Media, Culture and Society* 24(2): 175-95.

Jakob F. Ásgeirsson (1988) *Þjóð í hafti*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

McQuail, Denis (2005) *McQuail's Mass Communication Theory*. 5. útg. London: Sage.

Michels, Robert (1968 [1915]) *Political Parties: A Sociological Study of the Oligarchical Tendencies of Modern Democracy*. New York: The Free Press.

NORDICOM, „Public Service Radio Audience Shares 2003-2013“, <http://nordicom.gu.se/sv/mediefakta/mediestatistik> og „Public Service TV Audience Shares 2003-2013“, <http://nordicom.gu.se/sv/mediefakta/mediestatistik>.

press.is, 29. okt. 2014, „Traust til fjölmiðla eykst“, www.press.is/index.php/felagidh/frettir/3559-traust-til-fjoelmidhla-eykst.

Ragnar Karlsson (2004) „Iceland: Mapping the Newspaper Market 1980-2003“, s. 223-64 í B. Schneider og W. J. Schütz (ritstj.) *Europäische Pressemärkte / European Press Markets*. Vin: Österreichische Akademie der Wissenschaften, s. 223-64. (Sérhefti af *Relation*, N.F. 1, 2004).

Ragnar Karlsson (2009) „Þróun fjölmiðla-markaðarinnar“, Fylgiskjal 1 með *Frumvarp til laga um fjölmiðla*, þskj. 740 – 423. mál, s. 202- 372, www.althingi.is/altext/138/s/pdf/0740.pdf.

Tomasson, Richard F. (1980) *Iceland: The First New Society*. Minneapolis, MN: University of Minnesota Press.

Toqueville, Alexis de (1981 [1835]). „Newspapers and Public Associations in the United States“, s. 68-73 í M. Janowitz o.fl. (ritstj.) *Reader in Public Opinion and Mass Communication*. 3. útg. New York: The Free Press.

Weibull, Lennart (2013) „Ár partipressen död eller levende? Reflexioner från ett presshistoriskt seminarium“, *Nordicom Information* 35(1-2): 37-48.

Þorbjörn Broddason (2005) *Ritlist, prentlist, nýmiðlar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.



Orlofshús

Blaðamannafélags Íslands



Sumarhús í Brekku, á Akureyri og í Stykkishólmi

Umsóknarfrestur um sumarhús BÍ skulu hafa borist skrifstofu félagsins í síðasta lagi **föstudaginn 20. mars**. Sækja skal um á orlofsvef Blaðamannafélagsins (press.is/hnappur „sumar 2015“) og einnig má senda póst á orlofshus@press.is. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu BÍ www.press.is. Nánari upplýsingar á skrifstofu BÍ, Síðumúla 23, sími 553 9155.

Alltaf hagstæð leiga

Vikugjald fyrir fullgilda félagi í BÍ verður kr. 15.000 í Litlu-Brekku og kr. 20.000 fyrir Stóru-Brekku og á Akureyri og kr. 28.000 fyrir Stykkishólm. Gjaldið greiðist við staðfestingu úthlutunar. (Heimilt er að greiða með Visa/Euro.)

Stóra-Brekka

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

1. vika: 29. maí – 5. júní
2. vika: 5. júní – 12. júní
3. vika: 12. júní – 19. júní
4. vika: 19. júní – 26. júní
5. vika: 26. júní – 3. júlí
6. vika: 3. júlí – 10. júlí
7. vika: 10. júlí – 17. júlí
8. vika: 17. júlí – 24. júlí
9. vika: 24. júlí – 31. júlí
10. vika: 31. júlí – 7. ágúst
11. vika: 7. ágúst – 14. ágúst
12. vika: 14. ágúst – 21. ágúst
13. vika: 21. ágúst – 28. ágúst
14. vika: 28. ágúst – 4. sept.

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____
3. vika _____ 4. vika _____

Litla-Brekka

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

1. vika: 29. maí – 5. júní
2. vika: 5. júní – 12. júní
3. vika: 12. júní – 19. júní
4. vika: 19. júní – 26. júní
5. vika: 26. júní – 3. júlí
6. vika: 3. júlí – 10. júlí
7. vika: 10. júlí – 17. júlí
8. vika: 17. júlí – 24. júlí
9. vika: 24. júlí – 31. júlí
10. vika: 31. júlí – 7. ágúst
11. vika: 7. ágúst – 14. ágúst
12. vika: 14. ágúst – 21. ágúst
13. vika: 21. ágúst – 28. ágúst
14. vika: 28. ágúst – 4. sept.

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____
3. vika _____ 4. vika _____

Akureyri

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

1. vika: 29. maí – 5. júní
2. vika: 5. júní – 12. júní
3. vika: 12. júní – 19. júní
4. vika: 19. júní – 26. júní
5. vika: 26. júní – 3. júlí
6. vika: 3. júlí – 10. júlí
7. vika: 10. júlí – 17. júlí
8. vika: 17. júlí – 24. júlí
9. vika: 24. júlí – 31. júlí
10. vika: 31. júlí – 7. ágúst
11. vika: 7. ágúst – 14. ágúst
12. vika: 14. ágúst – 21. ágúst
13. vika: 21. ágúst – 28. ágúst
14. vika: 28. ágúst – 4. sept.

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____
3. vika _____ 4. vika _____

Stykkishólmur

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

1. vika: 29. maí – 5. júní
2. vika: 5. júní – 12. júní
3. vika: 12. júní – 19. júní
4. vika: 19. júní – 26. júní
5. vika: 26. júní – 3. júlí
6. vika: 3. júlí – 10. júlí
7. vika: 10. júlí – 17. júlí
8. vika: 17. júlí – 24. júlí
9. vika: 24. júlí – 31. júlí
10. vika: 31. júlí – 7. ágúst
11. vika: 7. ágúst – 14. ágúst
12. vika: 14. ágúst – 21. ágúst
13. vika: 21. ágúst – 28. ágúst
14. vika: 28. ágúst – 4. sept.

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____
3. vika _____ 4. vika _____

Nefnið fleiri en eina viku til þess að auðvelda úthlutun!

Af borðum Valtýs og Einars

Í fundarherbergi aðalskrifstofu Blaðamannafélags Íslands í Síðumúlanum stendur virðulegt gamalt fundarborð sem nýst hefur félagsmönnum og nefndum félagsins með margvíslegum hætti.

Atli Steinarsson, sem var stjórnarmaður í Blaðamannafélaginu um árabíl og þekkir sögu þessa borðs öðrum fremur, hefur tekið saman fróðleik um það sem hann kallar **Brot úr sögu þessa borðs**. Hér á eftir fer frásögn Atla, en hún var skrifuð á sumardaginn fyrsta 2012:

„Skrifborð þetta var upphaflega í eigu Stefáns Stefánssonar, 1863-1921, kennara og skólameistara 1887 til æviloka og alþingismanns frá 1900 til æviloka. Eftir hans dag komst skrifborðið í eigu sonar hans, Valtýs Stefánssonar, 1893-1963, sem átti eftir að hafa vítæk áhrif á þróun íslenskrar blaðamennsku.

Valtýr varð ritstjóri Morgunblaðsins 1924 og gegndi því starfi í tæp 40 ár. Allt sem hann skrifaði var handskrifað. Skrifborðið var því þýðingarmesta húsgagn hans. 1928 fengu ritstjórar Morgunblaðsins skrifstofur á 2. hæð hússins við Austurstræti 8. Ætla má að þá hafi þetta borð verið flutt þangað. Er Valtýr veiktist og tók að vinna mestmegnis á heimili sínu varð það vinnuborð ýmissa blaðamanna. Síðustu árin var það vinnuborð Þorsteins heitins Thorarensen og undirritaðs, en við höfðum að auki hvor sitt vélritunarborð. Borðið stóð í innsta herbergi



Atli Steinarsson.

hæðarinnar og sneri gluggi þess að Austurvelli.

Þegar Morgunblaðið flutti í Aðalstræti 6, árið 1956, var allt innbú blaðsins endumýjað. Þá fannst hvergi rúm fyrir þetta fagra og sögufræga borð. Undirritaður gekk þá á fund Sigfúsar Jónssonar, framkvæmdastjóra blaðsins, og fékk borðið að gjöf til Blaðamannafélags Íslands. Með fylgdu nokkrir stólar, miklu yngri og óskildir borðinu. Borðið og stólamir voru um skeið einu húsgögnin í fyrstu skrifstofu BÍ, sem var í forstofuherbergi á 1. hæð að Vesturgötu 25.

Hjá einni stjórn BÍ kom upp sú hugmynd að lækka borðið með því að

stytta fætur þess og gera það að sófaborði. Fríða Björnsdóttir, starfsmaður félagsins um áratugaskeið, kom í veg fyrir það slys. Fríða á einnig heiður og þakkir skildar fyrir að hafa látið þússa borðið upp og lakka og sýna því þá virðingu er því ber. Hún lét einnig gera upp tvo af stólunum sem félagið fékk notaða að gjöf í maí árið 1956.

Nú sjá allir að skrifborð Stefáns skólameistara og alþingismanns – og síðar Valtýs sonar hans, brautryðjanda í íslenskri blaðamennsku, er ómetanleg eign. Nokkuð víst má telja að borðið sé nú orðið rúmlega 100 ára gamalt.

Þessi orð eru rituð fyrsta dag sumars, 19. apríl 2012.“

Fríða Björnsdóttir, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri BÍ um árabíl, m.a. á þessum tíma, segist þurfa að breyta einu atriði í þessari sögu sem reyndar „gerir hana að vissu leyti enn undarlegri. Stjórn BÍ vildi ekki gera borðið að sófaborði heldur voru stjórnarmenn í þetta skipti fremur lágvaxnir og stólarnir sem við áttum þá líka ekki sérlega háir. Það var því stærð – hæð stjórnarmanna sem varð til þess að þeir vildu saga af löppunum svo þeir næðu sjálfir upp fyrir borðröndina,“ segir hún.

Borð Einars Olgeirssonar

Annað borð er í eigu Blaðamannafélagsins með sína sögu en það er nú



Hér má sjá borð Valtýs Stefánssonar og föður hans Stefáns Stefánssonar, sem nú er í húsakynnum BÍ í Síðumúlanum.

milliborð milli tveggja starfsstöðva á skrifstofu skrifstofustjóra BÍ. Þetta er borð sem er sagt hafa verið skrifstofuborð Einars Olgeirssonar, forustumanns róttækasta hluta vinstrimanna á árum áður, meðan hann var ritstjóri Þjóðviljans. Um þetta borð eru ekki miklar heimildir aðrar en þær sem Lúðvík Geirsson, fyrrverandi formaður BÍ og bjargvættur borðsins, hefur sagt okkur:

Hann segist ekki vita annað um borðið en að sagt var við sig að þetta væri gamla skrifborðið sem Einar hefði notað á sínum tíma þegar hann var ritstjóri og það hefði komið með upp í Síðumúla (þangað sem Þjóðviljinn flutti) í flutningunum frá Skólavörðustígnum.

„Það var haft frammi á gangi rétt við innganginn á 2. hæð þar sem ritstjórnin var og notað sem aukavinnu-

borð en passaði ekki inn í innréttingar sem voru sérsmíðaðar í öll vinnuherbergi,“ segir Lúðvík og bætir við að einhverju sinni þegar ráðist var í mikla tiltekt í húsinu hafi átt að losa sig við

borðið og sér þá fundist skynsamlegast að fá það fyrir BÍ en þá hafi félagið verið búið að eiga gamla Moggaborðið sem sitt aðalfundarborð um langan tíma.



Borð Einars Olgeirssonar sem er á skrifstofum BÍ.

BÍ kaupir alla 3. hæðina við Síðumúla

Blaðamannafélag Íslands hefur fest kaup á austurhelmingi 3. hæðarinnar að Síðumúla 23. Um er að ræða um 150 fermetra og er kaupverðið 23 milljónir króna. Þar með á félagið alla þriðju hæð hússins, alls um 300 fermetra, en fyrir átti félagið vesturhelming hæðarinnar.

Félagið hefur lengi haft augastað á þessu húsnæði. Til þess hniga mörg rök. Í fyrsta lagi þarf félagið stærra sal undir starfsemi sína, enda hefur það meira en þrefaldast að stærð frá því það upphaflega keypti sér húsnæði í Síðumúlanum fyrir hálfum fjórða áratug. Í öðru lagi er óhagkvæmt að eiga

einungis hálfu hæðina og hafa ekki stjórn á því hvers lags starfsemi fer fram í öðrum hlutum hússins, auk þess sem öll hæðin er mun verðmætari eign hlutfallslega en hálf hæðin þegar um endursölu er að ræða. Í þriðja lagi er um hagstæða fjárfestingu að ræða, verð hagkvæmt



Síðumúli 23 eftir múrviðgerðir, gluggaskipti og málningu.



Fundarsalurinn verður mun stærri og betri eftir breytingar.

miðað við verð á fasteignamarkaði, og vextir í bönkum lágir miðað við það sem verið hefur. Seljandi er fjármálfyrirtækið Virðing, sem á alla eignina að Síðumúla 23 og Selmúla 2 á móti Bláamannafélaginu og eru kaupin að öllu leyti fjármöggnuð með eigin fé.

Samkomulagi um kaupin fylgdi ákvæði um að koma fyrir lyftu í húsinu, en hana hefur vantað. Það var ein forsenda þess að ráðist var í kaupin enda er óviðunandi að skrifstofur og félagsaðstaða Bláamannafélagsins sé ekki aðgengileg fyrir hreyfihlaða og aðra þá sem erfitt eiga en gang en eiga erindi við félagið. Framkvæmdir við lyftuna eru langt komnar og nánast lokið þegar þetta er ritað. Þá var einnig ráðist í viðhald á húsinu að utan. Skipt var um glugga í öllu húsinu en það var löngu orðið tímabært, húsið múrviðgert og málað og skipt um járn á þaki. Þær framkvæmdir hófust síðla sumars og er nú lokið.

Bláamannafélagið hefur verið í Síðumúla 23 allt frá því það eignaðist fyrst sitt eigið húsnæði í ársbyrjun 1979, fyrir rúmum 35 árum. Þá keypti félagið tvo þriðju hluta þriðju hæðarinnar í austurenda hússins, þann helming sem keyptur var nú. Þetta er því í annað skipti sem Bláamannafélagið eignast þennan hluta hæðarinnar. Á þeim tíma átti Stjórnunar-

félagið hæðina á móti Bláamannafélaginu. Þegar öryggismálfyrirtækið Securitas, sem lengi átti húsnæðið í Síðumúlanum á móti Bláamannafélaginu færði út kvíarnar keypti það hluta BÍ í 3. hæðinni, en BÍ keypti eignarhluta Stjórnunarfélagsins. Það var um miðjan níunda áratuginn og hefur Bláamannafélagið verið með skrifstofu- og fundaðstöðu sína þar síðan. Fyrirhugað er að koma fyrir stórum sal í austurenda hæðarinnar, sem getur hýst stærri fundi á vegum félagsins, en BÍ hefur haft afnot af þessu húsnæði síðustu árin. Jafnframt



Hér má sjá lyftuna sem sett hefur verið í húsið og gjörbreytir aðgengi að skrifstofum BÍ.

verður eldhús- og salernisaðstaða færð til nútímahorfs, en það er löngu tímabært. Þá skapast einnig tækifæri til að leigja út til félagsmanna aðstöðu fyrir veislu- og fundarhöld, en mörg stéttarfélag hafa yfir slíkum möguleikum að ráða.

HJ



Eins og sjá má hefur verið fjarlægður milliveggur sem breytir rýminu verulega.

Af vettvangi háskólanna

Á vettvangi háskólanna á Íslandi er á hverju ári unnið umtalsvert starf meðal nemenda við að skoða og rannsaka fjölmiðla og blaðamennsku frá hinum ýmsu hliðum. Af rakstur þessarar vinnu birtist m.a. í lokaritgerðum nemenda sem þeir hafa unnið undir leiðsögn kennara.

Hér á eftir er til fróðleiks birt yfirlit yfir lokaritgerðir frá síðasta vori sem tengjast fjölmiðlun og blaðamennsku og birtur er útdráttur úr ritgerðunum ásamt vefslóð þar sem hægt er að nálgast þær á rafrænu formi á Skemmunni, rafrænu gagnasafni íslensku háskólanna. Hér er ekki um tæmandi yfirlit að ræða, og fyrst og fremst byggt á ritgerðum frá þeim skólum sem kenna fjölmiðlafræði eða blaðamennsku, sem eru Háskólinn á Akureyri þar sem um BA-ritgerðir er að ræða og Háskóli Íslands þar sem er um MA-ritgerðir að ræða.

Aðgengi eða áhugi? Munur á efnistöku og vægi fréttu eftir karla og konur – Arnhildur Hálfánardóttir (HÍ)

Fræðimenn hafa haldið því fram að fjölmiðlaumhverfið sé karllægt. Þá hefur því verið haldið fram að konur hafi ekki aðgengi að öllum efnisflokkum til jafns á við karla og að efni eftir þær sé minna metið. Þessi rannsókn snýr að efnistöku og röðun efnis eftir karlkyns og kvenkyns fréttamenn á tveimur ljósvakamiðlum, RÚV og Stöð 2. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á hvort munur væri á efnistöku karla og kvenna og hvort framlag þeirra væri jafnmikils metið. Þá var kannað hvort fréttamenn teldu áhuga, aðgengi eða aðra þætti ráða því hvaða málaflokka fréttamenn fjölluðu um og hversu framarlega fréttir þeirra röðuðust. Loks voru viðhorf fréttamanna til fréttamats, jafnréttismála og stöðu kynjanna á vinnustað könnuð.

Rannsóknin samanstendur af innihaldsgreiningu, vettvangsathugun og djúpvíðtölum. Innihaldsgreiningin fólst í greiningu fyrstu fréttu kvöldfréttatímans á báðum stöðvum í tvo mánuði og allra fréttu fréttatímans í einn mánuð. Fréttirnar voru greindar eftir kyni fréttamanns, röðun og efnisflokkum. Tekin voru tíu djúpvíðtöl við fréttamenn og stjórnendur á miðlunum. Niðurstöður vettvangsathugunar voru ásamt niðurstöðum innihaldsgreiningarinnar notaðar sem samræðugrundvöllur í þeim.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að það er munur á efnistöku karla og kvenna. Þá röðuðust fréttir karla frekar framarlega í fréttatímann en fréttir kvenna. Munur á efnistöku karla og kvenna var mun meiri á Stöð

2 en á RÚV. Fréttamenn töldu efnistöku frekar ráðast af áhuga heldur en aðgengi. Aðgengi kann þó að vera skert á sumum sviðum vegna þess að hefð er komin á að karlar sinni þeim. Konur á Stöð 2 upplifðu að fréttir þeirra væru ekki jafn mikils metnar og fréttir karla en konur á RÚV upplifðu það síður. Þá lýstu konur því frekar yfir að þær vildu breyta fréttamatinu á miðlinum svo málaflokkar sem konur fjölluðu mikið um fengju meira vægi.

<http://skemman.is/item/view/1946/17914>

Og við byrjum á fótbolta. Íþróttumfjöllun í sjónvarpi á Íslandi – Benedikt Grétarsson (HÍ)

Markmið með rannsókninni var að komast að því hvort að mikill munur væri á íþróttumfjöllun ríkisfjölmiðils (RÚV) annars vegar og einkarekins fjölmiðils (Stöð 2 - 365 ehf) hins vegar. Ef svo væri, var tilgangur rannsóknarinnar sá, að varpa ljósi á í hverju mismunurinn liggur og einnig að leitast við að útskýra hvers vegna hann sé til staðar. Megindleg rannsókn var gerð á íþróttafréttum sem birtust í sjónvarpi í september og október, árið 2013. Fréttirnar voru flokkaðar eftir íþróttagreinum, hvort að þær væru frá innlendum eða erlendum markaði og hvort að umfjöllunin snérist um íþróttir karla eða kvenna. Þrjár vinsælustu boltaíþróttirnar voru einnig sérstaklega skoðaðar og bornar saman við aðrar íþróttagreinar.

Meginniðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að íþróttafréttir RÚV séu alla jafna fjölbreyttari en hjá Stöð 2.

Knattspyrna, handbolti og körfubolti eru mjög áberandi í sjónvarpsfréttum beggja stöðva og þar er knattspyrnan í ákveðnum sérflokk. Fjölbreytnin er hlutfallslega meiri á RÚV og íþróttafréttir af konum fá sömuleiðis meira vægi. RÚV hefur öðrum skyldum að gegna en einkarekin fjölmiðill og ber að skoða niðurstöðurnar með það í huga.

<http://skemman.is/item/view/1946/17880>

Sameiningaráhrif fjölmiðlahátíða. Athugun á kenningu um „Media events“ – Jónína Sif Eyþórsdóttir (HÍ)

Árið 1992 kom út bók sem ber heitið *Media Events, the live broadcasting of history* eftir Daniel Dayan og Elihu Katz. Bókin fjallar um sérstöðu beinna sjónvarpsútsendinga af ýmsum merkisatburðum, hvort sem um ræðir viðhafnar eða stjórnsýslulegar athafnir.

Í ritgerðinni er skilgreining þess hvað telst sem media

Íslandi. Afar lítið er til af gögnum um hlaðvarp á Íslandi því miðillinn hefur fengið afar litla athygli hér á landi. Því reyndist ómögulegt að svara öllum spurningum sem vöknudu. Rannsóknin leiddi þó í ljós að í það minnsta nokkur hundruð manns, jafnvel fleiri en þúsund, nota hlaðvarpsþjónustu Ríkisútvarpsins á degi hverjum, svo það er ljóst að um mjög lítinn en dyggan notendahóp er að ræða.
<http://skemman.is/item/view/1946/17829>

Glaðasti hundur í heimi? Héraðsfréttamiðlar og varðhundshlutverkið – hugmyndafræði og veruleiki – Björn Þorláksson (HÍ)

Eitt meginhlutverk fjölmiðla er að veita valdi aðhald og spyrja gagnrýnina spurninga. Oft er þetta aðhaldshlutverk kallað varðhundshlutverkið. Fjölmiðlar þykja mikilvægur öryggis-ventill í lýðræðissamfélögum og hefur verið vísað til fjölmiðla sem fjórða valdsins. Aukin krafa um sjálfstæði og aðhald fjölmiðla kom fram á Íslandi í Rannsóknarskýrslu Alþingis á sama tíma og ytri skilyrði til fjölmiðlarekstrar versnuðu eftir efnahagskreppuna árið 2008. Fækkað hefur í stétt blaðamanna og ekki síst í dreifðari byggðum. Tekjuöflun fréttamiðla veltur að mestu á auglýsingum. Áskrifendum hefðbundinna fjölmiðla fækkar, blaðamennska færast í ríkari mæli yfir í netheima þar sem áhersla á að fréttir selji vel hefur farið vaxandi. Í þessari ritgerð verður spurt hvernig héraðsfréttablöð á Íslandi hafi brugðist við opinberu ákalli um mikilvægi sjálfstæðrar og gagnrýnnar fréttamennsku. Niðurstaðan styður við fyrri rannsóknir, að vegna nálægðarvanda og efnahagsskilyrða kjósi blaðamenn í dreifðri byggð enn að leggja mesta áherslu á að binda eigið nærsamfélag saman, það sem kallað er samfélagssmiðshlutverk í ritgerðinni. Lítil áhersla sé á aðhald gegn valdhöfum. Ritstjórar héraðsfréttablaða beiti sjálfritskoðun. Rof hafi orðið á eldveggjum milli ritstjórna og auglýsingadeilda. Lögð sé áhersla á milda fréttastefnu, sem forvirka aðgerð gegn aðkasti sem vekur spurningu um burði héraðsfjölmiðla til að sinna lýðræðislegum skyldum.
<http://skemman.is/item/view/1946/17599>

Hljómfall hins opinbera. Greining á tónlistarspilun útvarpsrásum ríkisins – Davíð Roach Gunnarsson (HÍ)

Tilgangur rannsóknarinnar var að greina tónlistarspilun á útvarpsrásum ríkisins, Rás 1 og Rás 2, með það að markmiði að komast að því hvaða tónlistarstefnur væru þar mest áberandi, hvert væri hlutfall innlendrar og erlendra tónlistar, og hvert kynjahlutfall flytjenda og höfunda tónlistarinnar væri. Farið var yfir lista STEF um spiluð lög frá báðum rásum vikuna 3.-9. febrúar 2014 og lög flokkuð eftir áðurnefndum þáttum. Þá var efnið sett í samhengi við kenningar í fjölmiðlafræði, kenningar um hlutverk tónlistar og almannaútvarps og sögu Ríkisútvarpsins. Helstu niðurstöður eru þær að hlutfall kvenna sem flytjenda og höfunda tónlistar er mjög lágt, í úrtaksvikunni voru meira en 70% flytjenda og yfir 80% höfunda lag-

anna karlar. Þá spilar Rás 2 nánast einungis popptónlist, meðan á Rás 1 var þriðjungur laga af klassískum toga og rúmlega 10% töldust til djasstónlistar. Hlutfall innlendrar og erlendra flytjenda var nokkuð jafnt á báðum rásum en hlutfall erlendra höfunda var eillítið hærra en innlendrar.
<http://skemman.is/item/view/1946/17919>

Fréttir í spjaldtölvum og snjallsímum. Lestrarhneigð lesenda Kjarnans – María Skúladóttir (HÍ)

Kjarninn tók til starfa sumarið 2013 og er fyrsti íslenski fjölmiðillinn sem er sérstaklega hannaður fyrir spjaldtölvur og snjallsíma. Vegna þess að um nýjan miðil er að ræða hér á landi var leitast við að skoða lesendahneigð og mynstur notenda Kjarnans, sem á rannsóknartímabilinu var ein-göngu aðgengilegur á Apple-tækin, iPad og iPhone.

Rannsóknin byggir á megindlegri rannsóknaraðferð þar sem upplýsingar úr gagnagrunni Kjarnans voru uppi-staðan í frekari rýni um notkunarmynstur lesenda.

Niðurstöðurnar sýna að notendur Kjarnans lesa fréttatímaritið aðallega í iPad. Þá lesa iPhone-notendur Kjarnann meira yfir daginn en iPad-notendur frekar síðla dags.

Þegar innlitin voru skoðuð með tilliti til staðsetningar efnis í blaðinu, má sjá að flest innlitin eru á fyrstu síðurnar í blaðinu, en fer fækkandi þegar lengra er haldið. Sama mynstur má sjá þegar tímalengd innlita er skoðuð en fólk virðist verja lengri tíma í fyrstu greinarnar og aðeins skemmri í öftustu. Lengst virðast lesendur dvelja við leið-ara, viðtöl og greinar um fjármál og viðskipti en skemmst við greinar um listir, tísku, afþreyingu, pistla og dómsmál.

Það vekur sérstaka athygli að meirihluti innlita varir undir mínútu, sérstaklega í ljósi þess að langflestar greinar Kjarnans eru 700-2.000 orða langar. Hvort um er að ræða almenna skimun lesenda á textum, eða hvort lesendur hafa tilhneigingu til að staldra stutt við í einu og fara oft inn í blöðin, fáum við ekki svör við í þessari rannsókn en þykir höfundur ekki ólíklegt að um báðar tilhneigingar sé að ræða.
<http://skemman.is/item/view/1946/17854>

Loksins færðu bréf frá mér. Um minningargreinar í Morgunblaðinu – Guðrún Óla Jónsdóttir (HÍ)

Löng hefð er fyrir því að minningargreinar birtist í íslenskum dagblöðum en síðustu ár hefur Morgunblaðið verið leiðandi í birtingu þeirra. Á hverjum útgáfudegi er stór hluti blaðsins lagður undir fjölmargar minningargreinar um látna einstaklinga.

Ritgerð þessi byggist á tvíþættri megindlegri rannsókn. Í fyrri hluta hennar skoðar rannsakandi minningargreinar í Morgunblaðinu, meðal annars fjölda þeirra og fjölda hinna látnu sem skrifað er um, auk höfunda og ritstíls. Í síðari hluta ritgerðarinnar er kannað hvers vegna fólk les minningargreinar og hversu mikilvægt það telur að margar minningargreinar birtist um látinn einstakling.

Niðurstöðurnar sýna fram á að skrifaðar eru minningargreinar um hærra hlutfall látinna en áður, fjöldi minningargreina um hvern látinn einstakling fer vaxandi, skrifað er



um fleiri konur og nánustu ættingjum fjölga í hópi höfunda. Þá sýna niðurstöður að ritháttur minningargreina er orðinn persónulegri en áður.

<http://skemman.is/item/view/1946/17786>

Karlmenska í auglýsingum: „maður hugsar hvað kæmi á undan, ef auglýsingin myndi breytast myndi þá ekki viðhorfið breytast með“ – Jónas Friðrik Halldórsson (HA)

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort munur væri á viðhorfum einstaklinga til staðalmynda í sjónvarpsauglýsingum eftir því hvort þeir hefðu setið kynjafræðiáfangu við Háskólann á Akureyri eða ekki. Auglýsingar snúast um að ná athygli áhorfandans og vegna þess verða þær sífellt grófari. Reynt er að hvetja til ákveðinnar hegðunar sem verður til þess að almenningur fjárfestir í hlutum sem auglýstur er. Karlmenn eru líklegri til að birtast í auglýsingum nema þegar auglýstar eru kven- eða heimilisvörur. Að auki er virkni kvenna mun minni í auglýsingum en virkni karla. Konur eru undirgefnar og treysta á karlinn sem fer með stjórnina. Auglýsingar eru að auki farnar að hvetja til ákveðinnar öfgahegðunar meðal karlmannna. Karlmenn eru hvattir til að keyra hratt, slást og harka af sér sem dæmi. Þessi hegðun er látin líta út sem eðlileg og eftirsóknarverð og karlmenn þannig hvattir til að fylgja hegðunarmynstrinu.

Notast var við eigindlegar rannsóknaraðferðir; tekin voru viðtöl við rýnihópa, stuðst við greiningarlíkan Erving Goffman og hugtök sem tengjast karlmennsku við greiningu á völdum sjónvarpsauglýsingum. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós mun á rýnihópum þar sem einstaklingar sem búnir voru að taka áfanga í kynjafræði voru meðvitaðri um staðalmyndir og kynjaskiptingu í þeim auglýsingum sem til skoðunar voru en þeir þátttakendur sem ekki höfðu grunnþekkingu á kynjafræði.

<http://skemman.is/item/view/1946/18791>

Áhrif fjölmiðla á líðan almennings: skiptir hlutfall jákvæðra og neikvæðra fréttamáli? – Fríða María Reynisdóttir (HA)

Markmið þessarar ritgerðar er að gefa yfirsýn yfir það hvernig fréttaflutningur er byggður upp hjá fréttaveitum og hvaða áhrif fjölmiðlar geta haft á lesendur. Mikið hefur verið í umræðunni, sérstaklega eftir hrun bankanna, að fréttir snúist að mestu leyti um neikvæðar fréttir og jákvæð fréttumfjöllun sé látin sitja á hakanum. Ritgerðin á að gefa yfirsýn yfir það hvernig þessu er háttað í raun og veru. Send var út könnun á háskólanema við Háskólann á Akureyri og kannað hversu mikið þeir fylgjast með fréttum sem og hvaða áhrif fjölmiðlar hafa á þá. Megintilgáta ritgerðarinnar er því sú að fjölmiðlar geta haft áhrif á líðan almennings.

<http://skemman.is/item/view/1946/18788>

Er framtíð sjónvarpsáhorfs á netinu?: kostir og gallar – ferilrannsókn á Jólasveinasjónvarpinu – Stefán Erlingsson (HA)

Þegar sjónvarpið kom til skjalanna bjuggust margir við því að það myndi leiða til endaloka prentmiðlanna. Sömu hugmyndir skutu upp kollinum um sjónvarpið þegar internetið var fundið upp. Sjónvarp og sjónvarpsáhorf er enn í fullu fjöri en núverandi þróun þess og notkun internetsins til sams konar neyslu er áhugavert rannsóknarefni. Þegar streymiveitur á borð við Netflix og Hulu komu til sögunnar ásamt tækjum á borð við snjallsíma og spjaldtölvur varð mögulegt að horfa á nánast hvaða myndefni sem er, hvar og hvenær sem er. Þessi rannsókn beinist að því að skoða þessa þróun, hverjar mögulegar hættur gætu verið fyrir hendi fyrir almenning og lýðræðislega umræðu en einnig þau atvinnutækifæri sem bjóðast bæði einstaklingum og fyrirtækjum með tilkomu nýjunga á netinu.

Rannsóknin byggist að stórum hluta á ferilrannsókn við Jólasveinasjónvarpið, lítið myndbandsframleiðslufyrirtæki sem rekur eiginlega sjónvarpsrás á Youtube og er að fíkra sig áfram við framleiðslu myndbanda til að hafa af þeim auglýsingatekjur á netinu.

Niðurstöður benda til þess að þótt að notkun internetsins hafi aukist umtalsvert síðustu ár hafi það ekki haft mikil áhrif á sjónvarpsáhorf. Hins vegar sé líklegt að eðli sjónvarpsdagskrár muni breytast á komandi árum. Varðandi áhrif internetsins virðist ákveðin neikvæð þróun eiga sér stað á netinu þar sem einstaklingar lokast að hluta til inni í sínum eigin persónulega vef. Það geti svo haft áhrif á umræðu í almannarýminu. Hins vegar sé ljóst að þróun internetsins og notkunar þess sé forsenda fyrir starfsemi eins og Jólasveinasjónvarpið rekur á Youtube, en þeir sem stjórna reikniritum internetsins og aðgangi almennings að því verði að axla ábyrgð og halda netinu hlutlausu og þannig að það hamli ekki umræðu sem nauðsynleg er fyrir lýðræðið.

<http://skemman.is/item/view/1946/18792>

Breytt líkamsmynd karla í fjölmiðlum – Agnar Berg Prastarson (HA)

Hugtakið karlmennska er félags- og menningarlega mótað og breytast því hugmyndir um karlmennsku með hverri nýrri kynslóð. Karlmannslíkamaður er í dag mjög sýnilegur í fjölmiðlum og hefur áhersla á vöðvamikinn líkama aukist á síðustu áratugum. Kúrekkinn var lengi vel tákmynd karlmennskunnar en í upphafi níunda áratugarins tóku hasarhetjurnar við af honum sem áttu það allar sameiginlegt að vera mun vöðvameiri en áður hafði þekkt. Í ritgerðinni verður fjallað um kenningar sem tengjast karlmennskuhugmyndum, líkamsmyndum einstaklinga og hvernig karlmannslíkamaður birtist okkur í fjölmiðlum. Skoðað verður hvaða breytingar hafa orðið á líkama Olfmennisins og Leðurblökumansins í kvikmyndum frá upphafi til dagsins í dag en þeir eiga það sameiginlegt að hafa birts reglulega á hvíta tjaldinu síðan um 1950. Þá verður birtingarmynd

James Bond skoðuð út frá karlmennskuhugmyndum og kortlagt hvernig hegðun hans og líkami breytist í takt við ríkjandi karlmennskuhugmyndir.

<http://skemman.is/item/view/1946/18785>

Sjónvarp, óháð tíma eða rúmi: hvernig hefur dagskrárgerð í sjónvarpi og sjónvarpsnotkun áhorfandans breyst með tilkomu nýrrar tækni? – Ester Ósk Árnadóttir (HA)

Tilgangur þessa verkefnis er að kanna hvort efnisveitur (e. streaming service) hafi áhrif á dagskrárgerð í íslensku sjónvarpi í dag. Til að athuga hvort efnisveitur hafi áhrif voru stöðvarnar RÚV og Stöð 2 skoðaðar, vegna þess að þær eru tvær stæðstu stöðvarnar hér á landi. Skoðað var hvort efnisveitur hafi haft einhver áhrif á stöðvarnar hingað til og hvort dagskráin hafi breyst með tilkomu breyttrar áherslu í neyslumynstri áhorfandans. Leitað var til beggja stöðva til að fá þeirra álit á því hvort og hvaða áhrif efnisveitur kunnir að hafa á dagskrárgerð í íslensku sjónvarpi.


Við framkvæmd þessa verkefnis var rætt við auglýsingastjóra og dagskrárstjóra hjá RÚV sem og dagskrárstjóra Stöðvar 2 og forstjóra 365 miðla. Notast var við hugmyndafræði Jeremy Tunstall og Donald Sassoon. Einnig voru kenningarnar um dagskrárgerðaráhrif og notagildiskenninguna notaðar. Lesandinn er einnig fræddur um hvað efnisveitur eru.

Niðurstöður verkefnisins eru að bæði Stöð 2 og RÚV hafa gert ákveðnar ráðstafanir við þeim efnisveitum sem hafa komið hingað til lands og Íslendingar eru að nota. Þetta hefur áhrif á dagskrárgerð hjá báðum stöðvum en hvorug stöðin telur að þetta sé farið að hafa áhrif á tekjur. Ætla má að báðar stöðvar þurfi að halda vel á spöðunum og vera opnari fyrir nýjungum og breytingum. Enda eru efnisveitur komnar til að vera og munu að öllum líkindum hafa meiri áhrif á fjölmiðlamarkaðinn á Íslandi í framtíðinni.

<http://skemman.is/item/view/1946/18787>

Kosningabaráttan Pírata 2013: hvaða leiðir fóru Píratar til að ná 5,1% atkvæða á landsvísu í alþingiskosningunum 2013? – Jóhann Skúli Björnsson (HA)

Tilgangur þessa verkefnis er að reyna kortleggja kosningabaráttu Pírata fyrir alþingiskosningarnar 2013 og sjá hvaða leiðir Píratar fóru til að ná nógu miklu fylgi til að komast á Alþingi. Hér er kannað hvernig Píratar skipulögðu framboð sitt og þá sérstaklega í boðmiðlum flokksins þar sem skoðaðar eru aðferðir þeirra og áherslur í boðmiðlunni. Gerð var viðtalsrannsókn og tekin ítarleg viðtöl við þrjá forystumenn í flokki Pírata. Viðtölin voru hljóðrituð, skráð og síðan þemagreind. Viðtölin ásamt ýmsum opinberum heimildum eru meginheimildir rannsóknarinnar. Ásamt því er sambandi stjórn mála og fjölmiðla gerð skil þar sem kenningar, reglur og fyrri rannsóknir sem tengjast umfjöllunarefninu eru skoðaðar. Niðurstöður rannsóknarinnar voru á þá leið að lítið skipulag var á kosningabaráttu Pírata



og fór boðmiðlun flokksins að mestu leyti fram á Facebook. Áherslurnar í boðmiðluninni var stefna flokksins sem var að mestu leyti um málefni tengd Internetinu, verndun þess og notkun til að efla samfélagið.

<http://skemman.is/item/view/1946/18790>

Áhrif fjölmiðla á líkamsmynd stúlkna – Helga Rún Árnadóttir (HA)

Könnuð voru tengsl innfæringar á líkamsmynd stúlkna. Megintilgáta var sú að ef stúlkur tileinka sér óraunhæfa staðla frá fjölmiðlum með innfæringu muni það valda líkamskvíða.

Þátttakendur voru 122 á aldrinum 18-24 ára. Þátttakendurnir svöruðu könnun sem var á netinu í gegnum hinn vinsæla kannanahugbúnað SurveyMonkey. Tveir staðlaðir listar voru notaðir, SATAQ sem mælir innfæringu og PASTAS sem mælir líkamstengdan kvíða á þeirri stundu sem listinn er lagður fyrir. Niðurstöður leiddu í ljós að jákvæð tengsl voru á milli innfæringar og líkamskvíða. En ekki var þó hægt að segja að um orsakasamband var að ræða en þó hafði innfæring áhrif. Stúlkur upplifa líkamskvíða sérstaklega varðandi þyngd sína og hafa brenglaða mynd af líkama sínum.

<http://skemman.is/item/view/1946/18801>

Umfjöllun fjölmiðla um málefni tengd næringu – Metta Magnúsdóttir (HR)

Fjölmiðlar gegna veigamiklu hlutverki í nútímasamfélagi. Hlutverk þeirra felst hvort tveggja í eftirlits- og aðhaldshlutverki og miðlun upplýsinga og þekkingar. Fjölmiðlar hafa jákvæð og neikvæð áhrif sem og meðvitund og ómeðvitund áhrif. Þeir hafa áhrif á einstaklinginn og samfélagið í heild sinni. Með umfjöllun sinni geta fjölmiðlar bæði stuðlað að ákveðinni hegðunarbreytingu og dregið úr eða aukið ákveðna hegðun. Á það bæði við um slíka hegðunarbreytingu hjá einstaklingum og samfélagshópum. Mikil umfjöllun fjölmiðla um ákveðið málefni getur skapað umræður sem geta leitt til þess að reglur verði settar eða breytingar verði gerðar á fyrri reglum. Þó fjölmiðlar geti miðlað þekkingu er ekki þar með sagt að þær upplýsingar sem birtast í fjölmiðlum séu alltaf réttar. Þeir sem vinna við fjölmiðla glíma oft við tímaskort og takmarkað fjármagn sem getur komið niður á umfjöllun þeirra. Þegar mismunandi upplýsingar koma fram í fjölmiðlum getur almenningur misst trú á þeim upplýsingum sem fjölmiðlar koma fram með. Niðurstöður rannsóknar gefa til kynna að fjölmiðlar séu vannýttur vettvangur fyrir næringarfræðilega umfjöllun og að marktækur munur sé eftir kynjum þar sem konur væru líklegri til að auka slíka umfjöllun fjölmiðla fremur en karlar.

<http://skemman.is/item/view/1946/19336>



Munið Styrktarsjóð BÍ

Styrktarsjóður var settur á laggirnar í kjölfar kjarasamninga Bláðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins snemma árs 2001. Reglugerð um starfsemi sjóðsins var samþykkt á aðalfundi félagsins þá um vorið og hafa starfsreglur á grundvelli reglugerðarinnar verið í mótun síðan þá, en með vexti sjóðsins hefur fjölgað þeim málefnum sem sjóðurinn hefur getað látið sig varða. Allir fullgildir félagsmenn í BÍ, sem greitt hafa í sjóðinn í sex mánuði, eiga aðild að sjóðnum. Eftirfarandi reglur gilda frá 1. janúar 2014:

Laun í veikindum:

Styrktarsjóður tryggir full laun allt að 400 þúsund kr. á mánuði í eitt ár eftir að veikindi hefjast að frádregnum veikindarétti samkvæmt kjarasamningum.

Fæðingarstyrkir og ættleiðing:

Veittir eru styrkir vegna fæðingar barns. Styrkirnir taka mið af lengd fæðingarorlofs og eru að lágmarki 105 þúsund kr. og að hámarki 210 þúsund kr. Viðbótarstyrkur er veittur vegna útgjalda við ættleiðingu barns.

Krabbameinsskoðun:

Krabbameinsskoðanir eru greiddar að fullu.

Hjartaskoðun:

Eftirlit vegna hjartasjúkdóma er greitt að fullu.

Lækniskostnaður:

Greiddur er árlegur almennur lækniskostnaður vegna sjóðfélaga umfram 12 þúsund kr. á ári að 32.300 kr., en þá stofnast réttur til útgáfu afsláttarskírteinis frá Sjúkratryggingum ríkisins.

Sjúkraþjálfun og -nudd:

Sjóðurinn greiðir helming kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar og sjúkranudds að hámarki 40 þúsund kr. á ári.

Útfararstyrkir:

Sjóðurinn greiðir útfararstyrki vegna andláts félagsmanna. Styrkurinn er 400 þús. kr.

Endurhæfing:

Greiddur er helmingur kostnaðar vegna endurhæfingar hjá H-L stöðinni.

Tæknifrjóvganir:

Greidd eru 50% kostnaðar vegna tæknifrjóvgana samkvæmt gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins.

Lasermeðferð á augum:

Greiddur er 75 þús. kr. styrkur vegna aðgerðar á hvoru auga.

Sálfræðikostnaður:

Greitt er allt að 75 þús. á ári samkvæmt nánari reglum. Skilyrði að meðferðin sé að læknisráði og þarf að framvísa beiðni frá trúnaðar- eða heimilislækni um að viðkomandi hafi þurft á meðferðinni að halda. Greitt fyrir 15 skipti á hverjum tólf mánuðum að hámarki 5.000 kr. fyrir hvert skipti.

Heilsuhæli:

Greitt er vegna dvalar á viðurkenndum heilsuhælum innlands allt að helmingur kostnaðar þó ekki meira en 100 þús. kr. á hverjum tólf mánuðum.

Gleraugu og heyrnartæki:

Tekið er þátt í kostnaði vegna kaupa á gleraugum og heyrnartækjum sem nemur helmingi kostnaðar samkvæmt framlögðu frumriti reiknings allt að kr. 50 þúsund á 24 mánaða fresti.

Göngumæling/innlegg:

Greidd eru 75% kostnaðar, þó að hámarki 20 þús. kr. vegna göngumælingar og innleggja samkvæmt læknisráði. Sambærileg endurgreiðsla vegna annarra minniháttar hjálpartækja.

Tannlæknakostnaður:

Greiddur er helmingur kostnaðar umfram 50 þúsund kr. að 300 þúsund kr. vegna tannlæknakostnaðar af heilsufarsástæðum. Styrkur getur þó aldrei orðið hærri en 125 þúsund kr.

Mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu:

Ef um mikil útgjöld er að ræða vegna heilbrigðisþjónustu, sem ekki fellur undir neinn lið hér að ofan, er hægt að sækja sérstaklega um styrk vegna þess til stjórnar sjóðsins. Umsókn skal studd gögnum og reikningum vegna útlagðs kostnaðar.

Heilsuefling:

Veittur er styrkur vegna heilsueflingar sem getur numið allt að helmingi kostnaðar, þó ekki hærri en sem nemur 20 þús. kr. á hverju almanaksári gegn framvísun frumrits reiknings.

Almennt gildir að forsenda endurgreiðslu er framvísun frumrits fullgildra greiðslukvittana vegna útlagðs kostnaðar. Hvað almennan lækniskostnað varðar nægir ljósrit af útgefnu afsláttarskírteini sem staðfesting á því að kostnaður hafi náð 28 þúsund kr. Annars þarf að framvísa greiðslukvittunum. Um greiðslu fæðingarstyrkja gildir að leggja þarf fram gögn frá fæðingarorlofsjóði Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslur frá sjóðnum í fæðingarorlofi.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Bláðamannafélagsins, www.press.is